


**JÓN BALDUR ÞORBJÖRNSSON**

*Hefur 25 ára reynslu af leiðsögumannastörfum*

• ferðir • heimili

**ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS**

**JÓN GUNNAR GEIRDAL**

*Unnið að komu Stieg Larsson*

Karlar sem hata konur til Íslands

**FÓLK 26**



**VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR**

*Klippir næstu mynd Thomasar Vinterberg*

Endurnýjar kynnin við leikstjóra Veislunnar

**FÓLK 26**




# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. mars 2009 — 67. tölublað — 9. árgangur | **MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI** | Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR



**Fjölmenningarlegir viðburðir**

Evrópuvika gegn kynþáttamisrétti stendur nú yfir.

**TÍMAMÓT 14**

**Fáklæddir á skautum**

Íshokkíleikmenn Skautafélags Reykjavíkur fækka fötum í nýju dagatali.

**FÓLK 20**



**Bóla, krass, bóla, krass**

Lífið er bóla, las Einar Már Jónsson haft eftir skáldmæltum miðlara. Nú eru menn þegar farnir að undirbúa næstu fjármálabólu – og næsta hrun.

**Í DAG 12**

**Keflavík og KR áfram**



Keflavík og KR tryggðu sér í gær sæti í undanúrslitum úrslitakeppninnar í körfuboltanum.

**ÍÞRÓTTIR 22**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**HLÝTT** Í dag verður víðast hæg suðlæg átt. Rigning eða skúrir sunnan og vestan til fyrir hádegi en víðast úrkomulítið eftir hádegi. Bjart með köflum norðaustan og austan til. Hiti 5-10 stig.

**VEÐUR 4**

# Afskriftir kosta 800 milljarða

**Miðað við greiningu Seðlabankans á skuldastöðu heimila myndi kosta um 300 milljarða að lækka húsnæðisskuldir um tuttugu prósent. Þar af kostar niðurfelling lána Íbúðalánasjóðs og lífeyrissjóða 140 milljarða.**

**EFNAHAGSMÁL** Tuttugu prósenta afskrift af skuldum heimila og fyrirtækja myndi kosta um 800 milljarða samkvæmt útreikningum Fréttablaðsins. Gera má ráð fyrir að húsnæðisskuldir rúmlega 78 þúsund heimila nemi um 1.300 milljörðum og er þá miðað við upplýsingar um dreifingu húsnæðisskulda, sem Seðlabankinn hefur birt. Þar af er innan við helmingur, eða um 600 milljarðar vegna húsnæðislána heimila í þröngri eiginfjárstöðu, það er heimila sem eiga lítið eða neikvætt eigið fé í heimilum sínum. Eiginfjárstaðan segir þó ekkert til um greiðslugetu heimilanna.

Auk þessa eru sjóðslán lífeyrissjóðanna 165 milljarðar. 20 prósent afskriftir af húsnæðisskuldum einvörðungu myndu því kosta um 300 milljarða króna.

Skuldir fyrirtækja í nýju bönkunum eru um 2.500 milljarðar og sama afskrift þeirra skulda myndi kosta um 500 milljarða. Um 3.000 milljarðar af fyrirtækjaskuldum urðu eftir í gömlu bönkunum.

Einungis hluti húsnæðisskulda liggur hjá bönkunum þremur. Auk 165 milljarða hjá lífeyrissjóðum eru útlán Íbúðalánasjóðs að minnsta kosti um 550 milljarðar. Niðurfelling lána hjá Íbúðalánasjóði og lífeyrissjóðunum myndi því kosta um 140 milljarða. Þá á eftir að taka tillit til lána sparisjóðanna. Hlutur bankanna þriggja í fasteignalánum er innan við helmingur húsnæðislána og færi því meirihluti niðurgreiðslunnar í að greiða niður lán annars staðar en hjá bönkunum.

Tryggvi Þór Herbertsson og Framsóknarflokkurinn sem hafa kynnt hugmyndir um 20 prósenta niðurfellingu skulda heimila og fyrirtækja, hafa haldið því fram að nýju bankarnir hafi keypt lánasafn gömlu bankanna með 50 prósenta afslætti og því sé rúm til að lækka skuldir. Samkvæmt upplýsingum frá bönkunum er ekki búið að selja lánasöfnin heldur er verið að meta virði þeirra. Um allar afskriftir þarf að semja við kröfuhafa og ekki er talið líklegt að kröfuhafar samþykki afskriftir á lánum sem annars myndu innheimtast. Kostnaðurinn myndi því líklega falla á ríkissjóð.

Allmargir hagfræðingar sem Fréttablaðið ræddi við í gær, fyrir utan Tryggva Þór, sögðu hugmyndina slæma, þar sem hún yrði ríkissjóði dýr án þess að aðstoða þá sem mest þyrftu á hjálp að halda.

**- ss**




**MÓTMÆLASKJAL AFHENT** Indefence-hópurinn afhenti mótmælaskjal við breska þinghúsið í gær sem innihélt 83.300 nöfn Íslendinga sem mótmæla því að hafa verið skilgreindir sem hryðjuverkamenn. Á myndinni má meðal annars sjá Sigmund Davíð Gunnlaugsson, formann Framsóknarflokksins, og Orra Pál Dýrason, trommara Sigur Rósar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Jóhanna Guðrún:

## Á námskeið um bankahrunið

**FÓLK** Jóhanna Guðrún, fulltrúi Íslands í Eurovision, fer á námskeið um íslenska efnahagshrunið. Þar verður hún frædd um allt sem snýr að efnahagshruninu og undirbúin undir erfiðar spurningar frá evrópskum blaðamönnum. Að sögn umboðsmanns hennar og talsmanns Eurovisionhópsins, Maríu Bjarkar Sverrisdóttur, verður námskeiðið ekki skoðanamyndandi heldur á það að gera henni kleift að koma vel fram fyrir hönd þjóðarinnar. „Íslendingar eru ekki vinsælasta þjóð í heimi um þessar mundir og Jóhanna mun eflaust þurfa að svara erfiðum spurningum á blaðamannafundum í Moskvu,“ segir María Björk.



JÓHANNA GUÐRÚN

María segir hins vegar ekki ákveðið hver muni sjá um námskeiðið fyrir Jóhönnu en það ætti að liggja fyrir á næstunni.

**- fgg/sjá síðu 26**

Lækkun vaxta sögð forsenda aðgerða til aðstoðar heimilum í greiðsluvanda:

## Stýrivextir lækki í 14 prósent

**VIÐSKIPTI** „Ég sé engin rök fyrir því að halda vöxtum háum. Miðað við allan þann samdrátt sem væntanlegur er í kerfinu þarf að lækka stýrivexti strax,“ segir Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Nýja Kaupþings. Stýrivaxtalækkun sé forsenda þess að hægt sé að ráðast í aðgerðir til aðstoðar heimilum og fyrirtækjum í fjárhagsvandræðum.

Hér þarf á næstu vikum að lækka stýrivexti um allt að 400 punkta, eða 4,0 prósentustig, að mati skuggabankastjórnar Markaðarins. Í henni á Ásgeir sæti ásamt Eddu Rós Karlsdóttur, hagfræðingi í Nýja Landsbankanum, Þórði Friðjónssyni, forstjóra Kauphallarinnar, og Ólafi Ísleifssyni, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík.

Seðlabanki Íslands kynnir ákvörðun sína um stýrivexti á morgun, fimmtudag. Er það fyrsta stýrivaxtaákvörðun bankans eftir að ný lög um hann tóku gildi og breytingar voru gerðar á yfirstjórn hans og vinnulagi við vaxtaákvörðunina.

**- óká / sjá Markaðinn**










## SPURNING DAGSINS



*Vilhjálmur, eru menn bara grand á því?*

„Já, hver vill vera grandalaus?“

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, skorar á stjórn HB Granda að láta launahækkanir standa en þeim var frestað fram í júní og þykir Vilhjálmi það óskiljanlegt í ljósi þess að eigendur fá nú 150 milljóna króna arðgreiðslur.

Meint fórnarlömb leka á gögnum úr Kaupþingi staðfesta ekki sögu bankastjóra:

# Á ekki við um mig segir Þorgerður

**VIÐSKIPTI** Þrír einstaklingar sem Sigurður Einarsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings, nefndi í Fréttablaðinu í gær vegna leka á trúnaðargögnum úr Kaupþingi, vilja ekki kannast við að vera fórnarlömb slíks trúnaðarbrests.

„Þetta er að minnsta kosti ekki rétt gagnvart mér,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, alþingismaður og varaformaður Sjálfstæðisflokksins. Upplýsingar um fjárfestingarfélag Kristjáns Arasonar, eiginmanns Þorgerðar, hafa orðið umfjöllunarefni fjölmiðla. Kristján var einn framkvæmdastjóra hjá Kaupþingi og einn þeirra starfsmanna sem tók lán í Kaupþingi til kaupa á hlutabréfum í bankanum sjálfum.



ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR



LÚÐVÍK BERGVINSSON



BJÖRN INGI HRAFNSSON

Björn Ingi Hrafnsson, ritstjóri vefritsins Pressunnar og fyrrverandi ritstjóri Markaðarins á Fréttablaðinu, segist ekkert vilja tjá sig um fullyrðingar Sigurðar. Fjallað hefur verið í fjölmiðlum um málefni Caramba sem er fjárfestingarfélag Björns Inga og eiginkonu hans. Félagið átti hlutabréf í Existu, aðaleiganda Kaupþings.

Einnig hefur verið rætt um fjárhag Lúðvíks Bergvinssonar, formanns þingflokks Samfylkingarinnar. „Ég hef aldrei átt viðskipti við Kaupþing. Umræða af þessum toga hlýtur að undirstrika að rannsókn á þessu bankahruni verði hraðað,“ segir Lúðvík. **- gar**

300 lítrar af gambra fundust:

## Tveir bruggarar teknir höndum

**LÖGREGLUMÁL Lögregla handtók í gær tvo karlmenn sem staðnir voru að bruggi í iðnaðarhúsnæði við Stórhöfða. Ölgerðinni var lokað síðdegis og hald lagt á um 300 lítra af gambra auk eimingartækja og annarra tóla til ölgerðar sem í húsinu fundust.**

**Mennirnir sem handteknir voru hafa komið við sögu lögreglu áður. Þeir voru yfirheyrðir undir kvöld og játuðu báðir sök. Þeim var sleppt að því loknu og telst málið upplýst að sögn varðstjóra.**

**Gambri er gulleitt heimabrugg með allt að fimmtán prósenta áfengisinnihaldi. - sh**

FME valdi dýra leið:

## Mælt með leit að undanskotum

**VIÐSKIPTI** Bandaríski bankinn JP Morgan og Seðlabankinn lögðu til að innlán yrðu færð úr gömlu bönkunum yfir í nýja eftir bankahrunið í fyrrahaust.

Sú leið var ekki valin. Viðmælendur Markaðarins telja Fjármálaeftirlitið, sem stóð frammi fyrir mörgum kostum, hafa valið dýra og erfiða leið við endurreisn bankanna.

Nýleg viðbót við tillögurnar mæla með því að ráðgjafarfyrirtæki verði ráðið sem hafi víðtæka reynslu af því að finna eignir sem einræðisherrar hafa stungið undan. Kroll Associates er nefnt sem dæmi en fyrirtækið hafði upp á földum eigum Saddam Husseins eftir að honum var steypt af valdastóli. **- jab / Sjá Markaðinn**

Þota Iceland Express:

## Lenti sökum sprungu í rúðu

**SAMGÖNGUMÁL Sprunga kom í rúðu flugstjórnarklefa Boeing 737-700 þotu Iceland Express í gær og ákvað flugstjóri vélarinnar að lenda á Gatwick-flugvelli í London í öryggisskyni. Vélin var á leið til Tenerife með Íslendinga í vetrarfrí. Þeir voru komnir á áfangastað í gærkvöldi en seinkunin var fjórir og hálfur tími.**

**Andrés Jónsson, upplýsingafulltrúi IE, segir að engin hætta hafi verið á ferð en ákvörðun hafi verið tekin um að lenda í London og skipta um vél. Alls voru 140 farþegar um borð. - shá**

**STJÓRNMÁL**

### Jóhanna svarar í vikunni

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagðist á blaðamannafundi í gær gefa svar um formannsframboð í Samfylkingunni síðar í vikunni.

# Sami maður stýrði öllum sjóðunum

**Lífeyrissjóðirnir fimm sem sérstakur saksóknari hefur tekið til rannsóknar lutu allir stjórn sama manns í Landsbankanum. Hann lét af störfum á föstudaginn síðasta en þvertekur fyrir að brotthvarf sitt úr bankanum tengist rannsókninni.**

**VIÐSKIPTI** Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari um bankahrunið, hefur tekið til rannsóknar starfsemi fimm lífeyrissjóða sem allir hafa verið í umsjá Landsbankans. Grunur leikur á um að stjórnendur þeirra hafi á fyrri hluta árs 2008 fjárfest umfram heimildir í tilteknum félögum.

Sjóðirnir sem um ræðir eru Íslenski lífeyrissjóðurinn, Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands, Eftirlaunasjóður FÍA, Kjölur lífeyrissjóður og Lífeyrissjóður Eimskipafélags Íslands, sem hefur runnið inn í Kjöl.

Fjármálaeftirlitið vísaði málinu til sérstaks saksóknara eftir að hafa haft það til skoðunar í talsverðan tíma, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Ólafur Þór segir að rannsókninni beinist að „framkvæmdastjórum og stjórnum sjóðanna“.

Lög kveða á um að lífeyrissjóðir megi ekki fjárfesta um of í sama fyrirtækinu til að ekki myndist of mikil áhætta. Grunur er um að þessi lög hafi verið brotin. Í fréttum Stöðvar 2 í gær sagði að umframfjárfestingarnar næmu hundruðum milljóna. Meðal annars er talið að töluvert hafi verið fjárfest umfram heimildir í félögum tengdum Landsbankanum og eigendum bankans.

Framkvæmdastjórum og stjórnum sjóðanna hefur nú verið vikið frá og tilsjónarmenn skipaðir til að stýra þeim.

Sami maður, Davíð Harðarson, var framkvæmdastjóri allra fimm sjóðanna bróðurpart síðasta árs, sem rannsóknin nær til. Davíð hætti störfum í Landsbankanum á föstudaginn var. Hann þvertekur fyrir að brotthvarf hans úr bankanum tengist rannsókninni.



**LANDSBANKINN** Daníel Harðarson stýrði öllum sjóðunum sem nú eru til rannsóknar en telur sig ekki hafa gert neitt rangt. Tilviljun sé að hann hafi hætt í bankanum örfáum dögum áður en opinber rannsókn hófst á störfum hans. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



ÓLAFUR ÞÓR HAUKSSON

„Þetta lítur klárlega út eins og ég sé að hætta út af því en ég vissi hins vegar ekki af rannsókninni fyrr en í fjölmiðlum í dag,“ segir Davíð. Honum hafi ekki verið sagt upp störfum heldur hætt sjálfviljugur. Hann segist ekki vita nákvæmlega um hvað rannsóknin snýst en segist ekki telja sig hafa gert nokkuð rangt við stjórn sjóðanna.

Ólafur Þór segir of snemmt að fullyrða um hvort sjóðfélagar hafi orðið fyrir tjóni vegna hinna meintu brota eða hvort eitthvað þessu líkt eigi mögulega við um aðra lífeyrissjóði eða innan annarra banka.

Viðurlög við brotum gegn lögum um lífeyrissjóði geta numið sektum eða fangelsi allt að einu ári.

**stigur@frettabladid.is**



**NÝR ÍSLENDINGUR** Árgangurinn 2008 er sá þriðji stærsti sem skrár eru til um.

Sprenging í fæðingum 2008:

## Sjaldan fæðst fleiri börn

**FÓLK** Alls fæddust 4.835 börn hérlendis í fyrra, 2.470 drengir og 2.365 stúlkur, samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Það eru 275 fleiri börn en ári áður, en þá fæddust hér 4.560 börn. Aðeins tvisvar í sögu Íslands hafa fleiri lifandi fædd börn komið í heiminn á einu ári, árin 1960 og 1959. Árið 1960 fæddust 4.916 börn og árið 1959 fæddust 4.837.

Margir af fjölmennustu fæðingarárgöngum Íslands eru frá árunum 1957 til 1966. Fyrir utan það tímabil eru það bara árin 2008 og 1990 sem eru í hópi tíu fjölmennustu fæðingarárganga Íslands, en árið 1990 fæddust 4.768 börn. **- shá**

**VIÐSKIPTI**

### Yfirtekur 33,4% í Sjóvá

Straumur-Burðarás fjárfestingarbanki hf. gekk í gær að 33,4 prósent hlut í tryggingafélaginu Sjóvá-Almennum tryggingum sem veðsettur var félaginu. Daglegur rekstur félagsins mun ekki verða fyrir áhrifum vegna þessa, segir í tilkynningu.

**SKÓLAR**

### Nestismjólk ókeypis

Hreppsnefnd Hrunamannahrepps hefur samþykkt að svokölluð „nestismjólk“ verði ókeypis til loka skólaársins í grunnskólanum. „Mjólkurbúið hefur komið upp sérstökum „maskínum“ í skólunum til þess að hvetja til mjólkurdrykkju og er það vel,“ segir í fréttabréfi hreppsins.






Kaffihús sem bauð heimilislausum súpu fær hana ekki lengur:

# Súpulaust hjá heimilislausum

**SAMFÉLAGSMÁL** Kaffihúsið Kaffirót hefur allt frá opnun, sem var í janúar í fyrra, veitt heimilislausum súpu á virkum dögum en nú hefur hún ekki fengist í þrjár vikur.

Kaffihúsið fékk súpuna gefins frá matstofu sem nú hefur verið lokað. „Við höfum því bara boðið upp á brauð með smjöri og síðan kaffisopa,“ segir Stefán Björnsson sem er annar þeirra sem rekur kaffihúsið. „Það er reyndar ekki nógu gott því brauðið fer ekkert of vel ofan í þá sem ekki hafa fengið neitt í langan tíma. Súpan er því alveg tilvalin þar sem hún yljar mönnum líka svo nú leita ég að einhverjum sem getur hlaupið í skarðið með súpu á liðið.“ En er þetta þá til marks um erfiðari tíma fyrir heimilislausa? „Þessi hópur er þannig að hann finnur hvorki fyrir góðærinu né kreppunni,“ segir Stefán. „Nú þegar kreppir að veitir fólk náunganum og þörfum hans meiri athygli en í góðærinu má enginn vera að því að rétta hjálparhönd.“ En þeir sem þiggja súpuna hafa einnig rétt veitingamönnunum hjálparhönd því nokkrir þeirra aðstoðuðu við innréttinguna á sínum tíma. Reykjavíkurborg styrkir einnig þetta framtak kaffihússins með því að rukka það ekki um húsaleigu. **- jse**



**SITUR Í SÚPUNNI** Það er þurr botninn á súpuskálinni. Stefán og kollegar hans á Kaffirót hafa ekki getað boðið heimilislausum súpu í þrjár vikur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




## Í DAG ER

# OFURDAGUR

## BENSÍNORKUNNAR

# -5 kr.

**af eldsneytislítranum á öllum stöðvum fyrir handhafa Orkulykla**

**Fáðu þér lykil að sparnaði**

**Alltaf 2 kr. afsláttur**

Pantaðu nýja Orkulykilinn á **www.orkan.is** eða í síma **533 5123** og við sendum þér lykilinn þér að kostnaðarlausu. Við fyrstu notkun og á Ofurdögum Bensínorkunnar færðu **5 króna afslátt** af eldsneytislítranum en annars færðu alltaf **2 króna afslátt**.

Sæktu um Orkulykil á **www.orkan.is**

ORKAN BENSÍN

**Ódýrara eldsneyti**

## GENGIÐ 17.03.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 114,77 | 115,31 |
| Sterlingspund | 161,71 | 162,49 |
| Evra | 149,28 | 150,12 |
| Dönsk króna | 20,022 | 20,140 |
| Norsk króna | 16,90 | 17,00 |
| Sænsk króna | 13,589 | 13,669 |
| Japanskt jen | 1,1628 | 1,1696 |
| SDR | 169,67 | 170,69 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
182,9372

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra um tillögu stjórnar HB Granda:

# Tillaga HB Granda um arðgreiðslu siðlaus

**VINNUMARKAÐUR** Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra segir að tillaga stjórnar HB Granda um að greiða út arð sé siðlaus. „Það er siðlaus ákvörðun í svona árferði eins og við erum í að skammta sjálfum sér arðgreiðslur á sama tíma og launafólk er látið skera niður,“ segir hún.

Forsætisráðherra segir að ríkisstjórnin hafi enga sérstaka aðkomu að málinu aðra en þá að þetta veki furðu og sé siðlaust með öllu.

Forystumenn verkalýðshreyfingarinnar hafa sagt arðgreiðslurnar hleypa frestun á endurskoðun kjarasamninga fram í júní í uppnám en forystumenn Starfsgreinasambandsins og Samtaka atvinnulífsins komust að samkomulagi um frestunina nýlega.

Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, segir að „mikil undiralda“ sé í samfélaginu út af þessu máli.



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR



VILHJÁLMUR BIRGISSON

Miðstjórnarfundur verður hjá ASÍ í dag og segist Vilhjálmur búast við að arðgreiðslur HB Granda verði þar til umræðu.

„Ég vil láta kanna lagalegar forsendur fyrir því hvort hægt sé að rifta samkomulagi um frestun á endurskoðun kjarasamninga. Það er ekki hægt að eigendur fyrirtækja greiði út arð á sama tíma og launafólk er látið fresta kjarasamningum,“ segir hann og bendir á að landsbyggðarfélögin sex sem hafi verið á móti frestun kjarasamninga hafi bent á að sum fyrirtæki gætu staðið við samningana. Það hafi nú komið í ljós.

„Við megum þakka fyrir að búið er að afnema búsáhaldabyltinguna og skila búsáhöldunum í Þjóðminjasafnið. Ég held að hver Íslendingur sjái að arðgreiðsla er vægast sagt óheppileg.“ - ghs



**VIÐ TRAÐARLAND** Flest hús eru rýmd við götuna Traðarland í Bolungarvík. MYND/BIRGIR

Hús rýmd í Bolungarvík:

## Hláka veldur snjóflóðahættu

**VEÐUR Fimm hús voru rýmd í Bolungarvík um hádegi í gær vegna snjóflóðahættu. Veðurstofan lýsti yfir hættustigi undir fjallinu Traðarhyrnu í samráði við lögreglustjórann á Vestfjörðum. Rýming húsa í gær var við Ljósaland 2, Traðarland 18, 21, 22 og Tröð. Húsin eru fyrir neðan Traðargil þar sem er verið að setja upp snjóflóðavarnargarð, sem ekki er tilbúinn.**

**Ástæða rýmingarinnar er vegna skyndilegra hlýinda. Þetta er í fjórða sinn á stuttum tíma sem íbúarnir þurfa að flýja hús sín.** - shá

### HEILBRIGÐISMÁL

### Klamydía algeng á Íslandi

Samtals greindust 1.834 klamydíutilfelli á árinu 2008 og er það svipaður fjöldi og síðastliðin ár. Sýkingin var algengust meðal fólks á aldrinum 15–29 ára og greindist oftar hjá konum en körlum. Árið 2008 greindust hlutfallslega flest tilfelli á Íslandi samanborið við aðrar Evrópuþjóðir.

### 26 með lekanda

Alls greindust 26 einstaklingar með lekanda á árinu 2008 samkvæmt jákvæðum ræktunum á sýkladeild Landspítalans. Þar af voru 12 konur og 14 karlar, á aldrinum 19 til 63 ára. Árið 2005 fór að bera á fjölgun lekandatilfella. Það ár greindust 19 einstaklingar með lekanda en flest hafa tilfellin orðið 31, árið 2006.

# Nektardans og vændi bannað fyrir kjördag

**Stefnt er að því að gera kaup á vændi refsiverð og leggja blátt bann við öllum nektardansi fyrir komandi kosningar. Félagsmálaráðherra kynnti í gær aðgerðaáætlun gegn mansali. „Mikill og táknrænn sigur“ segir talskona Stígamóta.**

**FÉLAGSMÁL** Kaup á vændi verða gerð refsiverð fyrir komandi kosningar, að sögn félagsmálaráðherra. Það sama gildir um nektardans, sem til stendur að banna með öllu. Þetta er meðal þess sem fram kemur í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar gegn mansali sem samþykkt var á ríkisstjórnarfundi í gær.

„Mansal er eitt viðurstyggilegasta form alþjóðlegrar og skipulagðrar glæpastarfsemi sem um getur í heiminum í dag og ábati glæpamanna jafnast aðeins á við gróðann af fíkniefnasölu og ólöglegri vopnasölu,“ sagði Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir félagsmálaráðherra við kynningu áætlunarinnar í gær.

Með lagabreytingu árið 2007 var vændi gert löglegt svo fremi sem þriðji aðili hagnist ekki á því. Atli Gíslason talaði síðan fyrir frumvarpi um bann við kaupum á vændi á þingi í gær. Að því standa nokkrir stjórnarþingmenn auk kvenna úr Framsóknarflokki.

„Í þessu máli má segja að fullnaðarsigur hafi áunnist í áralangri baráttu fjölda kvennasamtaka og annarra félagasamtaka – og ekki síst þingmanna, sem hafa oft lagt fram á Alþingi frumvörp í þessu skyni. Ég er ein þeirra og þess vegna er dagurinn í dag mér sérstakur gleðidagur,“ sagði Ásta Ragnheiður þegar hún ræddi um þá ákvörðun að fara svokallaða sænska leið í málinu.

Þá hefur allsherjarnefnd einnig til umræðu frumvarp þess efnis að fella úr lögum undanþáguheimild frá banni við nektardansi, þannig að allur nektardans verði eftirleiðis bannaður á Íslandi. Ásta Ragnheiður á von á að bæði frumvörpin verði afgreidd sem lög fyrir kosningar.

Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta, átti sæti í starfshópnum sem vann áætlunina. Hún segir um mikinn og táknrænan sigur að ræða. „Loksins erum við komin með verkfæri til að taka á þessum málum á Íslandi og það er pólitískt þor í þessari áætlun sem við fögnum ákaflega,“ segir hún.

Ásgeir Davíðsson, sem rekur nektardansstaðinn Goldfinger, segist ekki búast við að þurfa að loka staðnum út af þessu. Fram að þessu hafi einungis þeir starfsmenn hans dansað naktir sem það hafi viljað, en nú þurfi bara að tryggja að þeir séu í nærfötum.

stigur@frettabladid.is



**Á SÚLUSTAÐ** Nektardans og vændiskaup verða líkast til ólögleg einhvern tíma í næsta mánuði eða svo. NORDICPHOTOS / AFP

### NOKKRIR ÞÆTTIR ÁÆTLUNARINNAR

**Aðgerðaáætlunin er í 25 liðum. Nokkrir þeirra eru:**

- Fullgilding alþjóðlegra samninga gegn skipulagðri glæpastarfsemi, mansali og vernd barna gegn kynferðislegri misnotkun.
- Stofnun sérfræðiteyma sem haldi utan um mansalsmál og komi fórnarlömbum þeirra til aðstoðar.
- Fórnarlömb mansals fái tímabundið dvalarleyfi, skjól og fjárhagslega og félagslega aðstoð á meðan þau gera upp hug sinn um framtíðardvalarstað og samstarf við lögreglu.
- Þolendum mansals verði tryggð örugg endurkoma til heimalands og endurhæfing.
- Komið verði á fót sérhæfðum lögregluteymum um mansal, verklagsreglur lögreglu endurskoðaðar og heimildir til forvirkra rannsóknarheimilda endurskoðaðar.
- Vitnavernd og nafnleynd fórnarlamba.
- Fræðsluherferð beint að kaupendum vændis, kláms og annarrar kynlífsþjónustu.
- Tryggt að kaup fulltrúa íslenskra stjórnvalda á kynlífsþjónustu verði ekki liðin.

Frakkland og NATO:

## Vantrauststillaga á þingi

**FRAKKLAND, AP** Áform Nicolas Sarkozy Frakklandsforseta um að láta Frakka ganga á ný til liðs við herstjórnarkerfi NATO, sem þeir hafa staðið utan við í 43 ár, fara mjög fyrir brjóstið á sumum fulltrúum á Frakklandsþingi.



NICOLAS SARKOZY

Þingmenn á báðum vængjum stjórnmálanna óttast að þetta skref grafi undan sjálfstæði Frakka sem kjarnorkuvopnaveldis herveldis. Svo mjög mislíkar þeim að þeir báru upp vantrauststillögu á ríkisstjórnina af þessu tilefni í gær.

Tillagan var felld, en hún var til merkis um hve mjög sumum Frökkum þykir stefnan á fulla þátttöku í samstarfinu innan NATO særa þjóðarstoltið. - aa

Könnun í Bretlandi:

## Forskot Íhaldsflokks enn mikið

**BRETLAND, AP** **Ný skoðanakönnun sýnir að Íhaldsflokkurinn í Bretlandi hefur nú um tíu prósentustiga forskot á Verkamannaflokkinn, en það er minni munur en mældist í síðasta mánuði.**

**Samkvæmt könnun Ipsos MORI-stofnunarinnar segjast nú 42 prósent Breta styðja Íhaldsflokkinn en 32 prósent Verkamannaflokkinn. Í hliðstæðri könnun í febrúar mældist Íhaldsflokkurinn með 20 prósenta forskot á stjórnarflokkinn núverandi.**

**Ánægja með störf Gordons Brown mælist líka meiri nú en síðustu mánuði; nú segist þriðjungur sáttur við störf hans en í lok síðasta árs var aðeins rétt rúmur fjórðungur á þeirri skoðun.** - aa






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**MILT FRAM YFIR HELGI**

Eindregin hlýindi verða á landinu fram á sunnudag. Dálítil úrkoma verður í dag sunnan og vestan til en frá síðdeginu í dag til sunnudags verður yfirleitt úrkomulítið á landinu síst þó á Vestfjörðum. Bjart og fallegt veður verður hins vegar á Norður- og Austurlandi næstu daga. Hægur vindur verður á landinu en á sunnudag má reyndar búast við strekkingi.







Á MORGUN
3-13 m/s stífastur vestan til




FÖSTUDAGUR
3-13 m/s stífastur vestan til

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 18° |
| Amsterdam | 11° |
| Basel | 14° |
| Berlín | 9° |
| Billund | 9° |
| Eindhoven | 12° |
| Frankfurt | 12° |
| Friedrichshafen | 12° |
| Gautaborg | 7° |
| Kaupmannahöfn | 7° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 14° |
| New York | 16° |
| Orlando | 26° |
| Osló | 3° |
| París | 15° |
| Róm | 18° |
| Stokkhólmur | 4° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

TEMPUR fyrir þessar dýrmætu stundir



# Þú átt að elska rúmið þitt

Stillanlegt og þægilegt Gravity Zero



SPACE CERTIFIED TECHNOLOGY

TEMPUR

Tilboð
**kr. 690.000,-**
Verð áður kr. 837.412,-
Stærð 90x200 cm x2. Fleiri stærðir í boði.

Aeroframe með Tempur heilsudýnu



SPACE CERTIFIED TECHNOLOGY

TEMPUR

Tilboð
**kr. 312.700,-**
Verð áður kr. 390.876,-
Stærð 180x200 cm. Fleiri stærðir í boði.

**Sjá nánar á www.betrabak.is**

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Betra BAK

**KJÖRKASSINN**



*Á HB Grandi að greiða starfsfólki sínu launauppbót vegna góðrar rekstrarafkomu árið 2008?*

| | |
|---|---|
| Já | 90,3% |
| Nei | 9,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Fylgist þú með fréttum af réttarhöldum yfir níðingnum Josef Fritzl í Austurríki?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is

Vísir

Tekjur af gulldeplu nema einungis 15 prósentum af tekjum af loðnu:

# Engin loðna nema við fjöruna

**SJÁVARÚTVEGUR** Veiðiskip hafa nú hætt loðnuleit en hafrannsóknarskipin komu úr sinni síðustu loðnuleit fyrir tveimur vikum svo ljóst má þykja að enginn loðnukvóti verði gefinn út, segir Björn Jónsson hjá Landssambandi íslenskra útvegsmanna. Það er í fyrsta sinn síðan veturinn 1982 til 1983.

Á sama tíma er mikið af loðnu rétt fyrir utan fjöruna í Vestmannaeyjum og jafnvel má sjá mikið af henni í fjörunni sjálfri.

Í vetur hafa menn í fyrsta sinn veitt gulldeplu en töluvert minna fæst fyrir hana en loðnu. Til dæmis flutti Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum út um 15 þúsund tonn af loðnu í fyrra og nam útflutningsverðmæti hennar um 2,5 milljörðum á verðlagi ársins í ár. Í ár flutti hún álíka mikið út af gulldeplu en útflutningsverðmæti hennar nam einungis um 370 milljónum.



**HVERSU MIKIÐ FANNST AF LOÐNU?** Það mældust um 385 þúsund tonn. Kerfið er þannig að kvóti er gefinn fyrir jafnmiklu og finnst umfram 400 þúsund tonn.

Auk þess sem mikið er af loðnu utan við fjörur Vestmannaeyja segir Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar, að trillusjómenn hafi orðið hennar mikið varir og óttast hann að ekki hafi tekist að mæla göngurnar nógu vel. „Ég er enginn talsmaður ofveiða,“ segir hann. „En ég óttast að menn nái ekki að mæla loðnuna eftir að hún er farin í gönguástand vestur með suðurströndinni með sömu vissu og þegar hún er mæld í djúpinu fyrir austan land.“ **- jse**

Samtök vilja ESB-löggjöf:

# Matvælalöggjöf ákaflega brýn

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Samtök atvinnulífsins, Landssamband íslenskra útvegsmanna og Samtök fiskvinnslustöðva hvetja til þess að matvælalöggjöf ESB verði innleidd á Íslandi. Verði það ekki gert getur það leitt til þess að aðgangur íslenskra sjávarafurða að mörkuðum innan ESB verði takmarkaður.

„Mikilvægt er að Alþingi samþykki að innleiða matvælalöggjöfina áður en það lýkur störfum á næstu vikum þar sem miklir viðskiptahagsmunir þjóðarinnar eru í húfi“, segir í sameiginlegri tilkynningu sambandanna. **- shá**












# Fjögur verk í útboð en tuttugu á áætlun

**Einar K. Guðfinnsson alþingismaður vill að vegaframkvæmdir séu boðnar út án tafar og gagnrýnir samgönguyfirvöld fyrir seinagang. Samgönguráðherra og vegamálastjóri segja ómögulegt og óskynsamlegt að hraða útboðum.**

**SAMGÖNGUMÁL** Einar K. Guðfinnsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, gagnrýnir samgönguyfirvöld harðlega fyrir að hafa aðeins boðið út fjögur verk það sem af er ári. Samgönguráðherra minnir á að aldrei hafi verið eins miklir peningar í umferð í vegagerð. Vegamálastjóri áætlar að alls verði um tuttugu verk boðin út árið 2009.

Einar segir að það ætti að hraða útboðum í ljósi þess að atvinnuástandið er alvarlegt. „Það er líka ljóst af þeim tilboðum sem eru að berast Vegagerðinni þessa dagana að það er gríðarleg eftirspurn eftir verkefnum hjá verktökum. Tilboðin eru í kringum 60 prósent af kostnaðaráætlunum Vegagerðarinnar.“ Einar segir að þess utan þurfi vart að minna á þá „himinhrópandi þörf“ sem er á samgöngubótum um allt land. Féð sé til og ekki eftir neinu að bíða.

Einar tók málið upp í óundirbúnum fyrirspurnartíma á Alþingi á fimmtudag. Kom fram í máli Kristjáns L. Möller samgönguráðherra að nú séu í gangi verksamningar fyrir um 15 milljarða króna og sex milljarðar séu ætlaðir til nýrra útboða á þessu ári. „Á árinu verða verk í gangi fyrir 21 milljarð og tvö síðustu ár eru mestu framkvæmdaár í vegagerð í Íslandssögunni.“

Kristján segir mörg útboð á næstunni; þar á meðal stór og mannaflsfrek verk. „Þetta er allt að spilast fram. Við erum ekki að bjóða þetta allt út í einum pakka, enda er það ekki skynsamlegt af fjölmörgum ástæðum.“

Hreinn Haraldsson vegamálastjóri áætlar að um tuttugu verk verði boðin út á árinu, bæði stór og smá. Fjöldi útboða sé hins vegar nokkurri óvissu háð. „Þetta ræðst af því hvaða tilboð við fáum í útboðsverkunum, og á efnahagsþróuninni, þar eð öll lengri og stærri verk eru verðbætt. Lítil verðbólga gefur rými fyrir fleiri verk.“



**VEGAGERÐ Í REYÐARFIRÐI** Þingmaður vill hraða útboðum enda er mikil eftirspurn frá verktökum. Það sést á því að tilboð eru gjarnan aðeins 60 prósent af kostnaðaráætlunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



EINAR K. GUÐFINNSSON



KRISTJÁN L. MÖLLER

Hreinn segir ekki mögulegt að bjóða út verk af meiri krafti en nú er gert. „Það strandar í raun fyrst og fremst á undirbúningi og fráganginum af okkar hálfu, en oft koma upp vandamál varðandi skipulagsmál, landeigendur á síðustu stundu, sem getur tafið það að hægt sé að senda útboðin út. Frágangur hönnunar og gerð útboðsgagna tekur auk þess alltaf töluverðan tíma, og ekki eru margir mánuðir frá því á við fengum að vita hvaða fjármagn yrði til ráðstöfunar á árinu.“

Hreinn segir að flest af stærri verkunum sem Vegagerðin ráðgerir á þessu ári verði boðin út á næstu tveimur mánuðum eins og ætlunin var. Það er til að ná besta framkvæmdatímanum að sumrinu.“

**svavar@frettabladid.is**

Finnsk og þýsk stjórnvöld takast á um geðsjúkan ferðamann í Berlín:

# Bjó á flugvelli í þrjá mánuði

**FINNLAND** Finnsk og þýsk stjórnvöld takast nú á um það hvað eigi að gera í máli finnskrar konu sem hefur haldið til á einum af flugvöllunum í Berlín í þrjá mánuði. Þýsk stjórnvöld hafa sent konuna á heimili fyrir heimilislausa en finnskir sérfræðingar telja að hún þurfi aðstoð sérfræðinga þegar í stað.

Konan flaug frá Helsinki til Berlínar í desember og stöðvaði ferð sína á flugvellinum Tegel þar sem hún hefur haldið til síðan. Eftir þriggja mánaða dvöl þar taldi lögreglan nóg komið og hótaði að flytja hana svo langt í burtu að hún myndi ekki rata til baka, hefur Hufvudstadsbladet eftir konunni.

Finnskum presti í Berlín hafði tekist að fá konuna lagða inn á geðdeild meðan hún biði eftir að vera send heim til Finnlands. Þegar læknirinn Patrick Währn fór til Berlínar að sækja hana fékk hann kaldar móttökur. Þýskir kollegar hans bentu á að finnsk lög giltu ekki í Þýskalandi og því gæti hann ekki fengið hana nauðuga með heim.

Samkvæmt þýskum lögum er hvorki hægt að neyða sjúkling í meðhöndlun eða gefa honum lyf gegn vilja hans. Þýsku læknarnir sendu konuna því á heimili fyrir heimilislausa en finnski læknirinn er mjög ósáttur við það. Hann telur að verið sé að vísa henni á götuna og hefur því óskað eftir aðstoð finnska dómsmálaráðherrans Tuija Brax við að ná sjúklingnum aftur heim til Finnlands. **- ghs**



**FRÁ HELSINKI Í DESEMBER** Finnsk kona flaug frá Helsinki til Berlínar í Þýskalandi í desember. Hún settist að á flugvelli þar í þrjá mánuði.

# Nikon D60




• Móðuvörn og loftstreymiskerfi
• Handhæg hönnun
• Auknir möguleikar á myndvinnslu í vélinni sjálfri
• Einföld valmynd
• Hið einstaka Expeed myndvinnslukerfi
• Hröð – 3 myndir á sekúndu

**"...it's a pleasure to use and, handles well and weighs very little. And as I've stressed throughout this review, it makes getting pleasing results incredibly easy."**
*www.dpreview.com*

Ekki bara myndavél. Þetta er Nikon.

**Heimilistæki**, Reykjavik • **Sjónvarpsmiðstöðin**, Reykjavik • **Beco**, Reykjavik
**Fotoval**, Reykjavik • **MAX**, Garðabær • **MAX**, Reykjavik • **Samkaup**, Borgarnes
**Hljómsýn**, Akranes • **Blómsturvellir**, Hellissandur • **Skipavík**, Stykkishólmur
**Samkaup**, Grundarfjörður • **Samkaup**, Ísafjörður • **Kaupfélag V-Húnvetninga**,
Hvammstangi • **Krákur**, Blönduós • **Samkaup**, Blönduós • **Skagfirðingabúð**,
Sauðárkrókur • **Heimilistæki**, Akureyri • **Hemilistæki/Öryggi**, Húsavík
**Samkaup**, Egilsstaðir, Seyðisfjörður, Fáskrúðsfjörður • **Martölvan**, Höfn í Hornafirði
**Mosfell**, Hella • **Hemilistæki/Fossraf**, Selfoss • **Geisli**, Vestmannaeyjar
**Foto**, Vestmannaeyjar • **Tækniráð**, Grindavík • **Samkaup**, Njarðvík

*At the heart of the image*

Nikon

**VEISTU SVARIÐ?**



1. Hvað heitir forstjóri HB Granda?
2. Forseti hvaða lands vill öll hjálparsamtök úr landi?
3. Hvað heitir veitingastaðurinn sem var opnaður nýlega í Glæsibæ?

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 26

Réttarhaldið í máli Josefs Fritzl hélt áfram í Austurríki í gær:

# Hlýtt á vitnisburð dótturinnar

**AUSTURRÍKI, AP** Elisabeth Fritzl, sem faðir hennar hélt fanginni í gluggalausri kjallaraholu í 24 ár og gat með henni sjö börn, gaf vitnisburð sinn í réttarhaldinu yfir föðurnum á myndbandsupptöku sem spiluð var fyrir kviðdóm í dómsalnum í Sankt Pölten í Austurríki í gær.

Hinn 73 ára gamli Josef Fritzl, sem sætir ákæru fyrir barnsmorð, frelsissviptingu, að hneppa manneskju í þrældóm, sifjaspell og nauðgun, fylgdist grannt með vitnisburði dótturinnar og svaraði spurningum saksóknara, kviðdóms og dómara, að því er talsmaður dómsins, Franz Cutka, greindi frá. Sjálft réttarhaldið var lokað fjölmiðlum.

Þeir sem viðstaddir voru réttarhald gærdagsins fengu líka að sjá myndbandsupptöku af vitnisburði Haraldar Fritzl, bróður Elisabeth, að því er Cutka greindi frá.

Fritzl hefur aðeins játað á sig hluta ákæruatriðanna, en verði hann sakfelldur á hann ævilangt fangelsi yfir höfði sér. Búist er við að dómur falli jafnvel strax á fimmtudag í þessu sérstæða máli sem heimsbyggðin hefur fylgst grannt með allt frá því það kom fyrst upp fyrir tæpu ári. **- aa**



**SÝNDI ANDLITIÐ** Fritzl huldi ekki andlitið er hann var leiddur í dómsal í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn:

# Er ekki í pólitík

**EFNAHAGSMÁL** „Skoðanir sjóðsins endurspegla einungis tæknilega greiningu og eru ekki af stjórnmálalegum toga," segir talsmaður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins vegna ummæla Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar að Mark Flanagan, fulltrúi AGS, hafi í raun verið að bakka upp ríkjandi stjórnvöld sem styðji ekki hugmyndir Framsóknarflokksins um flata 20 prósenta niðurfellingu skulda.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn ítrekar að slík aðgerð yrði mjög dýr bönkum og ríkissjóði, auk þess sem nýleg greining Seðlabanka sýni að stór hópur fólks, sem þyrfti ekki aðstoð myndi hagnast á niðurfellingunni. **- ss**


SIEMENS

Tækifæri í mars



Komdu í heimsókn og gerðu góð kaup. Skoðið tilboðin á heimasíðu okkar, www.sminor.is.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is



Auglýsingasími
512 5050
– Mest lesið


Ljósmyndasýning Blaðaljósmyndarafélags Íslands í Gerðarsafni í Kópavogi:

# Verðlaunamyndir sýndar

**FJÖLMIÐLAR** „Ég er mjög ánægður með myndirnar í ár; mynd ársins og í raun alla myndaröðina hans Kristins Ingvarssonar sem var einnig verðlaunuð," segir Pjetur Sigurðsson, ljósmyndari Fréttablaðsins, sem vann til verðlauna fyrir fréttamynd ársins á sýningu Blaðaljósmyndarafélags Íslands.

Pjetur á eina mynd á sýningunni. „Þegar ég kom á sýninguna tók forsetinn [Ólafur Ragnar Grímsson] mig tali og spurði hvort það væri ekki allt fullt af myndum eftir mig," segir Pjetur. „Ég sagði honum að það væri reyndar bara ein. Hann hló því mikið þegar hann veitti mér verðlaunin fyrir þá mynd andartaki síðar."

Sýningin er í Gerðarsafni og stendur til 3. maí næstkomandi en þeir sem ekki komast í Gerðarsafn geta séð verðlaunamyndirnar á vefnum pressphoto.is. **- jse**



**FRÉTTAMYND ÁRSINS** Myndin var tekin við mótmæli vörubílstjóra síðastliðið vor. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**MYND ÁRSINS** Myndin var hluti myndraðar ársins. MYND/ KRISTINN INGVARSSON

**VERÐLAUN**

| Nafn | Flokkur | Miðill |
|---|---|---|
| Kristinn Ingvarsson | mynd ársins/myndaröð | Morgunblaðið |
| Pjetur Sigurðsson | fréttamynd | Fréttablaðið |
| Golli | íþróttamynd/ skoplegasta mynd/ mynd úr daglegu lífi | Morgunblaðið |
| Júlíus Sigurjónsson | portrettmynd ársins | Morgunblaðið |
| Vera Pálsdóttir | tímaritamynd/umhverfismynd | Birtingur |
| Guðmundur R. Guðmundsson | þjóðleg mynd | Morgunblaðið |


Árangur og ánægja í fjármálum

- Heimilisbókhald
- Viðtöl við starfsfólk Sparisjóðsins
- Hefðbundin Greiðsluþjónusta
- Netgreiðsluþjónusta

Komdu við á næsta afgreiðslustað Sparisjóðsins og fáðu frekari ráðgjöf um þín fjármál.

SPARISJÓÐURINN
spar.is




**FRÁ EINNI AF VERSLUNUM SÍMANS** Nýjasta auglýsing Símans hefur hreyft við samkeppnisaðilunum sem hafa lagt inn kvörtun til Neytendastofu.

Neytendastofa bregst við kvörtun vegna auglýsingar:

# Vill Símaauglýsingu í salt

**NEYTENDAMÁL** Neytendastofa hefur beint þeim tilmælum til Símans að fyrirtækið stöðvi auglýsingar sínar sem birtar hafa verið undir yfirskriftinni „Aðgerðaráætlun Símans fyrir fólkið og fyrirtækin".

Þórunn Anna Árnadóttir, sviðsstjóri neytendaréttarsviðs, segir ástæðuna vera þá að Nova, Og fjarskipti og Vodafone hafi kvartað yfir henni og því sé mælst til þess að birting auglýsinganna verði stöðvuð meðan á meðferð málsins stendur.

Kvartað er vegna nokkurra atriða. Nova segir auglýsinguna villandi því fullyrt sé að Síminn bjóði upp á lægsta mínútuverðið en það standist ekki, að þeirra mati. Upphafsgjaldsins sé ekki getið í auglýsingunni en sé það tekið með í reikninginn reynist mínútuverðið ekki það lægsta.

Þessu eru fulltrúar Símans ósammála. „Við teljum auglýsingarnar okkar ekki vera villandi," segir Margrét Stefánsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans. „Í öllum tilfellum talar Síminn um lægsta mínútuverðið á landinu óháð kerfi sem er 11,90 krónur. Það kemur skýrt fram í öllu auglýsingaefni Símans í blöðum og sjónvarpi og á á vefnum okkar siminn.is. Samkeppnisaðilar bjóða hins vegar upp á eftirfarandi mínútuverð óháð kerfi: Nova 14,5 krónur mínútan, Vodafone 14,80 krónur mínútan og Tal 14,90 krónur mínútan."

Aðspurð hvort Síminn muni verða við tilmælum Neytendastofu og stöðva birtunguna segir hún að haft hafi verið samband við Neytendastofu í fyrradag og þá fengust þau svör að ekki væri ástæða til að banna auglýsingarnar. „Við höfum óskað eftir rökfærslum fyrir tilmælum Neytendastofu og bíðum svara þaðan og munum síðan meta stöðuna," segir hún. **- jse**



Tímamót á Taco Bell!
100.000
taco seldar á Íslandi
Spilaðu Taco Bell-leikinn á tacobell.is og þú getur unnið fría máltíð.
Tímamótatilboð á Taco Bell Ártúnshöfða og Hafnarfirði 12.-22. mars.
Það þarf lausa skrúfu til að sleppa þessu!!!
Texas-tilboð:
Taco Beef Supreme
Spicy Chicken Taco
Nachos og ostasósa
Mountain Dew í flösku
Aðeins 399 kr.
Mexico-tilboð:
Taco Beef Supreme
Spicy Chicken Burrito
Nachos og ostasósa
Mountain Dew í flösku
Risahraun
Aðeins 599 kr.
TACO BELL
Ártúnshöfða | Sími 577 6959
Hjallahrauni 15 | Sími: 555 0828 | www.tacobell.is
PIPAR • SÍA • 90439



**SVALUR SELUR** Baikalvatns-selurinn Billy leikur listir sínar í heitum potti í sædýrasafni í Hakone í Japan. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Borgin synjar Bandaríkjamönnum um framkvæmdir í varnarskyni á Laufásvegi:

# Sendiráðið má ekki hækka girðingu

**SKIPULAGSMÁL** Bandaríkjamenn fá ekki að víggirða sendiráð sitt á Laufásvegi frekar en nú er vegna andstöðu nágrannanna.

Sótt var um í fyrrahaust að fá að reisa vegg og hækka girðingu og hlið við sendiráðið á Laufásvegi 21-23 auk þess að setja rimla fyrir glugga og koma fyrir klifurhindrun á ljósastaur. Nágrannarnir á Laufásvegi 19 harðneita að samþykkja þetta. Að því er kemur fram í umsögn lögmanns skipulags- og byggingarsviðs er umsókn sendiráðsins því hafnað.

Í tölvupóstsamskiptum kemur fram að sendiráðsmenn telja sig órétti beitta. Nágrannarnir hafi hafnað því að eiga með þeim fund og hafi uppi rangar fullyrðingar.

„Ef þetta er vonlaust mál þá vill sendiráðið fá skýrt skjal þar sem fram kemur hvað það er sem ekki fæst leyfi fyrir og hvers vegna – í Bandaríkjunum eru reglurnar allt aðrar svo það þarf að koma skýrt fram hverjir eigi réttinn. Þetta skjal vilja þeir gjarnan stimplað og á ensku,“ segir í tölvupósti Söru Axelsdóttur hjá Arkís til skipulags- og byggingarsviðs. Nágrannarnir segja meðal annars að núverandi hlið hafi aldrei verið samþykkt og að þeir yrðu innlyksa kæmi til eldsvoða. „Það liggur því ljóst fyrir að fundur íbúa hússins og sendiráðsins um þetta mál þjónar engum tilgangi,“ segir í bréfi formanns húsfélagsins á Laufásvegi 19, Steinunnar Birnu Ragnarsdóttur, til borgarinnar. - gar



**STEINUNN BIRNA RAGNARSDÓTTIR** Formaður húsfélagsins á Laufásvegi 19 segir fyrirhugaðar framkvæmdir við sendiráð Bandaríkjamanna myndu loka íbúana í brunagildru. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Höfuðborgarsvæðið:

# Kannabisræktun í Kópavogi

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði umfangsmikla kannabisræktun í íbúð í Kópavogi í fyrrakvöld. Við húsleit fundust um 300 kannabisplöntur á ýmsum stigum ræktunar. Íbúðin var undirlögð af þessari starfsemi. Í kjölfarið var gerð húsleit í íbúð í Breiðholti. Þar fannst talsvert af marijúana, eða vel á annað hundrað grömm. Tveir karlar á þrítugsaldri voru yfirheyrðir í tengslum við rannsóknina.

Lögreglan minnir enn á fíkniefnasímann 800-5005. Í hann má hringja nafnlaust til að koma á framfæri upplýsingum um fíkniefnamál. - jss

Matarsýking á Norðurlandi:

# Níu veiktust en engin skýring

**HEILBRIGÐISMÁL Níu karlmenn, af sautján manna hópi, fengu matarsýkingu eftir að hafa snætt saman hádegismat á veitingahúsi á Norðurlandi. Fengu þeir niðurgang, ógleði, uppköst og hita.**

**Einn var lagður inn á sjúkrahús, en veikindin töldust þó ekki alvarleg. Frá þessu er sagt í Farsóttafréttum Landlæknisembættisins.**

**Heilbrigðisfulltrúi á Norðurlandi tók sýni sem send voru í rannsókn og veitingastaðurinn var skoðaður til að komast að rót sýkingarinnar.**

**Engin skýring hefur hins vegar fundist á veikindum hópsins. Ekki hefur frést um frekari veikindi og svo virðist sem sýkingin sé liðin hjá.** - shá

Færri unglingar reykja og prófa hass:

# Dregur úr unglingadrykkju

**SAMFÉLAGSMÁL** Nemendum í tíunda bekk, sem hafa orðið ölvaðir á síðustu 30 dögum, hefur fækkað verulega ef niðurstöður rannsókna fyrirtækisins Rannsóknir og greining eru bornar saman. Árið 1998 hafði tæplega annar hver nemandi orðið ölvaður síðasta mánuðinn en í fyrra var það innan við fimmti hver tíundabekkingur.



**INGA DÓRA SIGFÚSSON**

Hlutfallslega hefur dregið úr daglegum reykingum nemenda í tíunda bekk ef tölur frá 1998 eru bornar saman við tölur frá því í fyrra. Fyrir ellefu árum reykti fjórði hver nemandi daglega. Í fyrra reykti aðeins tíundi hver nemandi í tíunda bekk daglega.

Dregið hefur hlutfallslega úr þeim nemendum í tíunda bekk sem hafa prófað hass. Í kynningu hjá Háskólanum í Reykjavík, sem haldin var nýlega, kemur fram að árið 1998 höfðu innan við fimmti hver nemandi prófað hass en í fyrra var það vel innan við tíundi hver nemandi.

Inga Dóra Sigfúsdóttir, deildarforseti við Háskólann í Reykjavík, segir að eftirlit foreldra, stuðningur og tími sem foreldrar verja með börnum sínum og vinum þeirra dragi úr líkum á vímuefnaneyslu og auki líkur á góðum námsárangri. Þátttaka í skipulögðu tómstundastarfi og íþróttum sé mikilvæg forvörn.

Rifrildi og ofbeldi á heimilum eykur líkurnar á þunglyndi og reiði meðal ungmenna. Erjur milli foreldra geta einnig haft áhrif á vímuefnanotkun ungmenna. - ghs



**RÍKISSJÓÐUR SKULDAR 1.100 MILLJARÐA** Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra, Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra kynntu í gær nýtt yfirlit yfir íslenskan þjóðarbúskap og ríkisfjármál. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




# Kynjuð hagstjórn tekin upp eftir ár

**Hagstjórnar- og fjárlagaaðgerðir verða skoðaðar með hliðsjón af áhrifum á stöðu kynjanna þegar kynjuð hagstjórn verður tekin upp. Ríkisstjórnin stefnir að því að ljúka undirbúningsvinnunni innan árs.**

**EFNAHAGSMÁL** Ríkisstjórnin ætlar að taka upp kynjaða hagstjórn og stefnir að því að ljúka stefnumótun og undirbúningi innan eins árs. Með kynjaðri hagstjórn er átt við að skoða hagstjórnaraðgerðir, fjárlagaaðgerðir og aðrar aðgerðir af hálfu hins opinbera með hliðsjón af áhrifum þeirra á stöðu kynjanna.

Á ríkisstjórnarfundi í gærmorgun samþykkti ríkisstjórnin tillögu fjármálaráðherra um að skipa verkefnisstjórn til stefnumótunar og undirbúnings því að taka upp kynjaða hagstjórn hér á landi. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir að óskað verði tilnefninga frá félagsmálaráðuneytinu, Jafnréttisstofu og Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við HÍ auk þátttöku jafnréttisfulltrúa frá öllum ráðuneytum. Fjármálaráðuneytið muni leiða verkefnið. Allir hafi tekið því vel að koma að þessari vinnu. Færa megi rök fyrir því að aldrei hafi verið brýnna en nú að horfa til slíkra hluta.

„Ég geri ráð fyrir því að þetta komist í gang á næstu dögum,“ segir Steingrímur og telur líklegt að fyrir liggi álit og tillögur um að koma á þessu verklagi innan árs. Hann bendir á að víða erlendis vinni menn eða séu komnir vel áleiðis í að vinna eftir kynjaðri hagstjórn. Hann segir að þetta sé alþjóðlega viðurkennd aðferð og löngu tímabært að Íslendingar taki hana upp.

Ríkisstjórnin kynnti í gær nýtt yfirlit yfir íslenskan þjóðarbúskap og ríkisfjármál. Þar kemur meðal annars fram að áætlaðar heildarskuldir ríkissjóðs verða um 1.100 milljarðar króna í árslok og að vaxtakostnaður verði 87 milljarðar á þessu ári. Óvissa sé hversu mikið falli á ríkissjóð vegna Icesave en samkvæmt nýjasta mati skilanefndar Landsbankans verði það 73 milljarðar króna.

Steingrímur segir að þetta sé sett fram með fyrirvara um að „jafnvel seinna í þessari viku komi ný gögn frá Seðlabankanum sem breyti þessu í litlum mæli“.

Rúmlega þrjátíu mál bíða afgreiðslu í þinginu, þar á meðal eru lög um gjaldþrotaskipti og greiðsluaðlögun, nauðungarsölu og skattaundanskot, hlutabætur og embætti sérstaks saksóknara. „Þannig að við sjáum ekki enn til lands í því hvenær hægt er að fresta þingi,“ segir Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra.

ghs@frettabladid.is

Youth in Europe:

## Forvarnarverkefni til Íslands

**SAMFÉLAGSMÁL** Ísland tekur á næstunni yfir rekstur eins stærsta forvarnaverkefnis Evrópu, Youth in Europe, sem rekið er í tuttugu stórborgum Evrópu. Skrifstofa verkefnisins verður flutt til Íslands og rekin héðan og verður verkefnið atvinnuskapandi hér. Þetta var kynnt nýlega.

Youth in Europe byggir á íslensku forvarnamódeli sem nú er notað í um tuttugu evrópskum borgum. Tilgangur verkefnisins er að meta hvaða forvarnir eru áhrifaríkastar gegn vímuefnaneyslu með viðamiklum rannsóknum og könnunum á neyslumynstri 15 og 16 ára unglinga. - ghs



**BENEDIKT XVI** Ekki þeirrar skoðunar að smokkar séu svarið við útbreiðslu HIV-smits í Afríku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Páfi í Afríkuferð:

## Segir smokka ekki vera svarið

**KAMERÚN, AP Benedikt XVI páfi, sem hóf í gær nokkurra daga opinbera heimsókn til ríkja í Vestur-Afríku, tjáði fréttamönnum í fluginu til Yaounde, höfuðborgar Kamerún, að „smokkar væru ekki svarið“ í baráttunni gegn útbreiðslu HIV-smits í Afríku.**

**Þetta er í fyrsta sinn sem Benedikt páfi tjáir sig afdráttarlaust um afstöðu sína til smokkanotkunar í löndum þar sem alnæmi er mikið vandamál. Opinber stefna Páfagarðs í þessu sambandi er sú að réttrúaðir kaþólikkar iðki frekar skírlífi en að nota getnaðarvarnir.** - aa

### DÓMSTÓLAR

### Sló löggu og braut gleraugu

Piltur á tvítugsaldri hefur verið ákærður fyrir að kýla lögreglumann í andlitið. Sá síðarnefndi hlaut áverka við höggið og gleraugnaumgjörð hans brotnaði. Hann krefst 300 þúsunda króna í skaðabætur.







# skoðun

*greinar@frettabladid.is*

Aðgerðaráætlun gegn mansali:

# Jákvæðar fréttir og neikvæðar

**SVANBORG SIGMARSDÓTTIR SKRIFAR**

Það var ekki uppörvandi fyrir áhugafólk um jafnrétti að heyra um hverja nefndina, ráðið og stjórnina á fætur öðru vera skipað af nýjum ráðherrum eða nýjum þingmeirihluta án þess að hugað væri að jafnrétti kynjanna við mannaval. Þeir tveir flokkar sem nú mynda ríkisstjórn telja sig vera flokka jafnréttis og kvenfrelsis og verða því að standa sig betur. Eftir yfirlýsingar þessara flokka var meiru af þeim vænst en að konur væru kosnar til vara í bankaráð Seðlabankans, en karlarnir væru valdir sem aðalmenn.

Mun jákvæðari voru fréttirnar í gær um að ríkisstjórnin myndi annars vegar beita sér fyrir kynjaðri hagstjórn og hins vegar fyrir aðgerðaráætlun gegn mansali. Þetta voru aðgerðir sem búast má við af ríkisstjórn með kynjavitund.

Í aðgerðaráætlun gegn mansali eru ýmis atriði sem ekki hefur náðst sátt um á Alþingi en ótrúlegt verður að teljast að Framsóknarflokkurinn standi í vegi fyrir þeim breytingum. Til þess hefur flokkurinn lagt of mikið á sig til að markerast sem flokkur jafnréttis. Meðal þess sem þarf að gera á Alþingi er að breyta almennum hegningarlögum, og gera kaup á vændi refsiverð. Þá þarf að breyta lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald þannig að starfsemi nektarstaða verði bönnuð.

Þessi tvö atriði munu væntanlega vekja mestu athyglina, auk mögulega siðareglna Stjórnarráðsins og opinberra stofnana sem mun setja á bann við kaupum á kynlífsþjónustu.

Nokkuð var rætt um að gera kaup á vændi refsiverð, þegar hætt var að gera sölu vændis refsiverða. Þessu mótmæltu femínistar, þar sem rökin á bak við það að hætta að hafa söluna ólöglega var að auðvelda það að aðstoða konur í vændi. Hugsunin var sú að ef sala vændis væri refsivert myndu konur í vændi ekki þora að leita sér aðstoðar af ótta við að vera refsað. Nokkrir þingmenn vildu hins vegar ekki gera kaup á vændi refsiverða, þar sem það gæti ekki farið saman að kaup á einhverju væri ólöglegt, en ekki salan. Eins og Stígamót hafa bent á, þegar samtökin hafa hvatt til þess að sænska leiðin yrði valin, líkt og nú á að gera, hefur verið barist fyrir því að uppræta eftirspurn eftir kynlífsþjónustu og beina sjónum sínum því að kaupendum vændis eða annarrar kynlífsþjónustu. Það verður nú gert, ef frumvarpið verður samþykkt og ber því að fagna.

Aðgerðaráætlunina verður að skoðast sem heild. Það má ekki gleymast að bann við kaupum á vændi og bann við starfsemi nektarstaða er liður í því að sporna gegn mansali. Auk þess felst í aðgerðaráætluninni aðgerðir annars vegar til að aðstoða þolendur mansals, hvort sem það snýr að vernd þolandans, heilbrigðisþjónustu eða sálgæslu. Hins vegar felast í henni aðgerðir til að efla hlutverk hins opinbera við að greina mansal og koma slíkum málum í réttan farveg hjá hinu opinbera.

Þrátt fyrir að jafnréttisfréttir gærdagsins hafi verið gleðilegar, þá gleymast hinar fréttirnar ekki. Jafnréttisfréttirnar sem eru þessari stjórn til vansa, um að ekki finnist hæfar konur til jafns við karlmenn til að sitja í alvarlegum nefndum sem fjalla um peninga og völd.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

OPINN FUNDUR

Stöndum saman - vinnum saman - tölum saman



Opinn stjórnmálafundur með **Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni** formanni Framsóknarflokksins á **Hilton Reykjavík Nordica hótel í kvöld**, 18. mars, **kl. 20.00.**

Frambjóðendur Framsóknarflokksins í Reykjavík verða á staðnum.

Allir velkomnir!

**Framsóknarfélögin í Reykjavík**

FRAMSÓKNARFLOKKURINN

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Lykilorðið lýðskrum

Nú er runninn upp sá tími í kosningabaráttunni þar sem stjórnmálaflokkarnir leggja flokkslínuna í byrjun hverrar viku, sem flokksmenn sjá svo um að hamra á næstu daga á bloggsíðum og í lesendabréfum. Tónninn sem Samfylkingin hefur til dæmis ákveðið að slá þessa dagana er nokkuð einróma háðsglósur í garð Framsóknarflokksins og þeirra sem taka undir tillögur hans um 20 prósent niðurfellingu skulda og afgreiða þær sem innantómt lýðskrum. Öllu má þó ofgera og er ofnotkun orðsins lýðskrums orðin slík að það er orðið hálfgert lýðskrum að grípa til orðsins lýðskrums. Steinunn Valdís Óskarsdóttir snýr hins vegar á orðsifjafræðina og talar um populisma – populisma dauðans, hvorki meira nér minna.



### Og þar við situr

Eflaust má færa gild rök fyrir því hvers vegna tillögur Framsóknar ganga trauðla upp. Lítið fer hins vegar fyrir móttillögum. Stjórnmálamenn sem telja það eitt nægja að hía á tillögur annarra en leggja ekkert annað til málanna, virðast ekki grundvalla innlegg sitt í pólitíkina á því hvað þeir hafa fram af færa, heldur ætla að rísa til metorða með því að benda á að framlag annarra sé enn minna.



### Grafalvarlegt mál

Sigurð Einarsson, fyrrverandi stjórnarformann Kaupþings, grunar að trúnaðargögnum úr Kaupþingi hafi verið stolið og lekið til Morgunblaðsins, sem hafi notað þau til fréttaflutnings. Það væri brot á bankaleynd. Sigurður hefur því ritað settum forstjóra Fjármálaeftirlitsins bréf og spurt hvað hann hyggist gera í málinu. Fjármálaeftirlitið hefur eflaust hendur í hári þess sem braut bankaleyndina og tekur viðkomandi á beinið. Rétt eins og það gerði við Sólon R. Sigurðsson vorið 2003. Þá fannst Sigurði brot á bankaleynd reyndar ekki meiri goðgá en svo að hann réði Sólon sem bankastjóra KB-banka sama ár.

**bergsteinn@frettabladid.is**

# Bóla, krass, bóla, krass



**EINAR MÁR JÓNSSON**

**Í DAG** | Miðlarinn deyr aldrei

Eins og málum er nú komið er sagt að verðbréfamiðlarar forðist að koma undir bert loft fyrr en degi sé mjög farið að halla, og þá fari þeir helst með veggjum með flóttalegu augnaráði. En rannsóknarblaðamönnum blaðsins „Libération„, sem ekkert er ómögulegt, tókst þó fyrir nokkru að hafa uppi á einum miðlara sem var ánægður með lífið og tilveruna og síst á þeim buxunum að fara í felur, og fannst þeim það svo merkilegt að þeir tóku við hann viðtal á baksíðu. Hann bar nafnið Marc Fiorentino og var það sennilega ekki síst undirrót gleði hans, að hann var þá nýbúinn að gefa út skáldsögu sem var í eins miklum tengslum við atburði líðandi stundar og frekast gat því hún fjallaði einmitt um líf, starf og örlög miðlara. Einhvern veginn fékk ég þá hugmynd að þessi saga héti „Miðlari deyr“, en það er sennilega til marks um hve mjög ég er úti að aka í öllum þessum málum, því þegar ég fann hana í bókabúð nokkru síðar kom í ljós að hún hét að sjálfsögðu „Miðlari deyr aldrei“.

Þessi skáldsaga er reyndar ekki fyrsta bók höfundar, hann hafði áður skrifað bók fyrir son sinn sem nefndist eins og búast mátti við „Þú verður ríkur, drengur minn“. Það verður þó að segjast eins og er, að sagan er léttmeti, en í rauninni liggur það í hlutarins eðli, annað væri mótsögn. Hún er dagbók aðalpersónunnar, miðlarans „Sam Ventura“ frá 24. mars til 30. maí 2008. Hann var áður framarlega í flokki gullinsveina, hann keypti og seldi alls kyns verðbréf með þeim árangri að hann græddi milljónir og aftur milljónir og var á forsíðum blaða, þar sem hvert orð sem honum hraut af vörum um markaðinn var túlkað sem djúphugult véfréttarmál. Í starfi með sér hafði hann tvær konur, Sunee hina taílensku og Evu hina líbönsku, sem voru álíka útsmognar og hann sjálfur en tóku ekki sama pólinn í hæðina. Þegar Sunee fannst að hún væri búin að græða nóg, dró hún sig í hlé úr viðskiptunum og settist að á Korsíku; Eva fékk hins vegar aldrei nóg, en einu sinni fór hún svo mjög yfir strikið að Sam Ventura varð alvarlega hræddur og sagði skilið við hana. Eftir það varð hann þó sjálfur fyrir miklu skakkafalli. Styrkur hans var sá að hann hafði mjög næmt skyn á tímabundnar fjármálabólur og sá þegar líkur voru á að þær væru að springa, en það var hins vegar veikleiki hans, að hann átti í mestu erfiðleikum með tímasetninguna, að sjá nákvæmlega fyrir hvenær það myndi gerast. Haustið 1999 veðjar hann á að bólan mikla á Netinu fari bráðum að springa og leggur allt undir, en það dregst á langinn og 8. nóvember springur hann sjálfur á limminu og verður að selja. Bólan endar að vísu með hvelli en fimm mánuðum of seint; þá er hann búinn að tapa öllu.

Í mörg ár hefur hann hægt um sig, en þegar komið er fram í mars 2009 er hann orðinn alveg viðþolslaus; miðlarinn deyr sem sé aldrei og nú verður hann að fara að braska á ný. Hann fær milljón að láni hjá Sunee og veðjar nú á það að olíuverðið sem hækkar í sífellu sé bóla sem muni springa innan tíðar. Dagbókin er svo nákvæm lýsing á því sem gerist næstu daga og vikur og sýnir líf hans þann tíma. En ekki er hægt að segja að það sé glæsilegt. Enginn vafi leikur á að miðlarinn er heltekinn af einni saman spilafíkn, hann situr daginn inn og daginn út fyrir framan skerminn, horfir í sífellu á tölur renna hjá, hugsar ekki um annað en tölur, veltir fyrir sér tölum og spáir í tölur: hvað er gróðinn orðinn mikill, eða þá tapið? Hann berst að vísu mikið á, því er lýst nákvæmlega á einni síðunni hvernig miðlari á að vera klæddur, hvaða litur og hvaða rándýrt merki þarf að vera á hverri flík; hann fer á dýra veitingastaði þar sem þjónarnir ávarpa hann með nafni, og einu sinni bregður hann sér í stutt helgarfrí á hótel á frönsku Rivíerunni, þar sem vistin kostar 4000 evrur fyrir einstaklinginn. En hann virðist ekki hafa neina ánægju af þessu, eyðslan er einungis kraftbirting fyrir ríkidæmið, og það eitt skiptir máli – tala peninganna. Einu sinni hefur hann skipti við rándýra skyndikonu, en morguninn eftir er því alveg stolið úr honum hvort hann lá konuna eða ekki.

En braskið gengur ekki sem best, bólan springur ekki og olíuverðið rambar stöðugt upp á við. Sam Ventura fer að gruna að brögð séu í tafli, einhver sé að rugla markaðinn og kemst að því að hugboðið er rétt: Eva er sem sé aftur komin á kreik, í samkrulli við sjálfan Hugo Chavez, og valda þau hækkuninni. Sam Ventura virðist vera á sama feigðarflaninu og níu árum áður og ákveður nú að draga sig endanlega í hlé. En á allra síðustu stundu bjargast allt, Sam Ventura stendur uppi krýndur peningagrösum og ætlar að halda ótrauður áfram: miðlari deyr aldrei.

Eftir viðtalinu að dæma er höfundur í meira lagi líkur þeirri persónu sem hann hefur skapað. Kreppan hefur engin áhrif til lengdar, segir hann, nú eru menn þegar farnir að undirbúa næstu fjármálabólu og næsta hrun, sem einhverjir hans líkar munu vafalaust græða ómælt á, lífið er bóla, krass, bóla, krass, bóla krass.

# Sáttaleiðin valin

**UMRÆÐAN**

Óskar Bergsson svarar Sigrúnu Elsu Smáradóttur



**ÓSKAR BERGSSON**

Í grein í Fréttablaðinu í gær endurtekur Sigrún Elsa Smáradóttir, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, fullyrðingar sínar um að Reykjavíkurborg hafi gert óhagstæða samninga við Samtök iðnaðarins um verðbætur vegna verksamninga. Því er ranglega haldið fram að Reykjavíkurborg greiði allan kostnað vegna ófyrirséðra verðhækkana og rúmlega það miðað við þær forsendur sem ganga hefði mátt út frá þegar tilboðin voru unnin.

Fullyrðingum um að samningur Reykjavíkurborgar við Samtök iðnaðarins hafi leitt til óhagstæðrar niðurstöðu er vísað á bug. Það er mat þeirra embættismanna sem önnuðust samningsgerðina fyrir hönd Reykjavíkurborgar að tilvitnaður samningur við Samtök iðnaðarins hafi verið borginni hagfelldur. Reykjavíkurborg gerði ráð fyrir 4% verðbólgu í fjárhagsáætlun ársins 2008 og á þeim grundvelli er samkomulagið gert. Áætlanir framkvæmda- og eignasviðs miðað við þær verðbólguforsendur sem nú eru til staðar benda til að ef eitthvað er verði kostnaður Reykjavíkurborgar eitthvað lægri en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir.

Með samningunum forðuðu Reykjavíkurborg og OR því að samningar um dýrar og mikilvægar framkvæmdir kæmust í uppnám og enduðu fyrir dómstólum með tilheyrandi hættu á að framkvæmdir stöðvuðust í einhverjum verkum.

Sigrún Elsa og Samfylkingin ætti að líta sér nær og beina spjótum sínum að flokksbróður sínum og ráðherra samgöngumála. Fyrirtæki á vegum ríkisins eins og Vegagerðin hafa leitt sambærilega samninga um verðbætur til fyrirtækja. Í samanburði við þá samninga náði Reykjavíkurborg hagstæðari samningum og standast fullyrðingar Samfylkingarinnar alls ekki.

*Höfundur er formaður borgarráðs.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Hærri styrkir eftir 9 ára bið

**UMRÆÐAN**
Ásta R. Jóhannesdóttir skrifar um kjör fatlaðra

Á fundi mínum með fulltrúum Öryrkjabandalags Íslands og Landssamtakanna Þroskahjálpar í síðustu viku ræddum við nýjar reglur um styrki og uppbætur til hreyfihamlaðra einstaklinga vegna bifreiða. Í þeim eru ýmis nýmæli.



ÁSTA RAGNHEIÐUR JÓHANNESDÓTTIR

Fjárhæðir styrkja og uppbóta vegna bifreiðakaupa hreyfihamlaðra einstaklinga hækka um 20%. Hækkunin er löngu tímabær því þessar fjárhæðir höfðu ekki hækkað í níu ár. Þannig nemur fjárhæð uppbótar til bifreiðakaupa nú 300.000 kr. og ef um er að ræða fyrstu bifreið er fjárhæðin 600.000 kr. Fjárhæðir styrkja til bifreiðakaupa til þeirra sem eru verulega hreyfihamlaðir hækka úr 1.000.000 kr. í 1.200.000 kr. Það er afleitt að góðæri liðinna ára hafi ekki verið nýtt til svo sjálfsagðra úrbóta fyrir fatlaða. Vissulega hefði verið æskilegt að hækka bætur og styrki meira, en eins og aðstæður eru nú í samfélaginu var það ekki mögulegt.

*Með þessum breytingum er stigið mikilvægt skref í þá átt að efla stuðning við ferðamöguleika hreyfihamlaðra þó margt megi enn bæta.*

Annað mikilvægt skref er að ýmis skilyrði fyrir uppbótum og styrkjum eru rýmkuð. Áður var það skilyrði fyrir veitingu 50-60% styrks af heildarkaupverði sérútbúinna og dýrra bifreiða að hinn hreyfihamlaði stundaði launaða vinnu eða skóla. Þetta skilyrði er nú afnumið á þeim forsendum að bifreiðin eigi að nýtast fólki í daglegu lífi. Jafnframt er fellt út eldra skilyrði um að hinn hreyfihamlaði aki sjálfur og í staðinn heimilað að annar heimilismaður aki bifreiðinni. Auk þessa er sá tími sem líða skal að lágmarki milli styrkveitinga til bifreiðakaupa sérútbúinna bifreiða styttur úr sex árum í fimm. Hámarksstyrkur til bifreiðakaupa er nú 5.000.000 króna.

Í nýrri reglugerð er hugtakið hreyfihömlun skilgreint í fyrsta sinn. Jafnframt hefur verið gerð sú breyting að Tryggingastofnun ríkisins er nú gert að greiða út uppbætur og styrki vegna bifreiðakaupa mánaðarlega á sama hátt og tíðkast með aðrar bætur í stað þess að greiða þá út ársfjórðungslega. Þetta mun gera það að verkum að bið eftir greiðslum styttist til muna.

Með þessum breytingum er stigið mikilvægt skref í þá átt að efla stuðning við ferðamöguleika hreyfihamlaðra þó margt megi enn bæta. Ég tel nauðsynlegt að huga að frekari endurskoðun ferðareglnanna svo fleiri hreyfihamlaðir geti notið þess frelsis sem fæst með því að geta ferðast óhindrað á milli staða, hvort sem það er í eigin bifreið eða á annan hátt. Í slíkri vinnu mun ég leggja mikla áherslu á að eiga gott samstarf við hagsmunasamtök öryrkja, fatlaðra og þá aðra sem hlut eiga að máli.

*Höfundur er félags- og tryggingamálaráðherra.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.


FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

# FRJÁLSI LÍFEYRISSJÓÐURINN

## Ávöxtun 2008




## Meðalávöxtun síðustu 5 ára




## Góð ávöxtun miðað við erfiðar aðstæður á fjármálamörkuðum

Frjálsi lífeyrissjóðurinn fór ekki varhluta af erfiðleikum á fjármálamörkuðum árið 2008. Aðgerðir í Eignastýringu Kaupþings, sem er rekstraraðili sjóðsins, höfðu þó miðað að því að minnka markvisst áhættu t.a.m. með því að auka vægi ríkisskuldabréfa og selja hlutabréf. Þannig tókst að draga verulega úr neikvæðum áhrifum á eignasafn Frjálsa lífeyrissjóðsins sem endurspeglast í ávöxtun sjóðsins árið 2008.

Samkvæmt tryggingafræðilegri athugun sjóðsins þarf ekki að skerða réttindi eða lífeyri sjóðfélaga í tryggingadeild sjóðsins.

## Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins

Ársfundur Frjálsa lífeyrissjóðsins verður haldinn 28. apríl nk. kl. 17.15 í höfuðstöðvum Kaupþings, Borgartúni 19. Dagskrá verður auglýst síðar.

## Áhrif yfirtöku Straums á Frjálsa lífeyrissjóðinn

Vegna yfirtöku Fjármálaeftirlitsins á Straumi 9. mars sl. hafa hlutabréf félagsins verið afskrifuð í eignasafni sjóðsins. Óvissa er um hve stór hluti skuldabréfanna mun greiðast upp. Eins og sjá má í meðfylgjandi töflu var eignarhlutur sjóðsins í Straumi lítill og hefur því óveruleg áhrif á Frjálsa lífeyrissjóðinn.

Verðbréf Straums sem hlutfall af heildareignum Frjálsa lífeyrissjóðsins 6. mars 2009.

| | Hlutabréf | Skuldabréf |
|---|---|---|
| **Frjálsi 1** | 0,3% | 0,6% |
| **Frjálsi 2** | 0,2% | 1,0% |
| **Frjálsi 3** | 0% | 0% |
| **Frjálsi Áhætta** | 0,2% | 0% |
| **Tryggingadeild** | 0,5% | 0,1% |

## Meginniðurstöður ársreiknings 2008

í milljónum króna

### Efnahagsreikningur 31.12.2008

| | |
|---|---|
| **Eignir** | |
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 31.864 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 31.336 |
| Veðlán | 835 |
| Verðtryggður innlánsreikningur | 1.358 |
| Húseignir og lóðir | 15 |
| **Fjárfestingar alls** | **65.407** |
| Kröfur | 281 |
| Aðrar eignir | 3.549 |
| **Eignir samtals** | **69.237** |
| **Skuldir** | **(1.185)** |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **68.052** |

### Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2008

| | |
|---|---|
| Iðgjöld | 5.520 |
| Lífeyrir | (1.249) |
| Fjárfestingartekjur | (1.920) |
| Fjárfestingargjöld | (229) |
| Rekstrarkostnaður | (99) |
| **Hækkun á hreinni eign á árinu** | **2.024** |
| **Hrein eign frá fyrra ári** | **66.028** |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **68.052** |

### Lífeyrisskuldbindingar skv. niðurstöðu tryggingafræðings 31.12.2008

| | |
|---|---|
| Eignir umfram áfallnar skuldbindingar | -3.966 |
| Í hlutfalli af áföllnum skuldbindingum (%) | -22,5% |
| Eignir umfram heildarskuldbindingar | -2.385 |
| Í hlutfalli af heildarskuldbindingum (%) | -4,8% |

### Kennitölur

| | |
|---|---|
| Eignir í ísl. kr (%) | 72,9% |
| Eignir í erl. mynt (%) | 27,1% |
| 1) Fjöldi virkra sjóðfélaga | 10.605 |
| Fjöldi sjóðfélaga í árslok | 41.856 |
| 2) Fjöldi lífeyrisþega | 1.175 |

1) Meðalfjöldi sjóðfélaga sem greiddu iðgjald á árinu.
2) Meðalfjöldi lífeyrisþega sem fengu greiddan lífeyri á árinu.

ÍSLENSKA SIA.IS KAU 45458 03/09

KAUPÞING



†

*Okkar ástkæra,*

**Ester Magnúsdóttir**
frá Hellissandi, Melalind 8, Kópavogi,

lést mánudaginn 16. mars á Vífilsstöðum. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 25. mars kl. 13.00.

Alexander Alexandersson
Hjördís Alexandersdóttir — Guðmundur Jón Jónsson
Bára Alexandersdóttir — Þórarinn Hjálmarsson
Erla Alexandersdóttir — Sigurður Jón Ragnarsson
barnabörn og barnabarnabörn.



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hjördís Sigríður Björnsdóttir**
Teigaseli 2, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Björn Sigurðsson**
**Gunnar Örn Sigurðsson**
**Sævar Sigurðsson**
**og fjölskyldur.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Karen Jónsdóttir**
frá Norðfirði,

lést á Landspítala Landakoti fimmtudaginn 12 mars.

**Margrét Ingimundardóttir**
**Óskar Sigþór Ingimundarson — Hrafnhildur Halldórsdóttir**
**Jón Þór Ingimundarson — Helena Ingvadóttir**
**Ingi Pétur Ingimundarson — Sigrún Pálsdóttir**
**Unnar Smári Ingimundarson — Berglind Viktorsdóttir**
**Steinar Örn Ingimundarson — Jóna Margrét Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún R. Einarsdóttir**
Efstaleiti 14, Reykjavík,

sem andaðist hinn 7. mars sl. á líknardeild LSH í Kópavogi, verður jarðsungin frá Grensáskirkju, fimmtudaginn 19. mars kl. 15.00.

**Einar Már Sigurðarson — Helga M. Steinsson**
**Rúnar Geir Sigurðsson — Amanda J. Scarlett**
**Sigurður Örn Sigurðarson — Ágústína G. Pálmarsdóttir**
**barnabörn og fjölskyldur þeirra.**

†

*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*



**Sveinbjörns Guðbjarnasonar,**
fyrrverandi útibússtjóra, Vesturvangi 22, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir til heimahlynningar og líknardeildar Landspítalans í Kópavogi.

**Sigríður Magnúsdóttir**
**Magnús Sveinbjörnsson — Ingibjörg Steina Eggertsdóttir**
**Gunnar Rúnar Sveinbjörnsson — Dagbjört Lára Helgadóttir**
**Vilhjálmur Davíð Sveinbjörnsson — Elísa Kristinsdóttir**
**Viðar Freyr Sveinbjörnsson — Eva Hauksdóttir**
**afabörn og langafabörn.**

**LUC BESSON LEIKSTJÓRI ER FIMMTUGUR.**

*„Það er alltaf litli maðurinn sem breytir einhverju. Það gera ekki stjórnmálamennirnir eða stóru karlarnir. Hverjir rifu til dæmis Berlínarmúrinn? Það var fólkið á götunni. Sérfræðingana grunaði það ekki daginn áður.“*



***Luc Besson er franskur leikstjóri og kvikmyndaframleiðandi og stofnaði hann EuroCorp-kvikmyndafyrirtækið.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 18. MARS 2004

## *Sigurgöngunni lýkur*



Menntaskólinn í Reykjavík tapaði fyrir fimm árum síðan í Spurningakeppni framhaldsskólanna í fyrsta skipti síðan 1992.

Gettu betur er spurningakeppni framhaldsskóla á Íslandi sem Ríkisútvarpið stendur fyrir árlega. Undankeppni fer fram í útvarpi og að henni lokinni halda átta lið áfram í útsláttarkeppni í sjónvarpinu. Keppnin hefur farið fram árlega síðan árið 1986 og er einn vinsælasti dagskrárliður Ríkisútvarpsins frá upphafi. Fyrstu árin sigruðu ýmsir skólar en vorið 1993 hófst sigurganga Menntaskólans í Reykjavík sem stóð fram til ársins 2004 þegar Verzlunarskóli Íslands bar sigur úr býtum. Menntaskólinn í Reykjavík er sigursælasti skólinn í sögu keppninnar með fjórtán sigra en þar á eftir kemur Menntaskólinn á Akureyri með þrjá sigra og eru þetta einu skólarnir sem unnið hafa oftar en einu sinni.

†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur vináttu, samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*



**Sigurðar Ólafssonar**
Bergstaðastræti 68.

Sérstakar þakkir fá forystumenn Knattspyrnufélagsins Vals.

**Vigdís Sigurðardóttir — Björn Lúðvíksson**
**Hjörtur Sigurðsson — Hafdís Hafsteinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Okkar ástkæri*

**Bessi Guðlaugsson**
Hjallaseli 55, áður til heimilis að Bústaðavegi 65, Reykjavík,

lést mánudaginn 16. mars 2009. Útför hans verður auglýst síðar.

**Rakel Guðlaug Bessadóttir — Auður Bessadóttir**
**Haukur Sævar Bessason — Sigurður Bessason**
**Kári Húnfjörð Bessason — Gréta Sigrún Gunnarsdóttir**
**Vésteinn Hilmar Marinósson**



†

*Hjartkær móðir mín,*

**Hulda Einarsdóttir**
Eyrarlandi, Eyjafjarðarsveit,

andaðist á dvalarheimilinu Kjarnalundi föstudaginn 13. mars. Útför hennar fer fram frá Kaupangskirkju laugardaginn 21. mars kl. 13.30.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Einar Benediktsson**



†

*Okkar ástkæra,*

**Kristín Kristjánsdóttir**
frá Efra-Hóli, Staðarsveit, síðar búsett á Sauðárkróki,

lést 11. mars sl. á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki. Jarðsett verður á Staðarstað laugardaginn 21. mars kl. 14.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Friðjón Jónsson — Hanna Olgeirsdóttir**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



**BURT MEÐ KYNÞÁTTAFORDÓMA** Guðrún Dögg Guðmundsdóttir er framkvæmdastjóri Mannréttindastofu Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

EVRÓPUVIKA: GEGN KYNÞÁTTAMISRÉTTI

# Alla fordóma beint í ruslið

„Á morgun er tækifæri til að henda kynþáttafordómum í ruslið, og ef allir setjast niður, líta í eigin barm og velta fyrir sér hvort þeir hafi fordóma og hvaðan þeir koma, hljóta þeir að komast að þeirri niðurstöðu að fordómar byggja alltaf á vanþekkingu,“ segir Guðrún Dögg Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindastofu Íslands, í tilefni Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti, sem lýkur á sunnudag.

„Við höfum undanfarin ár haldið utan um átakið og ánægjulegt hvað sífellt fleiri aðilar og samtök koma að því og fleiri staðir bjóða upp á dagskrá í tengslum við vikuna. Á morgun verða því fjölmenningarlegir viðburðir klukkan 16.30 í Smáralind, í Neista á Ísafirði, á Glerártorgi á Akureyri og í Reykjanesbæ, en í ljósi efnahagsþrenginga viljum við stuðla að almennu umburðarlyndi í samfélagi okkar, þar sem allir eiga jöfn tækifæri.“

Guðrún segir birtingarmynd kynþáttamisréttis mismunandi eftir löndum og menningarsvæðum. „Á Íslandi glímir fólk meira við dulda fordóma en það að kynþáttahatri sé lýst yfir opinberlega. Löggjöf á Íslandi er mjög takmörkuð hvað þetta varðar og hefur aðeins einn dómur fallið þar sem veist hefur verið opinberlega að öðrum á grundvelli kynþátta. Kerfið er því óvirkt þegar kemur að því að vernda fólk gegn kynþáttamisrétti, þrátt fyrir að ákvæði um slíkt sé í almennum hegningarlögum,“ segir Guðrún og útskýrir að með duldum fordómum sé til dæmis átt við að fólk af erlendum uppruna eigi erfiðara með að sækja þjónustu til jafns við aðra, þeir hafi minni atvinnutækifæri og komist jafnvel ekki inn á skemmtistaði.

Guðrún segir Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti hverfast um alþjóðadag gegn kynþáttamisrétti, 21. mars, en Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna valdi daginn í minningu 69 mótmælenda sem myrtir voru 21. mars 1960, þegar þeir mótmæltu aðskilnaðarstefnu stjórnvalda í Suður-Afríku.

„Evrópuvikan miðar að upprætingu mismunar, fordóma og þjóðernishyggju í álfunni og stuðlar að umburðarlyndu Evrópusamfélagi þar sem allir eru jafnir. Yfirskriftin í ár er fjölbreytni og leggjum við áherslu á að Ísland er fjölmenningarsamfélag, þar sem allir eiga að hafa jöfn tækifæri, óháð útliti og uppruna. Mig grunar að Íslendingar átti sig ekki á því enn að við erum hluti af fjölmenningarsamfélagi. Við þurfum að vera duglegri að opna faðminn fyrir þessum þúsundum manna sem hér hafa sest að, langar að taka þátt í samfélaginu og verða hluti af íslenskri menningu og þjóð.“

**thordis@frettabladid.is**



†

*Elskuleg systir okkar og mágkona,*

**Sigríður Guðbjörnsdóttir,**
Hjúkrunarheimilinu Skógarbæ, áður Reynimel 92,

lést fimmtudaginn 12. mars. Útförin fer fram í kyrrþey.

**Gyða Guðbjörnsdóttir — Stefán Björnsson**
**Sigurlaug Guðbjörnsdóttir**






# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...








Miðvikudagur 17. mars 2009 – 11. tölublað – 5. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 vísir


**Sparisjóðir vilja samruna:**
Óska eftir 25 milljörðum króna


2

**Skuggabankastjórnin:**
Tími kominn á lækkun stýrivaxta


4-5

**Helgi Magnússon:**
Grænir sprotar efnahagsbatans


6

## Róm fram yfir Reykjavík

„Í árslok verðum við í stöðu til að fjármagna okkur sem ríki og Seðlabanki Evrópu stendur að baki bankakerfi okkar," sagði Brian Lenihan, fjármálaráðherra Írlands, í viðtali við Bloomberg í gær.

Hann býst við að kjósendur verði fylgjandi Lissabon-sáttmála Evrópusambandsins í annarri þjóðaratkvæðagreiðslu um hann síðar á árinu komandi. Sáttmálanum var hafnað í kosningu í júní síðastliðnum. Lenihan segir efnahagsþrengingarnar auka á stuðning Íra við Evrópusambandið, um leið og hafnað verði einangrunarstefnu eftir fall íslenska hagkerfisins.

„Stjórnmálaskýrendur segja margir að næst standi valið á milli Rómar eða Reykjavíkur," sagði Lenihan í viðtali við sjónvarpsstöðina Bloomberg í gær. „Flestir kjósa Róm."

Skoðanakönnun sem birt var í Irish Independent í febrúarlok sýndi að 46 prósent studdu Lissabon-sáttmálann, en 27 prósent voru á móti. - óká

## Átta mál frá FME í rannsókn

Alls hefur Fjámálaeftirlitið (FME) vísað átta málum til frekari rannsóknar hjá sérstökum saksóknara, samkvæmt svari FME til fréttastofu Stöðvar 2 og Vísis. Þar af tengjast fimm mál lífeyrissjóðum sem eru í rekstri og eignastýringu Landsbankans.

Jónas Fr. Jónsson, fyrrverandi forstjóri FME, sagðist í viðtali við Markaðinn laust eftir mánaðamótin eiga von á að mál færu að berast til lögreglu fljótlega, enda hefði rannsókn mála hjá FME hafist þegar við fall bankanna. - óká

### HELST Í ÚTLÖNDUM

**Samdráttur hjá Nokia** | Finnski farsímarisinn Nokia ætlar að segja upp um 2.000 manns fram til loka næsta árs vegna samdráttar en efnahagskreppan hefur valdið því að farsímar renna ekki lengur út sem heitar lummur.




**Óvænt hamarshögg** | Nýbyggingar jukust um 22 prósent í Bandaríkjunum í febrúar, samkvæmt tölum viðskiptaráðuneytisins þar í landi sem birtar voru í gær. Tölurnar komu á óvart en mörg ár eru síðan jafn tíðindalítið hefur verið í bygginga- og fasteignageiranum vestra.

**Reiðar bankastjóri** | Ben Bernanke, seðlabankastjóri Bandaríkjanna, sagðist í fréttaskýringaþættinum 60 mínútum um helgina, hafa orðið ævareiður vegna ábyrgðaleysis stjórnenda tryggingarisans AIG. Viðtalið er talið merki um að stjórnvöld vilji gera sig sýnilegri en áður.

**Skrúfa ekki fyrir** | Samtök olíuframleiðsluríkja (OPEC) ákváðu á fundi sínum um síðustu helgi að draga ekki úr framleiðslu til að hífa upp verðið á svarta gullinu. Þess í stað verður reynt að koma í veg fyrir að ríkin haldi sig innan kvótans.

**Litlir bónusar** | Bandaríski tryggingarisinn AIG hefur ákveðið að lækka bónusgreiðslur um 30 prósent. Fyrirtækið hefur átt við rekstrarvanda að etja og hefur bandaríska ríkið þurfa að koma því fjórum sinnum til bjargar síðan í haust.

# Ein leið af mörgun valin í endurreisn

## Bandaríski bankinn JP Morgan vildi byggja upp lítið bankakerfi eftir hrunið með ódýrum hætti. FME kaus aðra leið.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Bandaríski bankinn JP Morgan og Seðlabankinn veltu þeirri hugmynd upp eftir bankahrunið í haust að færa innlán úr gömlu bönkunum yfir í þá nýju en skilja aðrar eignir eftir í gömlu bönkunum, sem yrðu eignaumsýslufélög og sjá um fjárhagslega endurskipulagningu stærstu fyrirtækja landsins. Þrotabú gömlu bankanna og kröfuhafar myndu taka á sig allt tap. Eignaumsýslufélögin myndu síðan kaupa til baka öll verstu lán sem lágu í nýju bankana.

Kostnaður við færslu á milli gömlu bankanna og nýju yrði enginn að undanskildum innlánum bankanna, sem metin yrðu á 1.300 milljarða króna. Skildi litið á þau sem ígildi greiðslu í reiðufé.

Gert var ráð fyrir að enduruppbygging bankakerfisins tæki stuttan tíma og myndi standa eftir tiltölulega lítið bankakerfi. Það myndi svara til 1,5-faldrar landsframleiðslu. Það gamla jafngilti tífaldri landsframleiðslu.

Eftir því sem næst verður komist stóð Fjármálaeftirlitið (FME) frammi nokkrum möguleikum í haust.

Eftirlitið varð nær einráða um endurskipulagningu bankageirans við setningu neyðarlaga í október. Það valdi þá leið að taka yfir innlendar eignir bankanna til að tryggja eðlilega bankastarfsemi og öryggi innstæðna hér. Alþjóðleg starfsemi var skilin frá innlendri starfsemi. Þá yfirtóku nýju bankarnir allar innstæðuskuldbindingar gömlu bankanna hér auk stærsta hluta þeirra eigna sem tengjast íslenskri starfsemi.

Í kjölfarið hófst vinna við verðmat á gömlu og nýju bönkunum. Breska fjármálafyrirtækið Oliver Wyman sér um verðmat nýju bankanna og mun það liggja fyrir í næsta mánuði. Áætlað er að bankarnir gefi út skuldabréf upp á tæpa fjögur hundruð milljarða, sem rennur til þeirra gömlu í skiptum fyrir eignir.

Viðmælendur Markaðarins segja þetta afar kostnaðarsama lausn. Hætta sé á að það verði of þunglamalegt og geti reynt bönkunum ofviða. Því hafi verið betra að fara að tillögum JP Morgans á sínum tíma fremur en FME.

Sambærilegar hugmyndir og þær sem JP Morgan og Seðlabankinn höfðu uppi á borðinu í fyrrahaust hafa gengið í endurnýjun lífdaga í tillögum sem Jón Gunnar Jónsson hefur unnið. Jón hefur um árabil starfað hjá bandaríska fjárfestingabankanum Merrill Lynch víða um heim en tillögurnar hefur hann kynnt þingmönnum og öðrum embættismönnum síðustu vikur.

Tillögurnar ganga nokkuð lengra en hugmyndir JP Morgan en í þeim felst meðal annars að fyrirtæki verði ráðið sem hafi reynslu af því að þefa uppi eignir sem komið hafi verið undan í skjólum. Jón nefnir bandaríska ráðgjafarfyrirtækið Kroll Associates sem dæmi en það hefur þefað uppi eignir Saddams Husseins, fyrrum einræðisherra Íraks, sem hann hafði komið undan.

**ENDURHEIMTUR EIGNARUMSÝSLUFÉLAGA FYRRI ÁRA***

| | Bandaríkin | Finnland | Svíþjóð | Indónesía | Malasía | S-Kórea | Taíland |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Eignir (milljarðar dollara) | 480 | 9,1 | 14,6 | 64,3 | 14,7 | 111,2 | 24 |
| Yfirfærð hraklán (sem hlutfall af lánum) | 8,00% | 5,20% | 7,20% | 76,40% | 7,40% | 29,80% | 18,70% |
| Endurheimtur | 85% | 54% | 74% | 28% | 58% | 55% | 49% |
| Eignaumsýslufélag | RTC | Arsenal | Securum Retriva | IBRA | Danaharta | KAMCO | FRA |
| Ár | 1989-1995 | 1992-2000 | 1992-1997 | 1997-2004 | 1997-2005 | 1962(97) - núna | 1997-2013 |

*Heimild: Samantekt Jóns Gunnars Jónssonar, febrúar 2009.*




## GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Alfesca | -12,5% | -33,3% |
| Bakkavör | -16,2% | -41,8% |
| Eimskipafélagið | 0,0% | -40,0% |
| Föroya Bank | 3,9% | -12,4% |
| Icelandair | -3,5% | -17,3% |
| Marel | -11,2% | -38,9% |
| SPRON | 0,0% | 0,0% |
| Össur | 0,4% | -26,5% |

**Miðað við lokagengi í Kauphöll í gær.*
*Úrvalsvísitalan OMXI15 221*
*Úrvalsvísitalan OMXI6 566*

# Hraðsendingum fækkar í kreppu

## Elstu menn hafa ekki séð jafnhraða niðursveiflu og nú hefur verið.

„Það er víða erfitt," segir Martin Södergård, framkvæmdastjóri hraðsendingafyrirtækisins DHL á Norðurlöndunum. Hann var staddur hér á landi á dögunum.

Fyrirtækið er eitt fjögurra umsvifamestu fyrirtækja í heimi á sviði hraðsendinga með starfsemi í 220 löndum. Það skynjar því vel hvernig kruml-ur kreppunnar hafa herpt að efnahagslífi þjóðanna víða um heim.

Inntur eftir því vildi framkvæmdastjórinn ekki gefa upp með hvaða hætti fyrirtækið hafi fundið sjálft fyrir efnahagskreppunni. Samdrátturinn sé þó upp á tveggja stafa tölu. „Þótt við höfum dregið mjög úr rekstrarkostnaði er passað upp á að það komi ekki niður á þjónustunni. Þá myndum við ekki starfa lengi," segir Södergård.



**STJÓRNENDUR** Christopher Piganoil, sem tók við stöðu framkvæmdastjóra DHL á Íslandi um mánaðamótin, ásamt Martin Södergård, framkvæmdastjóra DHL á Norðurlöndunum. MARKAÐURINN/VALLI

DHL hefur gengið í gegnum margt á fjörutíu árum. Framkvæmdastjórinn segir fáa hins vegar hafa séð jafn hraða niðursveiflu og nú. Sjálfur hafi hann tuttugu ára reynslu í bransanum. „Við tókum eftir því að hraðsendingum hafði fækkað mjög mikið hér í apríl í fyrra. En þetta er ótrúlegt," segir hann. **- jab**

# Spá verðbólgu í 16,2 prósent

Verðbólguvísitalan hækkar um 0,3 prósent í mars gangi eftir spá Greiningar Íslandsbanka.

„Reynist spá okkar á rökum reist mun 12 mánaða verðbólga lækka úr 17,6 prósentum í 16,2 prósent, en verðbólga fór hæst í 18,6 prósent í janúar síðastliðinn," segir í umfjöllun bankans.

„Áhrif gengishruns krónu á haustmánuðum í fyrra eru nú að fjara út, og raunar eru þegar farin að sjást merki um jákvæð áhrif gengisstyrkingar síðustu mánaða," segir þar. Á móti komi enn áhrif af útsölulokum. **- óká**

# Heiðar að mestu skilinn við Novator


**HEIÐAR MÁR GUÐJÓNSSON**

Heiðar Már Guðjónsson, framkvæmdastjóri Novator, á tíðum nefndur hægri hönd Björgólfs Thors Björgólfssonar, stjórnarformanns Straums og meirihlutaeiganda Novator, hefur að mestu sagt skilið við fyrirtækið.

Eftir því sem næst verður komist hefur mjög dregið úr verkefnum Heiðars þótt hann sinni einstaka stórverkum, svo sem í tengslum við finnska íþróttavörurisann Amer Sports.

Heiðar, sem hefur verið ötull talsmaður fyrir einhliða upptöku evru eftir bankahrunið í október í félagi við Ársæl Valfells, lektor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, starfar nú hjá vogunarsjóðnum Clarium.

Bandaríski frumkvöðullinn Peter Thiel setti Clarium á laggirnar fyrir sjö árum í kjölfar sölu á netgreiðsluþjónustunni PayPal, sem hann stofnaði ásamt öðrum, en seldi uppboðsvefnum eBay. Thiel hefur komið að fjárfestingum í fjölda sprotafyrirtækja síðan þá sem orðið hafa risar, svo sem í LinkedIn og Facebook. Thiel flytur senn búferlum til Sviss og mun Heiðar starfa þar, samkvæmt heimildum Markaðarins. **- jab**


**GUÐMUNDUR GUÐBJARNASON** Ársreikningaskrá er um þessar mundir að kalla eftir reikningum vegna ársins 2007. Rúmlega tvö þúsund fyrirtæki fá sekt vegna vanskila á reikningum ársins 2006. MARKAÐURINN/ANTON

# Sektargreiðslur tefjast

## Nokkur þúsund fyrirtæki eiga yfir höfði sér að verða sektuð um kvartmilljón vegna vanrækslu.

„Það hefur verið mikið álag á okkur og því hefur tafist að sekta fyrirtæki vegna vanrækslu á ársreikningaskilum," segir Guðmundur Guðbjarnason, forstöðumaður Ársreikningaskrár ríkisskattstjóra.

Í fyrrasumar tóku í gildi nýjar reglur sem fela í sér að fyrirtæki geta átt yfir höfði sér sekt upp á kvartmilljón vanræki þau skil á árs- eða samstæðureikningi. Tefjist skilin tvö ár í röð nemur sektin hálfri milljón fyrir hvert ár.

Ársreikningaskrá sendi í byrjun síðasta árs áminningu til vanskilafyrirtækja vegna málsins og skiluðu fjögur þúsund fyrirtæki ársreikningi í kjölfarið. Um mitt ár í fyrra sátu rúm tvö þúsund fyrirtæki eftir í trassahópnum. Reiknað er með að heildarsektir vegna vanskila geti numið allt að hálfum milljarði króna vegna ársins 2006.

Guðmundur segir að nú um stundir sé verið að kalla eftir reikningum fyrir árið þar á undan en allmörg fyrirtæki hafi fengið boð um að þau verði sektuð vegna vanskila. Fjöldi fyrirtækjanna liggur ekki fyrir.

„Ég var mun bjartsýnni á það í fyrra að sektir myndu ganga eftir. Við förum í þetta af krafti með vorinu," segir Guðmundur. **- jab**



**FRAMTÍÐARSÝN SPARISJÓÐANNA KYNNT** Gísli Jafetsson og Guðjón Guðmundsson segja mikilvægt að tryggja tilvist sparisjóða landsins. MARKAÐURINN/GVA

# Sparisjóðirnir óska eftir 25 milljörðum

## Sparisjóðir landsins vilja að tilvist þeirra verði tryggð. Stefnt er á uppbyggingu útibúanets um allt land.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

„Sparisjóðirnir eru að verða einu viðskiptabankarnir sem ekki eru í eigu ríkisins. Það verður að tryggja tilvist þeirra og gæta jafnréttis á íslenskum bankamarkaði," segir Guðjón Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka sparisjóða.

Guðjón segir mikilvægt að sparisjóðirnir sinni hlutverki sínu í nærsamfélaginu og haldi greiðslumiðlun við útlönd á lífi. Eins og staðan sé í dag séu sparisjóðirnir einir um slíkt fyrir tilstuðlan Sparisjóðabankans á sama tíma og greiðslumiðlun viðskiptabankanna þriggja við útlönd, sem ríkið tók yfir í október, fari öll í gegnum Seðlabankann. Sparisjóðirnir eru hins vegar veikburða, laskaðir eftir bankahrunið, og verði að leita allra leiða til að halda þeim gangandi.

Þrír sparisjóðir ýmist hafa eru við það að sækja um eiginfjárframlag til fjármálaráðherra vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamörkuðum.

Eiginfjárframlagið miðast lögum samkvæmt við eiginfjárstöðu sparisjóða í árslok 2007 en þá nam hún í heildina 127 milljörðum króna. Miðað við það getur framlag ríkisins orðið að hámarki 25,4 milljarðar króna.

Tæpur helmingur framlagsins fellur í skaut Byrs, eða 10,5 milljarðar króna. Fimm milljarðar króna fara til Sparisjóðs Keflavíkur fái umsókn sparisjóðsins vilyrði um framlag.

Eins og fram kom á föstudag í síðustu viku ætlar stjórn Byrs að sækja um framlag til fjármálaráðherra í vikunni. Bankinn tapaði 29 milljörðum króna í fyrra. Inni í tapinu er arðgreiðsla stofnfjáreigenda upp á 13,5 milljarða króna, líkt og áður hefur komið fram.

Guðjón benti á að þótt arðgreiðsla stofnfjáreigenda Byrs hafi verið umdeilanleg verði að horfa til þess að þeir hafi lagt sjóðnum til 26 milljarða króna árið á undan. Þótt þeir hafi fengið helming á móti í arð sé útlit fyrir að eignarhlutur þeirra þynnist gangi áætlanir eftir um eiginfjárframlag ríkisins.

Guðjón og Gísli Jafetsson, forstöðumaður fræðslu- og upplýsingamála sparisjóðanna, kynntu framtíðarsýn sparisjóðanna í gær. Tillögurnar hafa verið kynntar ráðamönnum. Þar er lögð áhersla á mikilvægi sparisjóðanna fyrir einstaklinga og millistór fyrirtæki landsins.

Tillögurnar fela í sér að sparisjóðunum verði veittar víðtækar heimildir til sameiningar. Gangi það eftir muni sparisjóðum fækka um tæpan helming, eða úr fjórtán í mesta lagi átta. Stefnt er að því að einn til tveir verði starfræktir á suðvesturhorni landsins en fjórir til sex á landsbyggðinni.

Þá hafa sparisjóðirnir áætlanir uppi um uppbyggingu á þéttriðnu útibúaneti um allt land, svo sem með yfirtöku eða kaupum á útibúum gömlu viðskiptabankanna. Stefnt er að því að útibú sparisjóðanna verði um sextíu þegar upp verði staðið.

SAMSUNG
CLX-3160FN


SAMSUNG
Á SKRIFSTOFUNA!
FRÁBÆRT FJÖLNOTATÆKI
LITA LASERPRENTARI: Upplausn: 2400 X 600 dpi
SKANNI OG LJÓSRITUN: Upplausn: 600 X 1200 (max 4800 X 4800 )
FAXTÆKI: Leshraði: 3 sek pr/bls · Númeraminni: 30 beint
ALMENNT: Pappírsbakki inn/út: 150/100 blöð · Minni: 128 MB
TENGING: USB 2.0, Ethernet 10/100BaseTX
TILBOÐSVERÐ: 69.900,-
VERÐ ÁÐUR: 89.900,-
NÝR LITA LASER-PRENTARI

SAMSUNG
CLP-310
NÝR, NETTUR, HLJÓÐLÁTUR OG SKARPUR LITA LASER-PRENTARI
Upplausn: 2400 X 600 dpi
Minni: 32MB
Hljóðmagn: <49dB
Stuðningur: Windows, Mac OS 10.3.x og Linux
Tenging: USB 2.0
VERÐ: 39.900,-

SAMSUNG
SCX-4300
NÝTT FJÖLNOTATÆKI
LASER-PRENTARI
SKANNI, LJÓSRITUN
Laserprentari: Svart-hvítur
Prenthraði: 18 bls./mín.
Skanni og ljósritun: Upplausn: 600x2400dpi
Stuðningur: Windows, Mac OS, Linux
Tenging: USB 2.0
VERÐ: 37.900,-
ORMSSON
SKRIFSTOFUVÖRUR · SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2800




# Nú fer hver að verða síðastur!

*Allt í steik lýkur 29. mars*

## 4ra rétta seðill

1 HRÁSKINKA „PROSCIUTTO“
með fíkjum, salati og ferskum parmesanosti

2 RJÓMALÖGUÐ HUMARSÚPA
með humarfrauði

VELDU MILLI ÞRIGGJA AÐALRÉTTA

MARINERAÐUR KÁLFAHRYGGUR Á BEINI
með ristuðu grænmeti, kartöflumauki
og hunangskryddsósu (4.590 kr.)

3 ÖND
með appelsínusósu og kartöfluköku (5.590 kr.)

NAUTALUND
Béarnaise með grilluðu hvítlauksristuðu spínati
og sperglum (6.590 kr.)

4 LOGANDI CRÈME BRÛLÉE
með súkkulaði ís

*Gjafabréf Perlunnar*
*Góð tækifærisgjöf!*



*Allt í steik verð frá* **4.590 kr.**

**Nýr A la Carte hefst 30. mars!**

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207 - *Netfang* perlan@perlan.is - *Vefur* www.perlan.is

Dreifing ehf. · Lindsay · Garri · Lambhagi · Egils · Kjötsmiðjan · Globus · PERLU KAUP · MARLAND · A. Karlsson · Bakkus · ora · Ísfugl · Gevalia



**SKUGGABANKASTJÓRN Á RÖKSTÓLUM** Ásgeir Jónsson, Ólafur Ísleifsson, Þórður Friðjónsson og Edda Rós Karlsdóttir bera saman bækur sínar um hvaða stefnu væri skynsamlegast fyrir Seðlabankann að taka í ákvörðun um stýrivexti á morgun, fimmtudag.

MARKAÐURINN/GVA

# Tími kominn á myndarlega *lækkun stýrivaxta*

Skuggabankastjórn Markaðarins kemur nú saman í gjörbreyttu umhverfi Seðlabanka Íslands. Lagaumhverfi er nýtt, skipt hefur verið um yfirstjórn og vinnulagi við vaxtaákvarðanir breytt. *Óli Kristján Ármannsson* settist niður með **Ásgeiri Jónssyni, Eddu Rós Karlsdóttur, Ólafi Ísleifssyni** og **Þórði Friðjónssyni** og komst að því að öll vilja þau láta lækka vexti núna.

Á næstu vikum ætti að lækka hér stýrivexti um allt að 400 punkta (fjögur prósentustig), samkvæmt áliti skuggabankastjórnar Markaðarins. Seðlabanki Íslands tilkynnir á morgun, fimmtudag, um stýrivaxtaákvörðun sína, þá fyrstu eftir að ný lög um Seðlabankann tóku gildi og þar voru gerðar breytingar á yfirstjórn.

Skuggabankastjórnin leggur til hratt vaxtalækkunarferli með umtalsverðri lækkun strax í upphafi. Um leið er lögð áhersla á markvissa efnahagsstjórn sem miði að því að koma í veg fyrir að ríkið lendi í skuldakreppu. Þá sé mikilvægt fyrir Seðlabanka Íslands að láta af því að horfa til verðbólgu síðustu 12 mánaða þegar teknar eru ákvarðanir um stýrivexti, enda sé hér nú allt annað hagkerfi en var þá. Bankinn eigi fremur að nota eigin verðbólguspá sem grunn í spá um raunstýrivexti.

Jafnframt telur skuggabankastjórnin að ný peningastefnunefnd megi ekki fara of varfærnislega af stað í lækkunarferlinu. Hér hafi áður gengið vel á tímum þjóðarsáttarinnar að keyra í gegn hraða lækkun stýrivaxta og hratt lækkunarferli sé mjög mikilvægt. Hættan sé sú að í umhverfi þar sem vextir séu mjög háir og almennt sé búist við lækkun verði uppi almenn biðstaða meðan beðið er lækkunarinnar. Hratt vaxtalækkunarferli sé þannig ein af forsendum þess að kerfið fari aftur af stað.

Um leið telur skuggabankastjórnin að sem allra fyrst þurfi að finna framtíðarlausn í gjaldmiðlamálum þjóðarinnar, ekki verði til lengdar búið við það óvissuástand sem uppi sé í gjaldeyris- og peningamálum.



ÞÓRÐUR FRIÐJÓNSSON

**VERJA ÞARF RAUNHAGKERFIÐ**

„Ég tel forsendur til að lækka vexti nú – og vaxtalækkunin eigi að vera umtalsverð. Það er svo matsatriði hver lækkunin á nákvæmlega að vera í tölum. Að öllu athuguðu er mín skoðun sú að stýrivextina eigi að lækka um fjögur prósentustig, úr 18 prósentum í 14 prósent,“ segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar.

Hann segir rökin fyrir umtalsverðri lækkun nú felast í gjörbreyttum aðstæðum í efnahagslífinu. „Kreppa hefur tekið við af þenslu. Umsvif og velta í efnahagslífinu hafa snarminnkað. Í því sambandi nægir að benda á kortaveltu, innflutning og húsnæðismarkaðinn. Þá hefur mikill vöruskiptahalli snúist í verulegan afgang, atvinnuleysi hefur margfaldast og rauntekjur heimila dregist meira saman en dæmi eru um. Loks sækja að atvinnulífi og fyrirtækjum meiri erfiðleikar en frá því á kreppuárunum á fjórða áratug síðustu aldar. Við þessar aðstæður er verðbólga engin ógn heldur hættan á því að framleiðslugeta hagkerfisins skaðist til langframa. Brýnasta verkefnið er því að verja raunhagkerfið, á því hvíla lífskjörin til framtíðar. Háir vextir áfram geta að mínu viti teflt í tvísýnu framleiðslugetu hagkerfisins og torveldað mjög endurreisn þess.“ Þórður segist ekki í nokkrum vafa um að vaxtalækkun við þessar aðstæður sé besta leiðin til að örva hagkerfið. „Vara verður við almennum aðgerðum í ríkisfjármálum í þessu skyni. Þeim mun veikari sem staða ríkissjóðs verður gerð þeim mun meiri líkur eru á því að við festumst í sjálfheldu hárra vaxta um langa hríð.“

Þórður segir þá sem vilja halda vöxtum óbreyttum eða fara varlega í vaxtalækkun einkum benda á tvennt. Annars vegar að verulega lækkun vaxta kunni að veikja krónuna og fyrir vikið valda aukinni verðbólgu. „Ég hygg að þessi hætta sé ofmetin – og þótt krónan veiktist eitthvað tímabundið væri skaðinn sem af því leiddi sennilega miklu minni en af áframhaldandi hávaxtastefnu,“ segir hann. Hins vegar sé gjarnan bent á að tólf mánaða verðbólga sé nú 17,6 prósent og ekki gangi að hafa raunvexti neikvæða. „Þetta er bábilja að mínu viti. Það er fráleitt að miða við verðbólgu tólf mánuði aftur í tímann þegar aðstæður eru jafn ólíkar og dagur og nótt,“ segir Þórður Friðjónsson og telur að öllu samanlögðu brýnt að stýrivextir verði lækkaðir umtalsvert við núverandi aðstæður og þær horfur sem blasi við í efnahagslífinu.



ÓLAFUR ÍSLEIFSSON

**GJALDEYRIS- OG PENINGAMÁLUM KOMIÐ Í VARANLEGA SKIPAN**

Ólafur Ísleifsson, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, bendir á að vaxtaákvörðunin á morgun sé hin fyrsta frá því ný lög um Seðlabankann tóku gildi. „Samkvæmt þeim skal opinberlega birta fundargerðir peningastefnunefndar og gera grein fyrir ákvörðunum nefndarinnar og forsendum þeirra. Vænta verður að upplýsingagjöf í þessu efni verði hin vandaðasta,“ segir hann og kveður meginverkefni peningastefnunefndar vera að ákveða myndarlega lækkun stýrivaxta nú þegar og leggja fram áætlun um frekari lækkun vaxta á komandi tíð.

„Engar forsendur eru fyrir hinum ofurháu vöxtum sem hvergi eru hærri innan OECD en hér á landi. Naumast þarf 18 prósenta stýrivexti til að styðja við gengi krónunnar þegar hún liggur í gjaldeyrishafti. Ekki verður séð að 18 prósenta stýrivexti þurfi til að halda aftur af verðbólgu þegar eldsneyti hennar virðist þrotið. Verðbólgan kann og að vera ofmetin í ljósi þess að makaskipti og falskt verð á fasteignamarkaði koma í veg fyrir að verðbólgan mælist rétt í þessu tilliti. Önnur lönd hafa beitt sér gegn kreppunni með verulegri lækkun stýrivaxta sem víðast hvar liggja á bilinu núll til tvö prósent.“

Um leið bendir Ólafur á að enda þótt vextirnir hér séu út úr korti og þurfi að lækka umtalsvert sé Seðlabankinn í þeirri aðstöðu að þurfa að endurvinna sér trúverðugleika. Þetta kunni að setja honum hömlur í að ganga jafn fast fram við vaxtalækkanir og tilefni væri til.

Hann segir þess jafnframt að vænta að Seðlabankinn eigi hlut að viðræðum við eigendur krónubréfa með það að markmiði að viðunandi jafnvægi ríki milli hagsmuna þessara aðila og innlends gjaldeyrismarkaðar. „Nýr bankastjóri Seðlabankans lýsti því sem meginmarkmiði að styrkja gengi krónunnar og slíkar viðræður sýnast nauðsynlegar til að skapa skilyrði fyrir því að svo verði. Um leið fælu þær í sér nauðsynlegan undirbúning á afnámi gjaldeyrishafta,“ segir Ólafur Ísleifsson og kveður nýja peningastefnunefnd Seðlabankans hljóta að leggja fram greinargerð um aðgerðir á starfssviði sínu til að tryggja að atvinnulífið búi við viðunandi starfsskilyrði í krónuhagkerfinu og þangað til takist að koma á nýrri varanlegri skipan gjaldeyris- og peningamála. Skortur á skýrri sýn um þá framtíðarskipan segir hann vera akkillesarhæl þeirrar efnahags-

# Efnalaugin Björg

Áratuga reynsla og þekking
- í þína þágu

...alltaf í leiðinni

EFNALAUGIN BJÖRG
EFNALAUG ÞVOTTAHÚS
Háaleitisbraut 58-60 • Sími 553 1380
www.bjorg.is

Opið: mánudaga - fimmtudaga 8⁰⁰ - 18⁰⁰ • föstudaga 8⁰⁰ - 19⁰⁰ • laugardaga 10⁰⁰ - 13⁰⁰




## EFNI BLAÐSINS


**Er heimilt að setja útlending í íslenskt embætti?**
**Ásmundur Helgason:**
Sigurður Líndal lagaprófessor hefur lýst efasemdum um að það standist stjórnarskrá að setja útlending í embætti seðlabankastjóra. Ásmundur Helgason, lögfræðingur á skrifstofu Alþingis, er á öðru máli. Grundvallarmunur sé á stöðu skipaðra embættismanna og þeirra sem settir eru tímabundið til að gegna embættum

**Neikvæðir nafnvextir og tímastimplaðir seðlar**
**Gunnar Kristinn Þórðarson**
Ísland siglir inn í tímabil verðhjöðnunar, skrifar Gunnar Kristin Þórðarson. En meðan heimsbyggðin gerir ráðstafanir gera Íslendingar ekki neitt til að búa sig undir vandann. Gunnar nefnir svokallaða tímastimplaða seðla sem mögulega lausn; róttæka aðgerð sem að hans mati kemur síst við þá sem minnst hafa á milli handanna.

**Ótrúlegur vanskilningur**
**Njörður P. Njarðvík**
„Vissulega mun það kosta sitt að halda stjórnlagaþing og breyta stjórnarskránni," skrifar Njörður P. Njarðvík. Sá kostnaður sé þó ekki mikill borinn saman við þann sem þjóðin þarf að taka á sig nú eftir viðskilnað síðustu ríkisstjórnar.

**Eyðileggur frjálshyggjan fólk?**
**Ellý erlingsdóttir**
Svo er gripið í gamalkunnugt stef, meintum hörmungum og tjóni annarrar þjóðar lýst. Hingað til hafa sjálfstæðismenn einkum notast við Svíagrýluna en nú er „breska heimsveldið" langt undir, enda gerir það ekkert til það líða sjálfsagt mörg ár þangað til að Íslendingar dansa þar upp á borðum.


Sjálfstæðisflokkurinn og Evrópumál

# Næsta afsökunarbeiðni?




JÓN BALDVIN HANNIBALSSON
fyrrverandi ráðherra


Skörp greining Benedikts Jóhannessonar stærðfræðings í Fréttablaðinu (11.03.) á tveimur framtíðarkostum þjóðarinnar ætti að vekja fólk til umhugsunar. Annars vegar óbreytt ástand með krónuna í farteskinu og meðfylgjandi gengisfellingar, afkomusveiflur, ofurvexti og reglubundnar neyðarráðstafanir þegar allt er komið í hönk. Hins vegar aðild að Evrópusambandinu og evrusvæðinu með traustan gjaldmiðil, viðráðanlega vexti, tiltölulega stöðugt verðlag og rekstrarskilyrði atvinnuvega sem skapa rými fyrir erlendar fjárfestingar, nýsköpun og þar með samkeppnishæfni á alþjóðamörkuðum.

Valið sýnist við fyrstu sýn vera tiltölulega auðvelt. Hvernig má það vera að það hefur vafist fyrir forystumönnum Sjálfstæðisflokksins að gera upp hug sinn til þessa stærsta verkefnis samtímans hátt á annan áratug? Það er ekkert launungarmál að forystumenn íslensks atvinnulífs hafa hingað til talið sig eiga pólitískt athvarf í Sjálfstæðisflokknum? Hvernig má það vera að hin pólitíska forysta flokksins er svo veruleikafirrt að hún skilur ekki lengur brýnustu þarfir atvinnulífsins? Eru þessir menn virkilega ófærir um að setja sig í spor þeirra manna sem þurfa að reka fyrirtæki með hagnaði og ráða fólk í vinnu og borga því laun?

Það er dapurlegt að rifja upp hringlandahátt forystumanna Sjálfstæðisflokksins og átakanlegan skort þeirra á stefnufestu í þessu stærsta máli samtímans á undanförnum tveimur áratugum. Tökum nokkur dæmi:

- Sem formaður aldamótanefndar Sjálfstæðisflokksins (1989) kvað Davíð Oddsson, þáverandi borgarstjóri, upp úr um það að framtíð Íslands væri innan Evrópusambandsins.
- Í stjórnarandstöðu, undir forystu Þorsteins Pálssonar, snerist Sjálfstæðisflokkurinn hins vegar gegn EES-samningnum, sem vinstri stjórn Steingríms Hermannssonar vann þá að, og þóttist vilja tvíhliða samning við Evrópusambandið um markaðsaðgang fyrir sjávarafurðir. Seinna viðurkenndu sjálfstæðismenn að þetta hefði verið lýðskrum, enda enginn slíkur samningur í boði.
- Eftir kosningar 1991 var Sjálfstæðisflokkurinn tilbúinn, undir nýrri forystu, að kúvenda afstöðu sinni til EES-samningsins, gegn því að fá ríkisstjórnarforystu.
- Þegar gengið var til atkvæða á Alþingi um EES-samninginn (13. jan. 1993) klofnaði þingflokkur Sjálfstæðisflokksins í afstöðu sinni þrátt fyrir natna verkstjórn Björns Bjarnasonar, sem þá var formaður utanríksmálanefndar.
- Í tólf ára stjórnarsamstarfi með Framsókn notaðist Sjálfstæðisflokkurinn við þau rök að Ísland þyrfti ekki að ganga í Evrópusambandið af því að EES-samningurinn væri svo góður.
- Eftir hrun þykjast forystumenn Sjálfstæðisflokksins hafa fundið það út að hrunið væri EES-samningnum beinlínis að kenna. Það hefði verið hættulegt árið 1994 að opna fyrir gagnkvæman fjárfestingarrétt og fjármagnsflutninga skv. EES-samningnum, án þess að stíga skrefið til fulls og taka upp evruna.
- Alþýðuflokkurinn, undir minni forystu, boðaði þá stefnu – inngöngu í Evrópusambandið og upptöku evru – þegar fyrir kosningarnar 1995. Þá þótti Sjálfstæðismönnum það hin versta fjarstæða af því að Íslendingum gengi miklu betur en Evrópusambandinu á þeim tíma.
- Undir lok stjórnarsamstarfsins með SF stóð til að hraða landsfundi í því skyni að reyna að móta flokknum stefnu í málinu. Nú er búið að fresta þeim fundi og flokkurinn er jafn stefnulaus í stærsta máli samtímans og hann hefur alltaf verið.
- Þannig mun hann ganga klofinn til kosninga í apríllok.

> Hvernig má það vera að flokkur sem getur ekki einu sinni veitt sjálfum sér forystu geri kröfu til að leiða þjóðina út úr þeim ógöngum, sem þessi sami flokkur kom þjóðinni í?

Þetta er ein samfelld sorgarsaga. Hvað veldur þessu pólitíska getuleysi flokks, sem löngum hefur verið stærsti flokkur þjóðarinnar og talið sig vera, að eigin áliti, forystuflokk þjóðarinnar? Er það virkilega óttinn við klofning flokksins sem veldur því að flokksforystan getur ekki gert upp hug sinn? Ætlar Sjálfstæðisflokkurinn virkilega að láta það um sig spyrjast að þjóðarhagsmunir eigi að víkja fyrir flokkshagsmunum? Hvernig má það vera að flokkur sem getur ekki einu sinni veitt sjálfum sér forystu geri kröfu til að leiða þjóðina út úr þeim ógöngum, sem þessi sami flokkur kom þjóðinni í? Heitir þetta ekki að dæma sig sjálfur úr leik?


Stórglæsileg sérblöð,
**Föstudagur**
**Heimili og hönnun**
**Ferðalög**
fylgja Fréttablaðinu um helgina.

**Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:**
Benedikt í síma 512 5411 eða benediktj@365.is
Bjarni Þór í síma 512 5471 eða bjarnithor@365.is
Hlynur í síma 512 5439 eða hlynurs@365.is
Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ



Alla föstudaga



Alla laugardaga



21. mars

Setning í embætti

# Er heimilt að setja útlending í embætti seðlabankastjóra?

ÁSMUNDUR HELGASON
lögfræðingur á skrifstofu Alþingis og st.kennari í opinberum starfsmannarétti.



Sigurður Líndal, prófessor í lögfræði, skrifaði grein hér í Fréttablaðið miðvikudaginn 11. mars þar sem hann færir rök fyrir því að ekki megi setja útlending tímabundið í embætti seðlabankastjóra. Í greininni vísar hann til 2. mgr. 20. gr. stjórnarskrárinnar þar sem segir að engan megi skipa embættismann nema hann hafi íslenskan ríkisborgararétt. Hér ætla ég ekki að fjalla um einstök atriði í þessari röksemdafærslu Sigurðar heldur skoða niðurstöðu hans sem ég tel að ekki fái staðist.

**Hefðbundin túlkun**

Í greininni rekur Sigurður umfjöllun Einars Arnórssonar, Bjarna Benediktssonar og Ólafs Jóhannessonar um túlkun stjórnarskrárákvæðisins en allir töldu þeir heimilt að setja útlending í embætti tímabundið nema kveðið væri á um annað í almennum lögum. Umfjöllun þremenninganna ber með sér að lengi hefur tíðkast að setja menn á þennan hátt í embætti og önnur störf hjá ríkinu. Þar sem 2. mgr. 20. gr. stjórnarskrárinnar tekur aðeins til skipunar var eðlilegt að draga þá ályktun að sú takmörkun sem fólst í ákvæðinu gilti ekki um tímabundna setningu í embætti. Það var enda niðurstaða þeirra og því rétt að líta svo á að það væri í höndum almenna löggjafans að ákveða hvort frekari kröfur yrðu gerðar að þessu leyti til umsækjenda um embætti.

Þessi skilningur var einnig lagður til grundvallar við setningu laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Samkvæmt 4. tölulið 1. mgr. 3. gr. þeirra var íslenskur ríkisborgararéttur almennt skilyrði þess að fá skipun, setningu eða ráðningu. Víkja mátti frá þessu skilyrði ef talið var sérstaklega eftirsóknarvert að fá erlendan ríkisborgara til að gegna starfi til bráðabirgða, en jafnframt tekið fram að ekki mætti skipa hann fyrr en hann hefði öðlast íslenskan ríkisborgararétt. Augljóst er að þar var skilyrðið í 2. mgr. 20. gr. stjórnarskrárinnar haft í huga og skýr greinarmunur gerður á skipun og setningu í þessu sambandi.

Lög nr. 38/1954 höfðu mjög almennt gildissvið. Þau tóku til allra sem voru skipaðir, settir eða ráðnir í þjónustu ríkisins með föstum launum enda væri starfið aðalstarf viðkomandi. Þar var enginn greinarmunur gerður á embættum og öðrum störfum og ekki skilið sérstaklega milli embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins. Í lögunum voru heldur ekki tæmandi fyrirmæli um hvenær heimilt var að setja mann í stöðu eða hversu lengi slík setning mátti vara. Hins vegar var ljóst að skipun í stöðu var forsenda svonefndrar æviráðningar. Með setningu var hins vegar greinilega átt við tímabundna ráðstöfun á stöðu. Þegar fram leið varð hins vegar æ algengara að starfsmenn ríkisins væru ráðnir í störf með gagnkvæmum uppsagnarrétti í stað þess að skipa þá í stöður eða setja tímabundið.

Samkvæmt þessu virðist óumdeilt að ráðherra og öðrum stjórnvöldum var heimilt, meðan lög nr. 38/1954 voru í gildi, að setja erlendan ríkisborgara tímabundið til að gegna stöðu ef það var talið sérstaklega eftirsóknarvert nema að tekið væri fyrir þá heimild í sérlögum. Ekki mátti hins vegar skipa hann ævilangt í embætti nema að hann öðlaðist íslenskan ríkisborgararétt.

**Breytingarnar 1996**

Með nýjum lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem samþykkt voru 1996, voru starfsmenn ríkisins flokkaðir í tvennt, embættismenn og aðra ríkisstarfsmenn, en réttindi þeirra og ráðningarfesta er á ýmsan hátt ólík. Með þessu varð ljósara en verið hafði hverjir ættu að teljast embættismenn í skilningi stjórnarskrárákvæðisins, en þeir eru taldir upp með tæmandi hætti í 22. gr. laganna. Seðlabankastjóri er að vísu ekki sérstaklega tilgreindur í ákvæðinu en hann telst hins vegar vera forstöðumaður ríkisstofnunar og hafa frá öndverðu verið á lista forstöðumanna sem fjármálaráðuneytið birtir árlega.

Með lögunum 1996 var hin svokallaða æviráðning þeirra sem skipaðir voru í stöður afnumin, en samkvæmt þeim ber ráðherra almennt að skipa menn í embætti til fimm ára í senn. Aðrir ríkisstarfsmenn eru alla jafna ráðnir til starfa með uppsegjanlegum ráðningarsamningum. Þeir sem eru skipaðir í embætti hætta þó ekki störfum sjálfkrafa að liðnum þessum fimm ára skipunartíma eins og almennt á við þegar um tímabundnar ráðningar er að ræða. Þvert á móti þarf ráðherra að taka sérstaka ákvörðun um að binda enda á starfssambandið þegar skipunartíminn er að líða. Samkvæmt 2. mgr. 23. gr. laganna verður það aðeins gert með því að tilkynna embættismanninum sex mánuðum áður en skipunartíminn rennur út að auglýsa eigi embættið laust til umsóknar. Sé það ekki gert framlengist skipunartíminn hins vegar sjálfkrafa um næstu fimm ár.

Ekki hefur verið leyst úr því í lagaframkvæmd hvort ákvörðun ráðherra um að auglýsa embætti á grundvelli 2. mgr. 23. gr. laganna teljist stjórnvaldsákvörðun, þannig að skylt sé að fylgja stjórnsýslulögum nr. 37/1993 við töku ákvörðunarinnar, eða á hvaða forsendum slík ákvörðun getur byggst. Þó er ljóst að svigrúm ráðherra er mun víðtækara þegar skipunartíminn er að renna út til að víkja embættismanni úr starfi en ella. Staðreyndin er hins vegar sú að það er afar fátítt að ráðherrar grípi til þessa úrræðis. Í reynd hefur staða embættismanna því lítið breyst að þessu leyti að öðru leyti en því að þeir geta átt von á því að þeim verði vikið til hliðar á fimm ára fresti ef þeir hafa ekki staðið undir væntingum samkvæmt málefnalegu mati ráðherra.

Annað nýmæli laganna frá 1996 var að setja ákveðnari reglur um setningu manna í embætti. Samkvæmt 24. gr. laganna eru slíkar setningar aðeins heimilar af tveimur ástæðum, annars vegar út af forföllum skipaðs embættismanns og hins vegar til reynslu áður en hann er skipaður í embættið. Þá eru í ákvæðinu settar skorður við því hversu lengi slík setning mega vara, en hún má aðeins vara í eitt ár ef hún er út af forföllum en í mesta lagi tvö ár ef um setningu til reynslu er að ræða.

Af þessu verður ráðið að það er enn þá grundvallarmunur á stöðu skipaðra embættismanna og þeirra sem settir eru tímabundið til að gegna embættum. Lögin tala heldur aldrei um þá síðarnefndu sem embættismenn, heldur segir í niðurlagi 24. gr. að sá sem er settur í embætti njóti réttinda og beri skyldur skv. VI. (Lausn frá embætti) og VII. kafla (Sérstakar skyldur) eftir því sem við á, og í athugasemdum með frumvarpinu er tekið fram að þeir sem eru settir í embætti verði ekki sjálfkrafa embættismenn.

**Túlkun í ljósi breyttrar réttarstöðu**

Ljóst er að gildistaka laga nr. 70/1996 hafði þá þýðingu gagnvart 2. mgr. 20. gr. stjórnarskrár að nú er ljóst við hverja er átt þegar stjórnarskráin víkur að embættismönnum. Hins vegar er ekki hægt að sjá nein gild rök fyrir því að með þeim hafi orðið sú efnisbreyting að nú gildi takmörkun málsgreinarinnar einnig um setningu í embætti. Þó að vissulega hafi ákveðnar breytingar orðið á réttarstöðu skipaðra embættismanna, sem hér hefur verið bent á að séu ýktar í grein Sigurðar, þá heimilar það engan veginn að teygt sé á gildissviði reglunnar gagnvart gerningum sem falla ekki undir hana hvort sem litið er til orðalags ákvæðisins og langvarandi túlkunar þess. Engin breyting hefur verið gerð á stjórnarskránni að þessu leyti og engar vísbendingar liggja fyrir um að með lögum nr. 70/1996 hafi hugmyndin verið að hrófla við heimild ráðherra til að setja útlending tímabundið í embætti. Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að almennar hæfiskröfur samkvæmt 6. gr. laganna taka samkvæmt orðalagi sínu aðeins til þeirra sem eru skipaðir eða ráðnir í störf en ekki til þeirra sem eru settir í embætti. Lögin frá 1996 breyta því engu réttarstöðunni að þessu leyti hvað þá að þau hafi áhrif á túlkun stjórnarskrárinnar. Þá gefur stjórnarskráin ekkert tilefni til að greina á milli einstakra embætta þannig að hæfisskilyrði 2. mgr. 20. gr. hennar útiloki að útlendingar séu settir í sum embætti en ekki önnur.

**Að virða stjórnarskrána**

Í niðurlagi greinar sinnar ýjar Sigurður Líndal að því að með því að setja norskan mann tímabundið í embætti seðlabankastjóra hafi valdhafar gengið á svig við stjórnarskrána eða höggvið nærri henni. Með slíku háttalagi sé almennt hætta á að stjórnskipanin gangi úr skorðum þar sem gjarnan sé vísað til fordæma þegar næst reynir á. Með þessum ummælum leggur Sigurður áherslu á að farið sé gætilega á þeim sviðum þar sem reynir á túlkun stjórnarskrárinnar og að menn umgangist hana af virðingu. Undir það má taka en jafnframt benda á að stjórnarskránni er engin virðing sýnd með því að leggja sig í líma við að lesa út úr henni reglur sem þar er ekki að finna.



**KRISTJÁN IX OG STJÓRNARSKRÁ ÍSLANDS** Það er rétt að fara gætilega á þeim sviðum þar sem reynir á túlkun stjórnarskrárinnar og að menn umgangist hana af virðingu, segir greinarhöfundur. En stjórnarskránni er engin virðing sýnd með því að lesa út úr henni reglur sem þar er ekki að finna.





**SKÓHILLA** sem hægt er að sitja á er mjög góður kostur í forstofuna. Mörgum finnst erfitt að standa þegar þeir fara í skóna og þá þarf ekki að eyða plássi í stóla.

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

GLÓFAXI HF.
Ármúla 42 - Sími 581 2900
glofaxi@simnet.is
Bílskúrs-, útidyra- og iðnaðarhurðir
• Hurðir til á lager • Smíðað eftir máli
• Eldvarnarhurðir • Öryggishurðir

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

HLEÐSLUTÆKI
ER RAFGEYMIRINN TÓMUR?
12V 3,6A
12V 0,8A
Tilboð í mars
10% afsláttur af þessum tveimur tækjum
SKORRI
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM
Bíldshöfða 12 · 110 RVK · 577 1515 · skorri.is



Jón Baldur Þorbjörnsson (til hægri), leiðsögumaður og eftirreka í ferðinni, ásamt bróður sínum, Þorvarði Inga Þorbjörnssyni, sem var fararstjóri og fór fyrir bílalestinni. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Á Land Rover um landið

**Jón Baldur Þorbjörnsson hefur margra ára reynslu af leiðsögumannastörfum og hefur ferðast um landið þvert og endilangt. Hann er nýkominn heim úr ánægjulegri en krefjandi jeppaferð um suðurhálendið.**

Jón Baldur Þorbjörnsson er nýkominn heim úr fyrstu Iceland Trophy Winter-ferðinni þar sem ekið var um Suðurland og inn á hálendið á sérútbúnum Land Rover-jeppum. Segja má að ferðin sé smækkuð útgáfa af Camel Trophy-keppninni, sem haldin var víða um heim á árunum 1980 til 2000, að því leyti að ferðamenn aka sjálfir um ævintýralegar slóðir á Land Rover.

„Þetta var fimm daga ferð um suðurhálendið þar sem reyndi mikið á aksturshæfileika þátttakenda auk þess sem þeir þurftu að bjarga sér við krefjandi aðstæður. Við keyrðum yfir Langjökul upp að Kili, um Línuveg að Landmannalaugum og Heklu svo dæmi séu tekin og var þetta að vonum mikil upplifun fyrir þátttakendur sem voru frá Sviss, Hollandi, Þýskalandi og Bretlandi,“ segir Jón Baldur, sem rekur ferðaskrifstofuna Ísafold Travel sem hafði umsjón með ferðinni.

„Þetta er skemmtileg nýjung í ferðaþjónustu á Íslandi en ferðamenn hafa hingað til ekki getað leigt sér breytta jeppa til að spreyta sig á. Um er að ræða virka ferðaþjónustu þar sem ferðamenn hafa sjálfir fyrir hlutunum og koma sér á milli staða,“ segir Jón Baldur en honum þykir sérstaklega mikilvægt að bjóða upp á nýjungar í ferðaþjónustu nú á erfiðum tímum til að laða erlenda ferðamenn að landinu.

„Það eru engir nýgræðingar sem leggja upp í svona ferð og þurfa þátttakendur að kunna eitthvað fyrir sér. Við leggjum þó mikið upp úr öllum öryggisatriðum og erum bæði með mann með öflugan bíl sem fer fyrir hópnum og eftirreku.“

Jeppunum, sem eru tíu talsins, var öllum breytt hjá fyrirtækinu SS Gíslasyni sem sérhæfir sig í breytingum á Land Rover. Þeir voru allir gerðir eins úr garði og sérhannaðir fyrir íslenskar aðstæður. Í sumar býður Ísafold Travel upp á sams konar ferð sem kallast Iceland Trophy Summer Edition. Sú ferð verður tíu daga löng og nær yfir stærra svæði. Sjá nánar á www.isafoldtravel.is

*vera@frettabladid.is*

BÍLKÓ
Þjónustumiðstöð bílsins
Smurþjónusta
15% afsláttur
olís
Nýttu tækifærið, 15% afsláttur af smurvinnu.
Tilboð
á teflonbóni
Láttu okkur um þrifin
SÆKJUM & SENDUM
Hjólbarðaþjónusta · Smurþjónusta · Alþrif og teflon · Bón · Djúphreinsun · Mössun · Mössun · Dekkjahótel · Rafgeymar · Perur · Rúðuþurkur · Bremsuklossar · Sækjum og sendum · Flestar stærðir dekkja á lager
BÍLKÓ Smiðjuvegi 34 |Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

**SUÐURPÓLSFARAR** sem fóru á fjórum breyttum Toyota Hilux-jeppum frá Arctic Trucks á pólinn segja ferðasögu sína og sýna myndir í kvöld klukkan 20 í húsakynnum Arctic Trucks að Kletthálsi 3.






# Gengið að Heiðarhúsum

**Snjóað hefur duglega undanfarna daga og vikur og því fagnar skíðaáhugafólk. Ferðafélag Akureyrar stendur fyrir fjölbreyttum helgarferðum og verður gengið á skíðum í Flateyjardal um helgina.**

Gönguskíðaferð á vegum Ferðafélags Akureyrar verður farin um helgina í Flateyjardal og gist eina nótt. „Við leggjum af stað á laugardagsmorgun 21. mars frá Akureyri og keyrum í Dalsmynni að bænum Þverá þar sem farið verður á skíðin og gengið inn í Heiðarhús,“ útskýrir Helga Guðnadóttir en hún hefur annast fararstjórn hjá Ferðafélagi Akureyrar.

Alls er gangan 40 kílómetrar fram og til baka en Heiðarhús liggja um miðja vegu í dalnum. Helga segir ferðina geta hentað flestum. „Þarna verður ekki gengið á mikinn bratta þannig að ferðin er þægileg þó hún sé löng. Ef fólk er að byrja á gönguskíðum gæti þetta kannski verið fulllöng ferð, en annars hentar hún hverjum sem er. Við áætlum aðra helgarferð að Eilífsvötnum þar sem gist verður í Hlíðarhaga og Þeistareykjum. Það er lengri ferð og þá fyrir vanara skíðafólk, en flestar okkar ferðir eru fyrir fólkið af götunni.“



Ferðir Ferðafélags Akureyrar hafa verið vel sóttar í vetur.

Helga segir dagskrána í vetur hafa gengið vel. Sjaldan hefur þurft að aflýsa ferðum en dagskráin er alltaf háð veðri og vindum. „Við reynum að hafa vissan fjölda af helgarferðum þar sem við gistum í skála. Við verðum svo alltaf að meta það á föstudagskvöldi hvort hægt er að fara í ferðirnar en það hefur gengið mjög vel í vetur. Færið hefur verið alla vega en aðsóknin mjög góð og allar ferðirnar gengið vel. Síðustu helgi fór til dæmis fimmtán manna hópur á skíðum yfir í Þelamörk í góðu færi og endaði í heita pottinum þar.“

Í Ferðafélagi Akureyrar eru um 500 félagsmenn og heldur félagið úti fjölbreyttu starfi árið um kring. Fararstjórar í ferðum koma úr röðum féagsmanna en allt starf er unnið í sjálfboðavinnu. Um Norðurlandið hefur félagið gistiog gönguskála á sínum vegum sem félagsmenn og aðrir ferðamenn geta nýtt sér. „Við erum með skála meðal annars í Laugarfelli upp af Eyjafirði og skálana Dyngjufell og Botna á Ódáðahraunssvæðinu. Bræðrafell er vestur af Herðubreið og einnig erum við með skála í Herðubreiðarlindum. Allir geta notað þessa skála en það þarf þó að hafa samband við okkur og skrá sig.“

Nánar er hægt að forvitnast um dagskrá Ferðafélags Akureyrar á heimasíðu félagsins www.ffa.is og skrá sig í ferðina um helgina.

*heida@frettabladid.is*




# Upplifunin skiptir máli

**ÍT ferðir eru að fara af stað með spennandi námskeið fyrir einhleypa undir yfirskriftinni Ferð og fræðsla fyrir einhleypa. Námskeiðið er unnið í samvinnu við lífsþjálfa og fer fram á Hótel Heklu í apríl.**

Boðið verður upp á ferð og fræðslu fyrir einhleypa á Hótel Heklu dagana 23. til 26. apríl. ÍT ferðir standa fyrir námskeiðinu í samstarfi við Hrefnu Birgittu Bjarnadóttur, NLP-kennara og lífsþjálfa. „Þó að þetta sé ferð fyrir einhleypa þá erum við ekki að hugsa um að para saman fólk. Þetta er ekki stefnumótaferð heldur frekar náms- og skemmtiferð fyrir einhleypa. Þá erum við ýmist að hugsa um fólk sem hefur lent í því að missa maka, hefur skilið eða er bara einhleypt og langar að skoða stöðu sína í lífinu,“ segir Harpa Hrönn Stefánsdóttir, afgreiðslustjóri hjá ÍT ferðum.

Ferðin kostar 69.900 krónur en innifalið í verðinu eru gisting í þrjár nætur í tveggja manna herbergi, fullt fæði, námskeið, námskeiðsgögn og eitt kvöld með eftirfylgni. Aukagjald vegna einbýlis er 6.900 krónur fyrir þrjár nætur. „Fræðslan er sniðin fyrir einhleypa og þar verður meðal annars skoðað hvernig óvæntar breytingar geta haft áhrif á líf okkar og hvernig við og umhverfið bregðumst við,“ segir Harpa Hrönn áhugasöm og bætir við: „Hrefna Birgitta hefur yfir 25 ára reynslu í sínu fagi og hefur haldið fjölda námskeiða um BTM; breytingar, tækifæri og markmið, fyrir einstaklinga og fyrirtæki á Íslandi og í Noregi. Um þessar mundir starfar hún líka fyrir Vinnumálastofnun við að hjálpa fólki að rífa sig upp úr því sem er að gerast núna. Á okkar námskeiði er kennt hvernig má á einfaldan hátt setja sér raunhæf markmið og breyta lífsstefnunni í þá átt sem við óskum.“



Harpa Hrönn segir ÍT ferðir sérhæfa sig í öðruvísi ferðum eins og til dæmis íþrótta- og hvataferðum. Ferðin á Hótel Heklu er hugsuð fyrir einstaklinga. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ferðin er hugsuð sem tækifæri fyrir einhleypt fólk til að setja sér markmið í lífinu og kynnast nýju fólki um leið og það upplifir eitthvað öðruvísi og spennandi. „Í raun er þetta bara hvatning fyrir fólk að lifa lífinu lifandi og áhersla er lögð á hvernig við veljum að bregðast við aðstæðum,“ segir Harpa Hrönn og nefnir að ein af ástæðunum fyrir því að námskeiðið er haldið á Hótel Heklu sé sú að þá byrji allir á sama reit. „Við vildum ná fólki úr sínu eigin umhverfi og fá það til að fara í meiri einangrun til að einbeita sér að námskeiðinu frá morgni til kvölds. Þá eru allir á nýjum stað og ekkert utanaðkomandi áreiti truflar einbeitinguna og fólk kynnist betur.“

Oft bjóða ferðaskrifstofur upp á pakkaferðir fyrir pör eða hópa en í þessu tilfelli er áherslan lögð á einhleypa. „Ákveðið hugrekki þarf til að fara einn í einhverja hópferð en þarna eru allir á sömu forsendum og svipuðum stað í lífinu,“ segir Harpa Hrönn einlæg. Nánari upplýsingar um ÍT ferðir og námskeiðið má finna á itferdir.is og bruen.is.

*hrefna@frettabladid.is*


# VEIÐIKORTIÐ

31 vatnasvæði vítt og breitt um landið fyrir aðeins 6000 kr.




Handbók með ítarlegum upplýsingum og veiðikortum fylgir. Nánari upplýsingar á www.veidikortid.is
Fæst hjá N1, í veiðivöruverslunum og á www.veidikortid.

# Enskuskóli Erlu Ara

Ferðaskipuleggjandi

Auglýsir enskunám í Englandi fyrir 13-15 ára

- 2 kennsluvikur (2.8 - 14.8)
- Íslenskir hópstjórar með í för allan tímann

SKRÁNING STENDUR YFIR Í SÍMA 8917576 OG ERLAARA@SIMNET.IS



Skipuleggjum einnig námsferðir til Englands fyrir einstaklinga. Sjá nánar um starfsemi skólans á:
**www.enskafyriralla.is**

# Vorið í Búdapest




**Örfá herbergi í boði – fyrstur kemur fyrstur fær!**

Heimsferðir bjóða frábært sértilboð á allra síðustu sætunum í helgarferð til Búdapest 23. apríl. Búdapest er ein fegursta borg Evrópu og á vorin skartar hún sínu fegursta og þá er einstakur tími til að heimsækja borgina. Búdapest býður einstakt mannlíf, menningu og skemmtun að ógleymdri getrisni Ungverja auk frábærra veitinga- og skemmtistaða. Bjóðum örfá herbergi á völdum gististöðum á frábærum sértilboðum. Fararstjórar Heimsferða gjörþekkja borgina og kynna þér sögu hennar og heillandi menningu.





**– helgarferð**
**Verð kr. 49.990**

Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi í 3 nætur á Hotel Platanus *** með morgunmat. Aukagjald fyrir einbýli kr. 10.000. Sértilboð 23. apríl.

**Gisting á Hotel Tulip Inn *** kr. 4.000 aukalega. Aukagjald fyrir einbýli kr. 10.000. Sértilboð 23. apríl.**
**Gisting á Hotel Promenade ***+ kr. 10.000 aukalega. Aukagjald fyrir einbýli kr. 13.000. Sértilboð 23. apríl.**
**Gisting á Hotel Novotel Centrum **** kr. 14.000 aukalega. Aukagjald fyrir einbýli kr. 13.000. Sértilboð 23. apríl.**

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Mundu MasterCard ferðaávísunina!

Veldu traustan ferðafélaga í sumar!

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 Akureyri sími: 461 1099 • www.heimsferdir.is

# Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

**RIMLAGARDÍNUR** er best að þrífa með því að taka þær niður og setja í baðkarið. Ef sápukubbur fyrir uppþvottavél er settur í vatnið ættu öll óhreinindi að skolast af.




GEZE

Rennihurðabrautir

Fyrir flestar gerðir af hurðum.
Gott úrval, góð gæði, áratuga reynsla af búnaði.



JÁRN&GLER

Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h.
Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík
S: 58 58 900-www.jarngler.is


Kúlustóllinn, eða „Ball chair“, var hannaður af hinum finnska Eero Aarnio árið 1963. Hann notaði trefjaplast í stólinn sem var alveg nýtt efni á þeim tíma. Það tók Aarnio og mág hans ár að búa til frumgerð stólsins.



design-technology.org



Litríkar mottur og púðar geta gert gæfumuninn í litlausum herbergjum.

# Mikilvægi þess smáa

**Stundum eru það litlu hlutirnir sem skipta máli og oft er auðvelt að breyta miklu án þess að kosta miklu til.**

Litríkar mottur, púðar, lampaskermar og alls konar smáhlutir geta lífgað upp á heimilið svo um munar. Þar sem veggir og húsgögn eru í hlutlausum lit getur verið tilvalið að leika sér með litlu hlutina og sýna smá dirfsku. Það er líka auðvelt að skipta um þegar þörfin fyrir breytingar kemur næst upp. *- eö*


INNRÉTTINGATILBOÐ
SEM ÞÚ MÁTT EKKI MISSA AF!
30% afsláttur af öllum Nettoline innréttingum í 3 vikur
30%



EINNIG 25% AFSLÁTTUR AF RAFTÆKJUM



OPIÐ
Mán. - föst.kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-16
www.friform.is
Friform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500


## Rómantískar blúndur á gólfið

MEÐ BLÚNDUSTENSLUM FRÁ ROYAL DESIGN STUDIO ER HÆGT AÐ NÁ FRAM GAMALDAGS EN UM LEIÐ NÝSTÁRLEGUM ÁHRIFUM.



Flestir þekkja blúndugardínur en blúndugólf eru ekki á hverju strái. Þau má þó búa til með hjálp stensla frá Royal Design Studio.

Á meðfylgjandi myndum hefur stenslabútum verið raðað á hvítt gólf og síðan rúllað yfir með gráu en litasamsetningarnar eru vitanlega óteljandi. Þá er notkun stenslanna ekki einskorðuð við gólf og má allt eins búa til munstur á veggi, í loft og jafnvel á húsgögn til að ná fram gamaldags en um leið nýstárlegum áhrifum. Sjá nánar á www.royaldesignstudio.com *- ve*


Viðhaldsfríar

ÞAKRENNUR

*Þegar hús eru klædd með „viðhaldsfrírri“ klæðningu er nauðsynlegt að nota „viðhaldsfríar“ þakrennur.*

*Rennurnar frá Grövik Verk í Noregi eru gerðar úr 0,9 mm áli og tærast ekki, ryðga, né brotna.*

*Fyrsta rennan var framleidd árið 1956 og er enn í notkun.*

*Litir til á lager: Svartar, hvítar, rauðbrúnar og ólitaðar.*

Hágæða
Varmaskiptasamstæður
loftræstistokkar og tengistykki



HAGBLIKK ehf.
*Smiðjuvegi 4C*
*Box 281 202 Kópavogur*
*Sími 587 2202 Fax 587 2203*
*hagblikk@hagblikk.is www.hagblikk.is*





Útskurðarjárn og rennijárn á 15% afslætti í mars

BRYNJA
1919 2009

Opið virka daga frá 9.00-18.00
og lau. frá 10.00-16.00

Laugavegi 20 - Sími 552 4320
www.brynja.is - brynja@brynja.is

# ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. 8–17

Smáauglýsingasíminn er 512 5000 smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga 8–17

## BÍLAR & FARATÆKI

SPORT-X



Troðfull búð af flottum og goðum Vespum ásamt hjálmum og fleiru,skoðaðu úrvalið á heimasiðuna okkar www.sportx.is



UTV frabær Fjölnotabill götuskráður aðeins 1.190 þús.

**Sport-X**
**Draupnisgötu 7, 600 Akureyri**
**Sími: 5642323 / 8976040**
**Verslun og viðgerðaþjónusta á staðnum**
**www.sportx.is**

HÖFÐABÍLAR ...þar sem bílar seljast



DODGE DURANGO 4WD HEMI LIMITED. Árg 2004, ekinn 65 þ.mílur, BENSÍN, Sjálfskiptur. Ásett 3.990 þús. TILBOÐVERÐ 3.490 þús Rnr.126879



CITROEN C3 SX. Árg 2005, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.390. þús. TILBOÐSVERÐ 1.070. þús. Lán 1.040 þús Rnr.102186

**Höfðabílar**
**Fossháls 27, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

100 bílar.is bílasala



Land Rover Range Rover Supercharged, árg.2007, ek.21þús.km, sjálfsk, Einn með öllu!, Ný dekk!, Umboðsbíll í ábyrgð!, Stórglæsilegur bíll!, Tilboð óskast

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.notadirbilar.is**

Arnarbílar www.arnarbilar.is



**Ótrúlegt Tilboð 2.290 þ. stgr.**

VOLVO XC70 2.5T 4WD, árg 11/04, ek 102 þ. km, Sjsk 210 Hö, Leður, Magasín, Dolby Hljómkerfi, Filmur, Bakkskynjarar, Dráttarkúla, Loftkæling Arnarbílar, Malarhöfða 2. S: 567 2700



**TILBOÐ 199 þ. STGR**

HYUNDAI ACCENT 1.5L, árg 12/1998, ek 100.þ km, 5 gíra, 3 Dyra, Nýskoðaður til 2010 Arnarbílar, Malarhöfða 2. S: 567 2700.

**Arnarbílar ehf**
**Malarhöfði 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 2700**
**www.arnarbilar.is**

Breiðan ehf 821-6292



Toyota Avensins árgerð 2006, diesel, beinskiptur, ekinn aðeins 50 þús., 17" álfelgur, sumardekk fylgja, leður, svartur, sk.'10, verð kr. 2.780.000,- 821-6292

Toyota Hi-Ace árgerð 2007, 4x4, diesel, 6 manna, dráttarkúla, toppbogar, ekinn 51 þús.km., verð kr. 2.950.000,- S. 821 6292.

**Breiðan ehf**
**Sími: 821 6292**

## Bílar til sölu



Til sölu Góður Nissan Terrano ll. 2.4. árg. '99. ek. 162. þús. Viðm. 1.100.000.- ásett 830.000.- Uppl. í s. 481 2782 & 866 4161.



Til sölu Góður Honda Jazz 1.4. Árg. '04 ek. 51. þús. Viðm.verð. 1.285.000.- ásett 970.000.- Uppl. í s. 481 2782 & 866 4161.



**1990.-**

VW TRANSPORTER. Árgerð 2004 ekinn 114 þ.km, DÍSEL, 8 manna 5 gírar. Verð 1.990.000. Bílabankinn S. 588 0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is




Fjarstýrðir bensínbílar í úrvali. Tómstundahúsið, Nethyl 2, sími 5870600, www.tomstundahusid.is



**Þú græðir 400.000- kr !!!**

Ford Mondeo H/B Ghia 2.0 nýskr 5/2002 ekinn 113 þ km sjálfskiptur leður álfelgur nýleg nagladekk skoðaður 2010 bíll í toppstandi verð 1.190.000- TILBOÐ 790.000- upplí síma 861-7600



**Tilboð 170 þús.**

Suzuki Vitara árg.'96. Sk.'10. Ek.210 þ. Verð 170 þús. Uppl. í s. 659 3459.



Honda Civic Sport '06. Álf. ofl. Ásett 2490 fæst á 2,2. S. 557 9435.

Toyota Corolla STW '95. 230þ.km. Góð sumar-og vetrardekk. 140þús. Uppl. í síma 856 1852.

## 0-250 þús.



**!!! 300 ÞÚSUND Í AFSLÁTT !!!**

Peugeot 206 présente 1.4 árgerð 2000,ek 85þ , bsk, 5dyra álfelgur, vetrar og sumardekk ný skoðaður, listaverð 550þ, þitt verð 250þ. uppl. í s. 843-9018

scania vabis 1955 húbíll til sölu 12metra langur skoðaður gott ástand verð 250þ 8471930

Accent '99 3ja dyra, sk. '10. Verð 145 þ. Almera '00 tjónuð. Ódýr. S. 891 9847.

## 250-499 þús.



**!!!!! VÁÁÁÁ TILBOÐ !!!!!**

Subaru Forester Wagon 98" sjálfskiptur ek 209þ dráttarkúla skoðaður 2010 gangverð 450 þús en þitt verð 250 þús !!! uppls 894-6383

## 500-999 þús.



PEUGEOT 206 XT- sjálfskiptur árg03, ek.63þ- nýskoðaður, ásett 890 - tilboð 740þ - s.8648889

## 1-2 milljónir



BMW X5'01 ek.158þús. Aksturstölva,Hraðastillir,Loftkæling, Reyklaust ökutæki, Spólvörn, Stöðugleikakerfi, Leðuráklæði, Rafdrifin sæti, GSM, flækjur. Ásett verð: 2190þ. Tilboðsverð 1700þ. S: 693-9696

## 2 milljónir +

Vantar jeppa með öllu ekki ameriskan ekki eldri en 06 sjálfskiptan er með Subaru Legancy Vagon 04 ekið 69.000 km + Mótorhjól Suzuki VL 800C Hippi 06 ekið 3900 km +Peningar Bíll og Hjól skuldlaust sími 899-6200

## Bílar óskast




**Nú er tími notaðra bíla**

Óskum eftir öllum tegundum bifreiða á skrá. Sölukostnaður frá aðeins 29.900.- fyrir þitt ökutæki.Kynntu þér málið á Netbilar.is Gerðu verðsamanburð. Bílasalan Netbilar.is - Hlíðasmára 2 - Sími 588-5300

Óska e. að kaupa gamla Toyota Corolla, Hiace og Turbo diesel. Nán.uppl.í s.661 2222

**Staðgreiðsla í boði. 200-500 þ.**

Átt þú bíl/jeppa árg 2000 eða yngri, ek undir 140.þ, Sem þú ert til í að láta fara töluvert undir gangverði ? Endilega hafðu samband á BFS@VISIR.IS

óska eftir skoðuðum bíl á 0-100þús. uppl. í síma 8653499

Óska e/ góðum sparneytnum bíl á 150þ. stgr. ekki eldir en árg. '97. S. 696 0727.

## Sendibílar




## Húsbílar

benz húsbíll árg 88 með öllu verð 350þ s:6993548

## Hópferðabílar



**MB Vario 818**

Skrd. 04/'07, ek. 44 þús. 19+1+1 sæti. Farangursgeymsla, hljóðkerfi, loftkæling, dráttarkúla. Lítið breyttur og góður Econoline 4x4 hugsanlega tekinn uppí. Sími 894 5056 og 897 3015.

## Fjórhjól




KYMCO. HJÓLIÐ SEM HEFUR FARIÐ SIGURFÖR UM HEIMINN. GÆÐI Í GEGN OG FRÁBÆRT VERÐ. VDO EHF BORGARTÚN 36 588 9747 www.vdo.is

## Vinnuvélar




## Bílaþjónusta




**Þrífðu og gerðu við bílinn sjálfur!**

Tökum einnig að okkur viðgerðir og þrif. Bílaþjónustan, Járnhálsi. S. 568 6969 www.atbilar.is

## Hjólbarðar



ProCom 33*12,5*17 naglar, microskorin, 8 gata felgur, verðm 200-250þ fæst á 150þ s:8945985

## Varahlutir




**555 6666**

Erum að rífa Benz S Class, VW Golf, Fiat Punto, Huyndai Getz, Bora, Polo, Passat, Caddy, Suzuki Swift, Honda Jazz, Toy. Avensis, Peugeot 206 & Boxer, Citroen Berlingo, Hyundai H1 diesel, MAN dráttarbíl 2005 og margt fl. Kaupum einnig bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888.

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Er að rífa Toyota Yaris '00, Corollu Hatcback '96, Escord '98, Sunny 4x4, Sedan Twin Cam árg. '92. Accent árg. '95. Impreza árg. '97. Vinstra framljós á BMW X3, aftari hljóðkútur á Hyundai Tuscon S. 896 8568.

**Japanskar Vélar Varahlutasala**

Erum að rífa MMC Pajero/Montero '00-'05. L200/Izuzu pick up '00-'07. Susuki Vitara/Liana/Swift '00-'08. Hyundai Santa Fe/Tucson/Starex. '00-'06. Nissan pickup/Almera '00-'06. VW/ skoda '00-'05. Mazda/Ford '00-'05. Kia, flestar gerðir. Chevrolet '05-'06. Citroen C2/C3 '02-'06. og fl. Kaupum bíla. Opið 08-18. S. 565 3400 & 893 2284.

**Nýkomnir í niðurrif:**
**BMW 318/ diesel '04, Volvo S40 '01, Subaru Impresa '00, Pajero Sport diesel árg' 00.**
**Uppl. í s. 893 5517 & 564 0123.**

**Bílapartar ehf S. 587 7659.**

Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

## Viðgerðir

Bílaviðgerðir

Smurstöð, hjólbarðaþjónusta, bón og þvottur, bremsuviðgerðir, rafgeymar og allar perur

SBD Sætúni 4, S. 562 6066.

## ÞJÓNUSTA

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

## Tilkynningar

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

KÓPAVOGSBÆR
Skipulags- og umhverfissvið

# Auglýsing um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík og Kópavogi

**Reykjavíkurborg og Kópavogsbær auglýsa hér með í sameiningu og í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum, nýtt deiliskipulag og tillögur að breytingum á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík og Kópavogi.**

## Fossvogsdalur, göngu- og hjólastígar

Tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir Fossvogsdal vegna göngu- og hjólastíga. Deiliskipulagið liggur á mörkum sveitarfélaganna Reykjavíkur og Kópavogs og tekur til legu á göngu- og hjólastígum sem tengja saman Öskjuhlíð og Elliðaárdal sem er hluti af hlekk í heildarkeðju frá Ægissíðu að Heiðmörk. Stígum verður sinnt eins og götum allan ársins hring og munu merkingar taka mið af göngu og hjólreiðum sem samgöngumáta í samræmi við „Græn skref" í framkvæmdaáætlun Reykjavíkurborgar.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

## Fossvogsdalur, miðlunartjarnir

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Fossvogsmýri í Fossvogsdal. Deiliskipulagið, sem nær yfir miðlunartjarnir norðan við Víðigrund, Reynigrund, Birkigrund og svæði við Lund er fellt úr gildi í Reykjavík og færast deiliskipulagsmörk að sveitarfélagsmörkum Kópavogs. Nýtt deiliskipulag, Fossvogsdalur, göngu- og hjólastígar, er auglýst samhliða breytingu þessari.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

## Traðarland 1, íþróttasvæði Víkings í Fossvogi

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir íþróttasvæði Víkings í Fossvogi, Traðarlandi 1. Í breytingunni felst að svæði fyrir álagsbílastæði norð-austan við núverandi íþróttahús er fækkað úr áttatíu og fimm í sextíu og eitt stæði, svæðið fellt út af samþykktu deiliskipulagi fyrir Traðarland 1 og afmarkað inn á nýtt deiliskipulag, Fossvogsdalur, göngu- og hjólastígar, sem er auglýst samhliða breytingu þessari.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, **1. hæð**, virka daga kl. 8:20 – 16:15, og hjá skipulags- og umhverfissviði Kópavogs, **Fannborg 6, 2. hæð**, mánudaga til fimmtudaga frá 8:30 – 16:00 og föstudaga frá 8:30 – 15:00 **frá 18. mars 2009 til og með 4. maí 2009**. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 4. maí 2009. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti**. Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 18. mars 2009
Skipulagsstjóri Reykjavíkur
Skipulagsstjóri Kópavogs

**BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071**

## Utankjörfundaratkvæðagreiðsla

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna Alþingiskosninganna 25. apríl 2009 hófst við embætti sýslumannsins í Reykjavík, Skógarhlíð 6, Reykjavík, þann 14. mars sl. og er opin á skrifstofutíma á milli kl. 9:00 - 15:30 virka daga. Um helgar er opið frá kl. 12:00 - 14:00.

Frá og með 1. apríl nk. fer atkvæðagreiðslan fram í Laugardalshöll og þá verður opið alla daga frá kl. 10:00 -22:00 en lokað á skírdag, föstudaginn langa, páskadag og annan í páskum.

**Sýslumaðurinn í Reykjavík**

**Auglýsingasími**
512 5050


– Mest lesið

vísir.is
„...ég sá það á vísi"

SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ

auglýsir kynningu á skipulagsreglum fyrir Reykjavíkurflugvöll.

Í samræmi við heimild í 59. gr. laga um loftferðir, nr. 60 frá 1998, hefur samgönguráðherra ákveðið að setja skipulagsreglur fyrir Reykjavíkurflugvöll. Reglurnar hafa m.a. að geyma fyrirmæli um starfsemi og starfsheimildir innan flugvallarins auk reglna um hindranafleti í nágrenni flugvallarins og á aðflugs- og fráflugsleiðum að flugvellinum. Hindranafletirnir hafa í för með sér hæðartakmarkanir á byggingum og öðrum mannvirkjum á áhrifasvæði vallarins sem nær til Reykjavíkurborgar og sveitarfélaganna í nágrenni við Reykjavík. Drög að reglunum hafa verið kynnt fulltrúum allra sveitarfélaga í nágrenni vallarins.

Tilgangur og markmið reglnanna er:
- að marka skýra og gagnsæja stefnu um leyfða starfsemi innan flugvallarins,
- að tryggja flugöryggi vallarins með því að binda í skipulag hæðartakmarkanir sem nauðsynlegar eru vegna öryggis flugvallarstarfseminnar,
- að einfalda umfjöllun og ákvarðanatöku um starfsemi innan vallarins og hæðir húsa innan og í nágrenni flugvallarins.

Með reglunum er verið að setja nánari reglur um starfsemi innan flugvallarins en gert er í deiliskipulagi. Þá er verið að festa í sessi með skipulagi hindranafleti vallarins, þ.e. takmarkanir á hæðum húsa á tilteknum svæðum, sem unnið hefur verið eftir hingað til. Eru hindranafletir þessir byggðir á skilgreiningum alþjóðlegra skuldbindinga (t.d. Chicago samningnum), lögum um loftferðir nr. 60 frá 1998 og reglugerð um flugvelli nr. 464 frá 2007.

Tillaga að skipulagsreglum fyrir Reykjavíkurflugvallar er hér með auglýst til kynningar en tillagan er til sýnis í anddyri flugturnsins á Reykjavíkurflugvelli frá og með 17. mars til og með 14. apríl 2009. Hægt er að nálgast tillöguna á heimasíðu Samgönguráðuneytisins, http://www.samgonguraduneyti.is , heimasíðu Flugmálastjórnar Íslands, http://www.caa.is, og heimasíðu Flugstoða ohf. http://www.flugstodir.is .

Skorað er á fasteignaeigendur á höfuðborgarsvæðinu og aðra hagsmunaaðila að kynna sér fyrirliggjandi drög að reglum. Athugasemdir eða ábendingar við tillöguna skulu vera skriflegar og berast samgönguráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu - 150 Reykjavík, ekki seinna en 16. apríl 2009. Eftir þann tíma verður ekki tekið við athugasemdum. Litið er svo á að þeir sem gera ekki athugsemdir við tillöguna teljist samþykkir henni.

Eftir kynningartíma verða athugasemdir og ábendingar sem berast teknar til ítarlegrar athugunar. Verði ákveðið að ráðast í breytingar á tillögunni vegna athugasemdanna verða slíkar breytingar kynntar hlutaðeigandi áður en gengið verður endanlega frá reglunum. Auglýsing um gildistöku reglnanna verður birt í Lögbirtingablaðinu. Nánari upplýsingar veitir Hermann Hermannsson hjá Flugstoðum ohf., netfang: hermannh@flugstodir.is , S : 424-4100

Samgönguráðuneytinu,
17. mars 2009.

Efnahagsmál

# Neikvæðir nafnvextir og tímastimplaðir seðlar



GUNNAR KRISTINN ÞÓRÐARSON
guðfræðingur

> Þetta þýðir að bankar taka þóknun fyrir að hýsa fjármuni almennings, og seðlar missa verðmæti sitt ef þeim er ekki eytt innan tiltekins tíma. Þetta er býsna róttæk aðgerð, en gæti verið óhjákvæmileg.

Þótt fræðimenn og fjölmiðlar vilji ekki tala um það, þá er nokkurra ára tímabil verðhjöðnunar á næsta leiti. Nánast allir í heiminum eru að búa sig undir þetta eða verjast þessu nema við Íslendingar. Bjartsýnismenn segja að aðgerðir Obama séu að virka þar sem peningaprentunin er að skila sér út í verðlagið í Bandaríkjunum og hlutabréf hækka, þegar þetta er skrifað.

Fleiri og meira sannfærandi rök lúta að því að um sé að ræða sápukúlu sem á brátt eftir að springa. ARM og Alt-a íbúðarveðlánavöndlanir eru komnir í vanskil í Bandaríkjunum upp á 1,7 billjón (1.700 milljarða!) dala en þeir voru seldir víðsvegar um heiminn. Það eru um 700 billjónir dala í hlutafleiðum og tryggingum í hagkerfi heimsins og AIG sýnir sig sem óseðjandi svarthol á bandarískt almannafé. General Motors og Chrysler verða án nokkurs vafa færðir í gjaldþrotaskipti með ófyrirséðum afleiðingum fyrir iðnað í Bandaríkjunum, Evrópu og Asíu, þ.m.t. áliðnað á Íslandi.

Talið er að fjármálakerfi Evrópu þurfi 25 billjónir dala til að endurfjármagna sig á næstu fjórum árum, og eru ábyrgir menn að segja að fjármálakerfi heimsins sé í raun hrunið. Líklegt er að S-Evrópa reyni að slíta sig úr evrubandalaginu á meðan A- Evrópa reynir að komast inn í það. Evran er of há fyrir S-Evrópu og A-Evrópa er tæknilega gjaldþrota. Þetta gerist á meðan lánadrottnar A-Evrópu eru flestir frá N-Evrópu, eins og Austurríki, Belgíu, Svíþjóð og jafnvel Noregi.

Nú er svo komið að skuldir ríkja eru svo ofboðslegar að fjöldagjaldþrot heilu ríkjanna og stórfyrirtækja eru nær óhjákvæmileg og skilar það sér í gríðarlegu atvinnuleysi. Atvinnuleysi kallar á stórminnkaða eftirspurn sem svo leiðir til verðhjöðnunar. Þetta er vítahringurinn sem innsiglar nokkra ára verðhjöðnunartímabil á hnattrænum skala.

Viðbrögðin við verðhjöðnun eru aðallega prentun gjaldmiðla og lækkun stýrivaxta. Við Íslendingar eigum eftir að gera hvort tveggja, en umræður eru á meðal hagrýna um annan valkost. Vangaveltur eru um að koma á neikvæðum nafnvöxtum á bankainnlán og tímastimplaða seðla. Þetta þýðir að bankar taka þóknun fyrir að hýsa fjármuni almennings, og seðlar missa verðmæti sitt ef þeim er ekki eytt innan tiltekins tíma. Þetta er býsna róttæk aðgerð, en gæti verið óhjákvæmileg. Það besta við þessa aðgerð er að hún kemur ekki niður á þeim sem lítinn pening eiga eða hafa lág laun. Þetta úrræði neyðir aðeins þá sem töluverðan eða mikinn pening eiga inni á bókum til að fjárfesta í hagkerfinu; í hlutabréfum eða öðrum eignum sem vænlegar eru til ávöxtunar. Þannig má knýja hjól atvinnulífsins áfram og atvinnusköpun.

Það er ekki vænlegt að þeir sem eiga enga peninga séu að eyða þeim, það liggur í orðanna hljóðan. Hins vegar er hagkerfið og atvinnulífið botnfrosið vegna þess að þeir sem eiga peninga eru ekki að fjárfesta eða eyða. Ég vil hér með varpa þessarri vangaveltu til hagrýna þjóðarinnar því umræða verður að skapast um komandi ár, sem eiga eftir að verða mögur í meira lagi.

# Svanasöngurinn?



EINAR SIGMARSSON
íslenskufræðingur

Nú þarf hnípin þjóð að rýna í ókomna tíð og finna hinn sanna tón. Góðu heilli reynir margur sitt til þess en stundum er erfitt að verjast brosi þegar helstu söngfuglar Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks kvaka í klökkum kór um hvernig leysa skuli hrímhvítt land úr klakaböndum. Ekki minnkar skaupið þegar hæstvirtur iðnaðarráðherra, Össur Skarphéðinsson, stígur dillandi dans undir ljúfum tónunum. En hverju ætli englakórinn syngi nú lof og dýrð? Jú, 360 þúsund tonna álveri í Helguvík!

Grábölvað er atvinnuleysið en ekki skyldi gleyma af hverju það er sprottið: Bankahruni í boði útrásarvíkinga og ráðamanna, flestra úr Framsókn og Sjálfstæðisflokki! Ræturnar lágu í skammsýni, græðgi og veruleikafirringu. Er þá ekki tími til kominn að læra af biturri reynslu og líta langt fram á veg af raunsæi og hyggjuviti? En hvað stendur til? Jú, að veita álveri milljarða ívilnanir frá sköttum og skyldum og færa því ómælda orku á vildarkjörum. Heimsmarkaðsverð á áli hríðfellur, eftirspurn fer þverrandi og birgðir hlaðast upp. Ekki hefur Century Aluminum, móðurfélag Norðuráls, farið varhluta af því enda lokað álveri í Ravenswood í Vestur-Virginíu og rifað seglin í Hawesville í Kentucky. Flest er á huldu um hvort Century Aluminum hefur bolmagn til að reisa og reka 360 þúsund tonna álver í Helguvík. Ekki bætir úr skák að orkuöflun er í uppnámi enda þarf víst 625 megavött til. 250 eiga að koma frá Hitaveitu Suðurnesja, 175 frá Orkuveitu Reykjavíkur. Til þess dugir ekki minna en að stækka Reykjanesvirkjun og Hellisheiðarvirkjun og virkja í Eldvörpum, við Krýsuvík, í Hverahlíð og hugsanlega við Gráuhnúka. Ei að síður skortir að minnsta kosti 200 megavött, jafnvel meira meðan sveitarfélagið Ölfus fellst ekki á að þaðan verði lögð lína til að flytja orku frá Hellisheiði áleiðis til Suðurnesja.

Synd er að segja að ráðamenn heillist af framtíðarsýn um eldfjallagarð og fólkvang á Reykjanesskaga og síst fyrirséð hvort leggja þurfi fleiri náttúruperlur í sölurnar fyrir draumahöllina í Helguvík. Allt eins er hætt við því um ókomin ár að orka úr ónýttum lindum Suður- og Suðvesturlands sogist í eiturspúandi gímald fyrir lítið fé. Hvað yrði þá eftir í nýstárlegri, fjölbreyttari, vistvænni og ábatasamari umsvif? Hvað um að eiga orku í gagnaver, sólarkísilvinnslu, frekari aflþynnuframleiðslu eða annan viðlíka atvinnurekstur? Hvað um að knýja fleiri samgöngutæki með innlendri orku til að losa minni koltvísýring og spara dýrmætan gjaldeyri? Sætlegur sírenusöngur leiddi þjóðarskútuna í hafvillu og haugasjó.

Á nú enn og aftur að ljá þeim eyra sem helst heilluðust og hæst gólu til að magna þann seið? Ætli þeirra tónaflóð reynist þá nokkuð minna en svanasöngurinn?

# Ótrúlegur vanskilningur



NJÖRÐUR P. NJARÐVÍK
rithöfundur

Það er undarlegt að fylgjast með umræðum á Alþingi þessa daga, og reyndar ekki í fyrsta sinn. Sérstaka athygli vekur andstaða formanns Sjálfstæðisflokksins við frumvarp allra annarra flokka um stjórnarskrárbreytingar – og þá einkum við ákvæði um stjórnlagaþing – þjóðfund – til að endurskoða stjórnarskána frá rótum. Í málflutningi hans kemur fram, að sú andstaða byggist einkum á tvennu. Annars vegar vex honum í augum kostnaður við slíkt þinghald, og svo finnst honum fráleitt að taka af alþingismönnum – þjóðkjörnum fulltrúum eins og hann segir – réttinn til að endurskoða sjálfir stjórnarskrána.

Í þessari andstöðu birtist svo ótrúlegur vanskilningur, að helst minnir á alkóhólista í afneitun. Maður skyldi ætla að hann hefði heyrt eitthvað af almennri umræðu á þessum vetri, en svo virðist ekki vera. Eða þá að hann er að því leyti líkur forvera sínum í formannsstóli að taka ekkert mark á skoðanakönnunum eða áliti annarra, hversu margir sem þeir eru, ef það fer í bága við eigin skoðanir. Það eru víst ekki nema 60% þjóðarinnar sem eru beinlínis fylgjandi stjórnlagaþingi. Af hverju skyldi það vera? Það er vegna þess að þjóðin treystir ekki lengur Alþingi sem er ofurselt flokksræði (og allra síst honum sjálfum) til breytinga á þeim grundvallarlögum sem þeir lúta og munu væntanlega takmarka vald þeirra sjálfra. Rétt eins og formaður Sjálfstæðisflokksins getur ekki sjálfur hreinsað til eftir óstjórn sína og flokks síns og það efnahagshrun sem hann ber ábyrgð á, – þannig geta alþingismenn ekki breytt lögum um sjálfa sig. Enginn getur verið eftirlitsmaður eða yfirmaður sjálfs sín. Þetta hefur formaður Sjálfstæðisflokksins ekki skilið, og þess vegna er stjórnmálaferill hans á enda. Við þetta má svo bæta, að Alþingi hefur reynst ófært um að breyta stjórnarskránni, þrátt fyrir nokkrar tilraunir.

Vissulega mun það kosta sitt að halda stjórnlagaþing og breyta stjórnarskránni. Það kostar sitt að hreinsa til eftir óstjórn og spillingu stjórnmálamanna. Sá kostnaður er þó ekki mikill borinn saman við þann sem þjóðin þarf að taka á sig nú eftir viðskilnað síðustu ríkisstjórnar. Eftir slíkt hrun þarf að byrja nýtt líf með nýju lýðveldi og nýrri framtíðarsýn. Það verður ekki gert með neinum fálmkenndum smábreytingum. Það verður einungis gert með því að semja nýju lýðveldi algerlega nýja stjórnarskrá með skýrri grundvallarstefnu sem byggist á frelsi, jafnrétti og bræðralagi.

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

Að fá sér heyrnartæki hefur ekkert með aldur að gera
Betri heyrn
Bætt lífsgæði
... heldur snýst það um að vera snjöll!
Öruggasta leiðin til að líta út fyrir að vera eldri er að gera ekkert þegar heyrnarskerðing er orðin að veruleika. Með DUAL, nýjasta heyrnartækinu frá Oticon, þá hefur aldrei verið jafn þægilegt og auðvelt að nota heyrnartæki. Í fyrsta sinn eru nú komin tæki sem sameina ótvíræða kosti glæsilegs útlits og fullkomnra hljómgæða. DUAL er ósýnilegt bakvið eyra þannig að aðrir geta ekki séð að þú ert með heyrnartæki.
En þú munt svo sannarlega finna muninn!
Taktu ákvörðun um að heyra betur!
Pantaðu tíma í fría heyrnarmælingu í síma 568 6880 og prófaðu Dual


Heyrnartækni
Glæsibæ | Álfheimum 74 | 104 Reykjavík | Þjónusta á landsbyggðinni | sími: 568 6880 | www.heyrnartækni.is

Frjálshyggjan og fjármálakreppan

# Eyðileggur frjálshyggjan fólk?



ELLÝ ERLINGSDÓTTIR
forseti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar

Þessa dagana keppist Sjálfstæðisflokkurinn við að finna ástæður þess að bankakerfið hrundi og Íslendingar standa í kjölfarið frammi fyrir mikilli efnahagskreppu. Drög að skýrslu endurreisnarnefndar Sjálfstæðisflokksins varpar ákveðnu ljósi á málið. En nú þurfa sjálfstæðismenn ekki að eyða meiri tíma og kröftum í að fullgera drögin. Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarfulltrúi og varaþingmaður, tekur af öll tvímæli, í grein sinni í Fréttablaðinu miðvikudaginn 4. mars, það var alþjóðlega fjármálakreppan sem átti hér stærstan hlut að máli og svo var svona eitt og annað sem mátti betur fara hjá stjórnvöldum, bönkunum og útrásinni.

Svo er gripið í gamalkunnugt stef, meintum hörmungum og tjóni annarrar þjóðar lýst. Hingað til hafa sjálfstæðismenn einkum notast við Svíagrýluna en nú er „breska heimsveldið“ langt undir, enda gerir það ekkert til það líða sjálfsagt mörg ár þangað til að Íslendingar dansa þar upp á borðum. Ekki kannast ég við það að Hafnarfjörður hafi orðið eyðileggingunni að bráð, Hafnfirðingar standa að vísu frammi fyrir sama vanda og önnur sveitarfélög og heimili landsins þegar kemur að lánamálum og gengi krónunnar. En við skulum heldur ekki gleyma því að þegar gengið var hagstæðara þá hrósuðu sjálfstæðismenn samflokksmönnum sínum og forverum í bæjarstjórn Hafnarfjarðar fyrir þá framsýni að hafa tekið erlend lán.

Það er merkileg staðreynd að á meðan sveitarstjórnarfólk um allt land hefur ákveðið að snúa bökum saman og vinna bæjarfélagi sínu vel á þessum erfiðu tímum snýst gremja bæjarfulltrúans vegna ástandsins, sem hennar flokkur á vissulega stóran þátt í, uppí það að rífa niður sitt bæjarfélag og það sem vel hefur verið gert þar á undanförnum árum. Það er t.d. harla nöturlegt fyrir félaga og aðstandendur Sundfélags Hafnarfjarðar og íþróttafélags fatlaðra - Fjarðar, sem í mörg ár hafa barist fyrir byggingu innisundlaugar að nú sé það talin illa ígrunduð framkvæmdagleði. En aðvitað er því ekki haldið til haga af bæjarfulltrúanum og varaþingmanninum að sjálfstæðismenn studdu þessa framkvæmd og ýmsar aðrar á sínum tíma.

Það er ljóst að frjálshyggjan eyðileggur ekki Hafnarfjörð.

Efnahagsmál

# Kreppan og ójöfnuður



GUÐMUNDUR ÖRN JÓNSSON
verkfræðingur

Eitt af verkefnum Seðlabanka Íslands er að viðhalda fjármálastöðuleika og er því mikilvægt fyrir bankann að vita hversu mörg heimili og einstaklingar eru líklegir til að eiga í erfiðleikum með að greiða af lánum sínum. Ef stór hópur fólks lenti í greiðsluerfiðleikum, gæti það leitt til mikils útlánataps bankanna, ógnað þeim og þar með fjármálastöðuleika.

Í ljósi ofangreinds, birti Seðlabankinn nýlega úttekt sem hann gerði á stöðu heimilanna, en bankinn hafði áður kvartað undan skorti á upplýsingum og tekju- og eignadreifingu. Á meðan Þjóðhagsstofnun var við lýði birti hún reglulega upplýsingar um dreifingu tekna, eigna og skulda og hefðu þær eflaust hefði nýst Seðlabankanum á seinustu árum. Sjálfstæðis- og framsóknarmenn lögðu stofnunina aftur á móti niður og féll það í hlut Hagstofunnar að birta ofangreindar upplýsingar en Hagstofan heyrir undir forsætisráðherra. Valdið yfir Hagstofunni nýttu formenn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks sér og stöðvuðu birtingu upplýsinga um tekju- og eignadreifingu.

Við munum líklegast aldrei vita hvort umræddar upplýsingar hefðu nýst við að afstýra þeirri kreppu sem við erum nú í. Hitt er ljóst að formenn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks voru tilbúnir til að auka hættuna á fjármálakreppu til þess að koma í veg fyrir að þjóðin fengi að vita hversu mikið þeir höfðu aukið ójöfnuð.

Þessir flokkar hafa nú lýst því yfir að ekkert sé að stefnu þeirra og vilja þeir enn auka á ójöfnuðinn. Sjálfstæðismenn með því að fella niður persónuafslátt og Framsóknarmenn með því að eyða almannafé í að lækka skuldir þeirra auðugustu og tekjuhæstu, þ.e.a.s. þeirra sem höfðu mestan aðgang að lánsfé. Kostirnir í kosningum hafa sjaldan verið skýrari, bæði með tilliti til siðferðis og stefnu.



stefnu sem unnið sé eftir í samstarfi ríkisins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.


EDDA RÓS KARLSDÓTTIR

**NAUÐSYN Á ÁBYRGRI EFNAHAGSSTJÓRN**

Edda Rós Karlsdóttir, hagfræðingur í Nýja-Landsbankanum, segir að vegna gjaldeyris- og bankakreppunnar þurfi vaxtaákvörðunin nú annars vegar að taka mið af mjög versnandi efnahagshorfum, og hins vegar af hættunni á fjármagnsflótta úr landi – en slíkur flótti gæti magnað efnahagskreppuna enn meira. „Hingað til hafa þessir tveir þættir togast á í vaxtaákvörðunum Seðlabankans – en það hefur nú breyst,“ segir hún.

Umfang efnahagskreppunnar segir Edda Rós hins vegar slíkt að vaxtalækkun sé nauðsynleg. „Atvinnulífið ræður ekki við núverandi vaxtastig og störf munu glatast að óþörfu auk þess sem háir innlendir vextir tefja fyrir því að skuldir heimila og fyrirtækja verði færðar úr erlendri mynt yfir í íslenskar krónur. Gjaldeyrisáhættan í kerfinu er gríðarleg og nauðsynlegt er að ráðast í umfangsmiklar skuldbreytingar til að draga úr henni.“

Hröð lækkun verðbólgunnar og tiltölulega stöðugt gengi krónunnar segir Edda Rós valda því að hægt sé að lækka stýrivexti án þess að raunvextir lækki niður fyrir raunvexti í viðskiptalöndunum. „Hættan á fjármagnsflótta er því ekki söm og áður, jafnvel þótt vextir verði lækkaðir töluvert. Samkomulag Seðlabankans og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um að viðhalda gjaldeyrishöftum dregur auk þess úr líkum á fjármagnsflótta í bráð, en ég vara eindregið við að í stjórn efnahagsmála styðji Seðlabankinn sig við höftin til lengdar. Haftabúskapur er að mínu mati fullreyndur, bæði hér á landi og í gömlu ráðstjórnarríkjunum, en hann skaðar efnahagslífið stórkostlega til lengri tíma.“ Edda Rós segir því meðal mikilvægustu verkefna Seðlabankans að útfæra tillögur um afnám hafta í áföngum. Ábyrg stjórn ríkisfjármála sé óaðskiljanlegur hluti af þeirri vegferð.

„Ég legg til að vextir verði lækkaðir um 150 punkta á fimmtudaginn. Ef gengi krónunnar helst tiltölulega stöðugt og vísitala neysluverðs hækkar lítið í mars, þá kemur til greina að lækka vexti um 150 til 200 punkta til viðbótar strax um næstu mánaðamót og taka mjög stór skref eftir það. Hraði og stærð vaxtalækkana mun þó meðal annars ráðast af aðgerðum í ríkisfjármálum og efnahagsmálum almennt. Ábyrg efnahagsstjórn er nauðsynleg til að koma í veg fyrir óbærilega skuldasöfnun ríkissjóðs og flótta einstaklinga og fyrirtækja úr landi. Umsókn um aðild að Evrópusambandinu mun auka trúverðugleika ábyrgrar efnahagsáætlunar, greiða fyrir vaxtalækkunum og viðreisn efnahagslífsins,“ segir Edda Rós Karlsdóttir.

**RÍKIÐ Í SJÁLFSKAPARVÍTI**

Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Nýja-Kaupþings, segist vilja hverfa


ÁSGEIR JÓNSSON

með stýrivexti aftur í það stig sem þeir voru í fyrir bankahrun og áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Vextir færu þá í 15 prósentustig, myndu lækka um 300 punkta. „Ég sé engin rök fyrir því að halda vöxtum háum. Miðað við allan þann samdrátt sem væntanlegur er í kerfinu þarf að lækka stýrivexti strax og í samræmi við það sem er í öðrum löndum. Gjaldeyrismarkaðurinn er í höftum og engin rök að finna þar fyrir háu vaxtastigi.“

Að auki bendir Ásgeir á að ekki sé hægt að ráðast í alvöru aðgerðir til að bregðast hér við skuldum heimila og fyrirtækja fyrr en við lægra stýrivaxtastig. „Lægri vextir eru algjör forsenda þess að hægt sé að taka á þeim málum og lækka greiðslubyrðina. Fyrir mér er í raun óskiljanlegt af hverju er ekki þegar búið að lækka vextina.“

Í annan stað segir Ásgeir fjármálastjórnun ríkisins koma til með að verða mun auðveldari við lægra stýrivaxtastig. „Stóran hluta af vaxtakostnaði ríkissjóðs má að stórum hluta til rekja til sjálfskaparvítis vegna þess ríkið ákvað að hækka vexti upp í núverandi hæðir. Þar með talið vaxtagreiðslur af erlendum innstæðum sem hér eru í kerfinu.“ Mjög hröð vaxtalækkun segir Ásgeir að muni létta á þeim þrýstingi sem ríkið finnur fyrir. „Fyrst ekki var tekin ákvörðun um að opna fyrir gjaldeyrishöftin er ekkert annað í spilunum en lækka vexti mjög hratt.“

Ásgeir kveðst jafnframt taka undir sjónarmið í þá veru að þegar horft sé til raunvaxtastigs sé eðlilegast að miða við væntingar um verðbólgu, en ekki verðbólgu liðinna tíma. Trúverðugleika Seðlabankans segir hann minna mál við þessar aðstæður þegar Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sé í raun við stýrið við stjórn efnahagsmála. „Auk þess á ég bágt með að skilja hvaða trúverðugleiki fengist með því að lækka ekki vexti hratt.“

## Peningastefnunefnd Seðlabankans

Peningastefnunefnd Seðlabankans tekur ákvarðanir um beitingu stjórntækja bankans í peningamálum, samanber 4. grein laga 5/2009 um breytingu á fyrri lögum um Seðlabankann. Lögin voru samþykkt undir lok síðasta mánaðar. Stjórntæki bankans eru vaxtaákvarðanir hans, til-tekin viðskipti við lánastofnanir, ákvörðun bindiskyldu og viðskipti á gjaldeyrismarkaði sem hafa það að markmiði að hafa áhrif á gengi krónunnar.

Í peningastefnunefnd eiga sæti Svein Harald Øygard seðlabankastjóri, formaður nefndarinnar, Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri og Þórarinn G. Pétursson, starfandi aðalhagfræðingur Seðlabankans. Þá skipaði forsætisráðherra í byrjun mars tvo sérfræðinga í nefndina, þau Anne Sibert, doktor í hagfræði og prófessor við Birkbeck College, University of London og Gylfa Zoëga, doktor í hagfræði og prófessor við Háskóla Íslands.




www.vbs.is

MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Samanburður við kreppur annarra landa er Íslandi í hag. Góður árangur er þó háður réttum ákvörðunum.

# Hófleg bjartsýni

**Óli kristján Ármannsson**

Rétt er að halda til haga inntaki erindis Dr. Pedro Videla, prófessors í hagfræði-við IESE viðskiptaháskólann í Barcelona, á árlegu Viðskiptaþingi Viðskiptaráðs, undir lok síðustu viku.

Videla, sem er sérfróður um efnahagskreppur þjóðríkja, gaf þar þjóðríkjum einkunn eftir því hversu viðkvæm þau væru fyrir efnahagskreppunni. Ísland og Spánn trónuðu í efstu sætunum sem veikust fyrir, þar á eftir koma, með heldur skárri einkunnir, Bretland og Bandaríkin. Einkunnina reiknaði prófessorinn út eftir þróun hagstærða frá árinu 2002 til miðs árs 2007, svo sem hvað varðar þróun eignaverðs og skulda heimilanna.

Hér þekkjum við afleiðingarnar í hruni fjármálakerfis þjóðarinnar og Spánverjar geta bara vonað að þeir rati ekki sömu leið. Ólíku er þó saman að jafna, enda Spánn með bakland í evrunni og Seðlabanka Evrópu.

**Fall fjármálakerfisins í heimskreppunni breytir því ekki að hér þarf að laða fyrirtæki og fólk að með hagfelldu umhverfi. Því ætti ekki að blása af í hugsunarleysi hugmyndir sem viðraðar hafa verið um jafna og lága skattprósentu.**

Videla benti hins vegar á að afleiðingar kreppunnar hér þyrftu ekki að verða alvarlegri en í kjölfar annarra fjármálakreppna víða um heim, hvað sem liði öllum spám um annað. Hann segir innviði íslenska hagkerfisins raunar sterkari en margra annarra ríkja og því fulla ástæða til bjartsýni.

Vondar ákvarðanir geta hins vegar gert erfiða stöðu þjóðarinnar enn verri og vert að gefa gaum ráðleggingum þeirra sem kynnt hafa sér fjármálaþrengingar þjóðríkja. Videla varar til dæmis við auknum ríkisútgjöldum sem aðgerð til að vinna bug á kreppunni, þar sem langtímaafleiðingar slíkrar stefnu geti orðið mjög alvarlegar. Eiga þau varnaðarorð samhljóm í orðum skuggabankastjórnar Markaðarins sem birt er í dag, en þar kemur fram að ómarkviss útgjaldaaukning ríkisins gæti orðið til þess að lengja tímabil hávaxta og binda hendur Seðlabanka Íslands í vaxtatilslökun.

Annað sem Videla nefndi var að ekki væri skynsamlegt að hækka skatta til að mæta fyrirsjáanlegum skorðum í fjármálum hins opinbera. að hans mati er við núverandi aðstæður allt eins líklegt að skattahækkanir gætu beinlínis leitt til tekjusamdráttar fyrir hið opinbera.

Í umróti dagsins má nefnilega ekki gleymast að horfa til lengri framtíðar. Hér finnast að vísu enn fyrirtæki með starfsemi á alþjóðavísu, en hætt er við að þeim fari fækkandi í því umhverfi sem þeim er búið, hvort heldur þau fara fyrir eigið tilstilli eða verða tekin yfir á útsölu vegna krónunnar. Fyrirtæki með slíka starfsemi var fyrst hægt að byggja hér upp eftir að hagkerfið var opnað og tekin upp fjórfrelsisákvæði Evrópska efnahagssvæðisins. Óráð væri að hverfa aftur til þeirra tíma að hér þrifust ekki nema smærri fyrirtæki sem einbeittu sér að heimamarkaði.

Burtséð frá gjaldeyrishöftum ræður skattaumhverfið miklu um tekjumöguleika ríkisins. Fall fjármálakerfisins í heimskreppunni breytir því ekki að hér þarf að laða fyrirtæki og fólk að með hagfelldu umhverfi. Því ætti ekki að blása af í hugsunarleysi hugmyndir sem viðraðar hafa verið um jafna og lága skattprósentu á milli 10 og 15 prósentum. Í slíku skattkerfi væri þegar að finna kjarabót og færð hafa verið rök fyrir því að það myndi skila ríkinu meiri tekjum til lengri tíma litið.

Enduruppbygging opins alþjóðlegs hagkerfis kallar svo vitanlega á fleiri breytingar. Þar eru peningamálin mikilvægust. Pedro Videla sagði valið standa á milli upptöku evru með aðild að Myntbandalagi Evrópu eða efnahagslegrar einangrunar.

**FJÁRFESTAR.**

**Hvernig væri að fjárfesta í fyrirtæki með mikla stækkunarmöguleika, en fjármagn vantar. Vörur fyrirtækisins eru sérhæfðar og hefur það náð töluvert langt þó fjárvana sé. Með auknu fjármagni má auka sölu um 100-200 % á stuttum tíma og fjármagn kemur fljótt til baka. Áralöng reynsla á markaði þessa vöruflokks liggur að baki, ennfremur mörg erlend vöruumboð sem ekki hafa verið nýtt til fullnustu vegna fjárskorts. Daglega koma inn fyrirspurnir frá erlendum aðilum hvort þeir geti átt viðskifti. Fyrirtækið er með trausta viðskiftavini og getur bætt við sig mörgum í viðbót. Fjármagn mundi vera notað til að kaupa vörur inn erlendis frá og til daglegs rekstur. Þessar vörur fara ekki minnkandi í sölu þó kreppa sé. Eins og allir vita er ekki góður tími til að fjárfesta í hlutabréfum og því ekki að líta á þetta. Ekki er verið að ræða um neina tugi milljóna eins gjarnan er talað um í dag. Bara koma öllu á flug. Jafnvel er allt fyrirtækið falt. Allar upplýsingar verða gefnar ef áhugi er fyrir hendi.**

**Vinsamlega sendið tölvupóst á sappjap@gmail.com**
**Öllum verður svarað!**

# Grænir sprotar efnahagsbatans




**VIÐTAL 60 MÍNÚTNA** Í viðtali á bandarísku sjónvarpsstöðinni CBS kvaðst Ben Bernanke seðlabankastjóri BNA sjá „græna sprota“ efnahagsbatans. MARKAÐURINN/AP

**ORÐ Í BELG**



**Helgi Magnússon**
formaður Samtaka iðnaðarins.

Nú er komið að því að Íslendingar ákveði hvort þeir ætla að taka höndum saman um að rífa sig upp úr svartnætti vetrarins og horfa fram á veginn með markvissri uppbyggingu samfélagsins eða halda áfram að vorkenna sér.

Ég geri ekki lítið úr þeim mikla vanda sem við er að fást vegna atvinnuleysis, erfiðrar skuldastöðu heimila og atvinnulífs, gjaldeyrishafta og þeirra alvarlegu tafa sem orðið hafa á endurreisn bankakerfisins.

Mikilli orku hefur verið eytt í að leita svara við því hvað fór úrskeiðis og finna þá sem bera ábyrgð. Löggjafinn hefur þegar komið á fót rannsóknarnefnd og embætti sérstaks saksóknara sem hafa það verkefni að leiða sannleikann í ljós og láta þá svara til saka sem kunna að hafa gerst brotlegir. Ég tel mikilvægt að sú vinna fari fram á þeim vettvangi. Við verðum að treysta réttum yfirvöldum fyrir því og láta af þeirri iðju að taka fólk unnvörpum af lífi án dóms og laga. Slík vinnubrögð munu ekki leiða til farsældar. Alþingi götunnar bætir okkur ekki.

Í ræðu minna á nýafstöðnu iðnþingi hvatti ég fjölmiðla og aðra áhrifaaðila í þjóðfélaginu til að fara nú að horfa út úr myrkrinu og leggjast á árar með þeim sem vilja taka til við það af krafti að byggja samfélagið upp að nýju.

Í efnahagslegu tilliti verður sú uppbygging að fara fram með aukinni verðmætasköpun í atvinnulífinu. Við þurfum öflugan hagvöxt. Við þurfum að skapa störf til að sporna við atvinnuleysi. Við þurfum að efla útflutning og gjaldeyrissparandi framleiðslu í landinu. Við þurfum að nýta orkuauðlindir og allar aðrar auðlindir landsins af fullum þunga en einnig af skynsemi. Við höfum ekki efni á að láta nein tækifæri fram hjá okkur fara. Við höfum ekkert að gera við stjórnvöld eða embættismenn sem hamla gegn uppbyggingu og standa í vegi fyrir verðmætasköpandi atvinnufyrirtækjum.

Á iðnþingi var fjallað um þau miklu tækifæri sem Íslendingar eiga þrátt fyrir allt. Þrátt fyrir skugga vandamála og ógnvekjandi atburða á liðnum mánuðum ríkti bjartsýni á iðnþinginu. Við gerum okkur ljóst að það býr mikill kraftur í Íslendingum. Við eigum miklar auðlindir. Við eigum menntað fólk og við eigum fólk sem er vant að takast á við sveiflur og erfiðleika – og sigrast á þeim.

Vandinn sem við er að fást er að hluta til huglægur þó hann sé einnig býsna áþreifanlegur. Við verðum að trúa því að Íslendingar geti náð sér á strik með öflugri atvinnuuppbyggingu og aukinni verðmætasköpun. En það verður einnig að gera þá kröfu að stórlega dragi úr niðurrifi og neikvæðni. Það skilar okkur engu nema vonbrigðum.

Íslenskur iðnaður gegnir mikilvægu hlutverki í verðmætasköpun Íslendinga. Iðnaðurinn verður að leggja mikið til hagvaxtar næstu ára ef endurreisnin á að takast fljótt og vel. Þar verðum við að treysta á hina miklu breidd iðnaðarins, allt frá sprotafyrirtækjum til stóriðju og allt þar á milli.

Nú þarf að ljúka nokkrum forgangsmálum til þess að hjólin fari að snúast í rétta átt:

**1.** Fyrsta krafan er áfram um lækkun vaxta, afnám gjaldeyrishafta eins fljótt og aðstæður leyfa og endurreisn stóru bankanna þannig að þeir geti af fullu afli sinnt grunnviðfangsefnum sínum, þjónustu við fólk og fyrirtæki.

**2.** Það þarf að greiða úr óvissu varðandi sparisjóði og smærri fjármálafyrirtæki, m.a. með því að nýta lagaheimildir til að leggja þeim til 20% eiginfjárframlag þar sem líklegt er að það dugi þeim til að komast á beinu brautina. Þessi fyrirtæki eiga að geta gegnt mikilvægu hlutverki í starfsemi á fjármálamarkaði og skapað mótvægi við núverandi ríkisbanka og aukið samkeppni þegar eðlilegt ástand skapast.

**3.** Það þarf að taka af skarið varðandi úrlausnir í bankakerfinu vegna framvirkra samninga sem atvinnulífið og lífeyrissjóðir gerðu í góðri trú áður en bankarnir hrundu. Þessi mál hafa verið til umfjöllunar í allan vetur án niðurstöðu. Það er farið að skaða starfsemi aðila mjög alvarlega. Ekki verður lengur undan því vikist að höggva á hnútinn.

**4.** Það þarf hið fyrsta að taka afstöðu til niðurfellinga og leiðréttinga á uppsöfnuðum skuldum fólks og fyrirtækja vegna ofurvaxta síðari ára, gengistapakostnaðar sem er að sliga allt of marga. Ýmsar hugmyndir hafa verið uppi, m.a. frá framsóknarmönnum um 20% niðurfærslu. Þær hafa ekki fengið næga athygli fyrr en allra síðustu daga. Hugmyndum þeirra, sem fleiri hafa nú tekið undir, er ekki hægt að henda óræddum út af borðinu nema stjórnvöld og önnur ráðandi öfl komi með betri lausnir.

**5.** Þá vil ég vara við hugmyndum um stofnun sérstaks eignaumsýslufélags ríkisins sem hefði það hlutverk að taka til sín „þjóðhagslega mikilvæg“ fyrirtæki með það að markmiði að endurskipuleggja þau fjárhagslega og ráðstafa þeim síðan eftir einhver ár í ríkiseigu og ríkisrekstri. Þetta er afleit hugmynd og brýnt er að leiða Alþingi það fyrir sjónir að stofnun þessa félags væri afleikur. Íslendingar hafa næga reynslu af fyrirbærum eins og Framkvæmdastofnun ríkisins sem sett var á stofn í byrjun áttunda áratugarins, Hlutabréfasjóðnum sem stofnaður var í lok níunda áratugarins og öðru slíku. Sporin hræða og starfsemi slíkra stofnana var kölluð „sjóðasukk“ af sumum og það tók langan tíma að greiða úr þeim vandamálum sem urðu til með starfsemi þeirra. Það verður að leysa vanda stærri fyrirtækja með öðrum hætti en stofnun eignarhaldsfélags ríkisins að sænskri fyrirmynd. Við skulum nú varast að sækja allar lausnir og sannleikann til útlanda! Nýtum okkur eigin reynslu – m.a. af því sem gert var rangt fyrir áratugum með vanhugsuðum stofnunum.

Nú er mikilvægt að ríkisstjórn og Alþingi afgreiði brýnustu mál áður en kosningabaráttan tekur við af löggjafarstörfum. Það er ekki hægt að bíða fram í maí eða júní eftir að ný ríkisstjórn geti farið að beita sér af krafti.

Ef Íslendingar taka nú réttar ákvarðanir og fara að horfa fram á veginn til að vinna úr því sem er jákvætt og mögulegt þá mun rofa fyrr til á Íslandi en ætlað hefur verið.

Jákvæð teikn eru aðeins farin að sjást úti í hinum stóra heimi. Ástand mála á heimsmarkaði varða okkur miklu. Ben Bernanke, seðlabankastjóri Bandaríkjanna, sagði í samtali við CBS-sjónvarpsstöðina í byrjun þessarar viku að hann væri þegar farinn að sjá „græna sprota“ efnahagsbatans.

Það eru góðar fréttir.



**ÁTTA GÓÐ RÁÐ Í BOÐI ALLRA ÁTTA** Jón Trausti Snorrason framkvæmdastjóri Allra Átta ehf. www.8.is

## Hollráð við vefsíðugerðina

**1.** Tenglar frá öðrum síðum, sem vísa inn á þína, auka umferð. Með því að fá aðra til að tengja inn á þína síðu eykur þú sýnileika hennar á leitarvélum.

**2.** Notaðu lénið þitt á bréfsefni, nafnspjöld og annað auglýsingaefni sem þú gefur út.

**3.** Gefðu út rafrænt fréttabréf. Þannig má á ódýran hátt kynna nýjar vörur eða þjónustu og fjölga heimsóknum á vefinn.

**4.** Útbúðu „undirskrift“ í tölvupóstinn þinn. Hún ætti að innihalda nafn, símanúmer, merki fyrirtækisins og vefsíðuslóð.

**5.** Póstlisti er góð leið til að auglýsa t.d. útsölur eða tilboð. Tölvupóstur á póstlista verður að hafa í för með sér ávinning fyrir viðtakendur.

**6.** Auktu heimsóknafjöldann og vertu með getraunir á vefsíðunni og vegleg verðlaun fyrir rétt svör.

**7.** Ertu bloggari? Hvernig væri að halda úti fyrirtækjabloggi?

**8.** Fáðu sérfræðing til að auka sýnileika síðunnar þinnar með leitarvélabestun.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. RITSTJÓRI: Óli Kr. Ármannsson, *olikr@markadurinn.is* RITSTJÓRN: Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, *jonab@markadurinn.is* AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 512 5000** SÍMBRÉF: 512 5301 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 miðlar ehf. PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu
Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

# ÍSLENSKIR DAGAR

## Á BYLGJUNNI 16. TIL 27. MARS

Forvitnilegir, fræðandi og skemmtilegir dagar sem hafa það markmið að auka þekkingu landsmanna á íslenskri framleiðslu og þeim fyrirtækjum sem að henni standa. Frábært tækifæri til að koma íslenskum fyrirtækjum og vöru á framfæri. Umfjöllun um íslensk fyrirtæki og framleiðslu þeirra í fyrirrúmi á Bylgjunni í 2 vikur.

**Eflum stoðir atvinnulífsins og stöndum saman.**



BYLGJAN 989

ÍSLENSK ÚTVARPSSTÖÐ

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 512 5000, fax: 512 5301, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**91** milljón tæp hefur verið greidd út á þeim tæpu þremur mánuðum sem lög um endurgreiðslu vörugjalds og virðisaukaskatts á ökutækjum hafa verið í gildi, að meðaltali tæpar 1,3 milljónir á hvern bíl.

**29** milljarða rýrnun varð á hreinni eign lífeyrissjóðanna í janúar, en hún var í lok mánaðarins 1.615 milljarðar króna. Miðað við janúar í fyrra hefur hrein eign lækkað um 2,5 prósent.

**28,881** milljónar tap varð á rekstri Byrs sparisjóðs eftir skatta á árinu 2008. Árið 2007 nam hagnaður eftir skatta 7,9 milljörðum króna.

## BANKAHÓLFIÐ

### Reykt eftir hrunið



Æ fleiri sem tengjast banka- og fjárfestingageiranum munu hafa gefist upp á ímynd heilsu og hreysti eftir efnahagshrunið í haust og virðist engu skipta þótt meðalverð á kistunöglum standi nú í kringum 700 kallinn og í einhverjum tilvikum, allt eftir tegundum, rúmlega það. Eftir því sem næst verður komist fara þeir sem stóðu í fylkingu uppsveiflunnar leynt með fíkn sína en heyrst hefur að glitta megi í einstaka forkólf fjármálalífsins í reykjarkófi í brunastigum og við bakdyr veitinga- og gistihúsa hvar þeir svala fíkn sinni með pöplinum.

### Ekki veitir af hollráðum

Hjá Háskólaútgáfunni er komin út um margt merkileg bók. Sú heitir „Penny for your thoughts“ og er eftir Tobias Nielsén, Dominic Power og Margréti Sigrúnu Sigurðardóttur, aðjúnkt við viðskiptafræðideild Háskólans. Undirtitillinn skýrir gagnsemina: „10 lessons to help you invest in and grow with creative business“. Horft er gagnrýnum augum á helstu goðsagnir um uppbyggingu og rekstur fyrirtækja og ætla má að hún verði vinsæl hér á landi í endurreisninni sem í hönd fer. Eigi að spretta sprotar þarf að huga vel að gróðursetningunni, eða hvað?

### Íslensk fyrirmynd

Margir supu hveljur þegar Davíð Oddsson, fyrrverandi seðlabankastjóri, fór um víðan völl í Kastljóssviðtali í fyrrahaust. Mál manna var, að svona gerðu menn ekki. Var vísað til passasamrar framkomu Bens Bernankes, seðlabankastjóra Bandaríkjanna og nær sterílla vaxtaákvörðunarfunda kollega þeirra, Jean-Claude Trichet, í Evrópu. Nú bar svo við að Bernanke fór á flug í fréttaskýringaþættinum 60 Minutes um síðustu helgi. Þar létti hann á hjarta sínu og hellti úr skálum reiði sinnar yfir stjórnendur tryggingarisans AIG, sem hafa neyðst til að seilast djúpt ofan í vasa hins opinbera til að forða sér frá þroti. Eftir á að hyggja hefur Davíð máske slegið tóninn fyrir það sem koma skal, fyrstur seðlabankastjóra…







Ef þú hefur lent í umferðarslysi, vinnuslysi eða frítímaslysi getur þú átt rétt á bótagreiðslum. Hafðu samband við PACTA lögmenn sem fyrst og kannaðu rétt þinn til bóta. Við höfum áralanga reynslu á þessu sviði.

PACTA LÖGMENN

Fyrsta viðtal til að skoða málið er þér að kostnaðarlausu. Hafðu samband og pantaðu viðtal í síma 440 7900 eða á www.pacta.is




Reykjavík | Akranes | Borgarnes | Ísafjörður | Blönduós | Sauðárkrókur | Akureyri | Egilsstaðir | Vestmannaeyjar | www.pacta.is

# Styrkur til námsdvalar í Japan

Evrópskum ungmennum á framhaldsskólastigi býðst nú styrkur til námsdvalar í Japan frá þarlendum stjórnvöldum. Í Japan munu nemendurnir sækja japanska skóla, dveljast á venjulegum japönskum heimilum og taka þátt í ýmsum hefðbundnum viðburðum. Annars vegar er hægt að sækja um styttri dvöl sem er fimm vikur og hins vegar lengri dvöl sem er fimm mánuðir. Tveir styrkir verða veittir til íslenskra nemenda 2009, einn til styttri dvalar og annar til lengri.

Umsækjendur skulu vera 15 til 18 ára og nemendur á 1. eða 2. ári í framhaldsskóla við upphaf námsdvalar, vera íslenskir ríkisborgarar, andlega og líkamlega heilsuhraustir, hafa grunnþekkingu á japanskri tungu, ellegar einbeittan áhuga á að læra tungumálið og kynnast japanskri menningu, geta tjáð sig skilmerkilega á ensku og lagað sig að daglegu lífi í Japan, ekki hafa nein föst áform um langtíma dvöl í Japan og ekki vera handhafar japansks vegabréfs.

Umsóknir má nálgast á heimasíðu menntamálaráðuneytisins, http://www.menntamalaraduneyti.is/frettir/Auglysingar/allar/nr/4831, og verður að skila inn vélritaðri umsókn til sendiráðs Japans fyrir 20. mars.



**JAPAN** hægt er að sækja um styrk til styttri eða lengri námsdvalar.





* Tilboðsverð er nettóverð með afslætti. Á sumum myndum af nýjum Transit í þessari auglýsingu er sýndur aukabúnaður sem ekki er innifalinn í verðinu. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.



# ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



**Kardemommubærinn** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 21/3 kl. 14:00 | U | Lau 4/4 kl. 14:00 | U | Sun 26/4 kl. 14:00 | U |
| Lau 21/3 kl. 17:00 | U | Sun 5/4 kl. 17:00 | U | Sun 26/4 kl. 17:00 | U |
| Sun 22/3 kl. 14:00 | U | Sun 5/4 kl. 17:00 | U | Þri 28/4 kl. 18:00 aukas. | U |
| Sun 22/3 kl. 17:00 | U | Lau 18/4 kl. 14:00 | U | Sun 3/5 kl. 14:00 | U |
| Lau 28/3 kl. 14:00 | U | Lau 18/4 kl. 17:00 | U | Sun 3/5 kl. 17:00 | U |
| Lau 28/3 kl. 17:00 | U | Sun 19/4 kl. 14:00 | U | Þri 5/5 kl. 18:00 | U |
| Sun 29/3 kl. 14:00 | U | Sun 19/4 kl. 17:00 | U | Sun 10/5 kl. 14:00 | U |
| Sun 29/3 kl. 17:00 | U | Lau 25/4 kl. 14:00 | U | Sun 10/5 kl. 17:00 | U |
| Lau 4/4 kl. 14:00 | U | Lau 25/4 kl. 17:00 | U | Lau 16/5 kl. 17:00 | U |

Ósóttar pantanir seldar þremur dögum fyrir sýningu

**Hart í bak** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Mið 18/3 kl. 20:00 | U | Mið 1/4 kl. 20:00 | Ö | Mið 15/4 kl. 20:00 | |
| Mið 25/3 kl. 20:00 | Ö | Fim 2/4 kl. 20:00 | Ö | Fim 23/4 kl. 20:00 | |

**Þrettándakvöld** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fim 19/3 kl. 20:00 2.sýn. | Ö | Fös 27/3 kl. 20:00 5.sýn. | | Fös 17/4 kl. 20:00 8.sýn | |
| Fös 20/3 kl. 20:00 3.sýn. | Ö | Fös 3/4 kl. 20:00 6.sýn. | | | |
| Fim 26/3 kl. 20:00 4.sýn. | | Fim 16/4 kl. 20:00 7.sýn. | | | |

Í samstarfi við Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands

**Sædýrasafnið** (Kassinn)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Þri 24/3 kl. 21:00 fors. | Ö | Fös 3/4 kl. 21:00 | Ö | Fös 24/4 kl. 21:00 | |
| Fim 26/3 kl. 21:00 fors. | Ö | Sun 5/4 kl. 21:00 | | Lau 25/4 kl. 21:00. | |
| Fös 27/3 kl. 21:00 frums. | U | Fös 17/4 kl. 21:00 | | | |
| Lau 28/3 kl. 21:00 | Ö | Lau 18/4 kl. 21:00 | | | |

Ath. snarpt sýningatímabil

**Skoppa og Skrítla í söng-leik** (Kúlan)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 21/3 kl. 13:00 | U | Lau 28/3 kl. 13:00 | U | Lau 28/3 kl. 16:00 auka. | |
| Lau 21/3 kl. 14:30 | U | Lau 28/3 kl. 14:30 | U | | |

Örfáar aukasýningar með bestu vinkonum barnanna

**Eterinn** (Smíðaverkstæðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fim 19/3 kl. 21:00 fors. | Ö | Fös 27/3 kl. 21:00 | | Fim 16/4 kl. 21:00 | |
| Fös 20/3 kl. 21:00 frums. | Ö | Fim 2/4 kl. 21:00 | | Fös 17/4 kl. 21:00 | |
| Fim 26/3 kl. 21:00 | | Fös 3/4 kl. 21:00 | | | |




# Ævintýraferð Tuma litla

**NOKKUR ORÐ**

**Alma Guðmundsdóttir**

Hundaeigendur vita hversu vond tilfinning það er þegar hundurinn manns týnist. Maður fer út að leita og vonar að hann skili sér, en óttast mest af öllu að hann verði fyrir bíl. Með tvo hunda á heimilinu, labradorinn Brúnó og cavalierinn Tuma, hefur það gerst nokkrum sinnum að annar þeirra hefur stungið af, þó aldrei lengi í einu. Labradorinn er samt mun agaðari en sá litli og það sannaði sig í síðustu viku þegar ég var stödd með þá í heimsókn hjá foreldrum mínum í Garðabæ. Af einhverri óútskýranlegri ástæðu opnaðist útidyrahurðin og þegar við uppgötvuðum það stóð Brúnó með höfuðið í dyragættinni, enda vanur að heyra „gjörðu svo vel“ áður en hann dirfist að stíga yfir þröskuldinn, en Tumi var stunginn af.



Þetta kvöld tók við mikil leit hjá okkur, bæði fótgangandi og á bíl. Þegar komið var fram á nótt gáfumst við upp, hringdum á lögregluna til að tilkynna hvarfið og létum vekjaraklukkuna hringja reglulega yfir nóttina til að athuga hvort hann biði nokkuð við útidyrahurðina.

Eftir svefnlausa nótt var ég farin að óttast það versta en fékk þá símtal frá vinnufélaga mínum. Kvöldið áður hafði Tumi næstum því hlaupið fyrir bíl móður hans sem tók hann með sér heim og þar sem hún náði hvorki í eigendurna né fékk upplýsingar hjá lögreglunni, passaði hún hann líkt og sinn eigin hund þar til svo heppilega vildi til að vinnufélagi minn áttaði sig á hver eigandinn var. Þetta fór of vel til að um einskæra tilviljun hafi verið að ræða og Tumi kom alsæll heim eftir vistina í Hafnarfirði þar sem hann dvaldi í góðu yfirlæti með tveimur tíkum í umsjá yndislegrar konu.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





**Miele**

Þú sparar kr. 8.650



# Sparaðu með Miele

Nýja S2120 ryksugan frá Miele er lágvær, létt, kraftmikil og með stórum poka. Hún fæst í rauðu og bláu. Parketbursti að andvirði kr. 8.650 fylgir frítt með.

best brands 2008 das deutsche markenranking

**TILBOÐ**
**Kr. 21.995***

**Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur**

*tilboð gildir á meðan birgðir endast.

**EIRVÍK** -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri | Sími 588 0200

vilborga@centrum.is

# Læknir þýðir ljóðabálk eftir Hæni

Hinrik Hænir var í miklum metum meðal íslenskra ljóðaunnenda og skálda allar götur frá því að hann tók að birta ljóðmæli sín á þriðja áratug 19. aldar. Næstu öld var hann mikið þýddur af fjölda íslenskra skálda og á ekkert skáld jafnmargar þýðingar og hann ef frá er talinn Shakespeare. Er mikil synd að ekki skuli hafa verið safnað saman í ljóðmæli þeim þýðingum, helst í tvítyngdri útgáfu, stærsta safnið sem kom út með þýðingum kvæða hans árið 1919 sem er falleg lítil bók.

Nú bætist heldur betur í þýðingar á verkum Hænis, eins og Fjölnismenn kölluðu hann, því Einar Thoroddsen, læknir og lífskúnstner, hefur þýtt mikinn ljóðabálk skáldsins frá 1843: Deutschland: Ein Wintermärchen.

Hænir bjó lungann úr ævi sinni í París. Hann fæddist 1797, gaf sína fyrstu bók út 1821 og fluttist frá Þýskalandi til Parísar 1831 og bjó þar til dauðadags 1856.

Um bálkinn segir Einar Thoroddsen: „Árið 1843 í nóvember fór Heine til Þýzkalands en hafði verið í útlegð í París í 13 ár. Hann kom inn í landið í Aachen fullur eftirvæntingar og endaði í Hamborg eftir miklar „pælingar“, pólitískar, trúarlegar, menningarlegar og aðrar sem nöfnum tjáir að nefna. Hann sá að þjóðin hefur ekki breyst neitt að ráði, „mörlandinn“ er sá sami og mjög oft verður hann fyrir vonbrigðum. Heine skrifaði bálkinn í mars 1844 og vildi helst ekki breyta miklu eftir það, því að stundum er betra að segja hlutina „hráa“ en að byrja að fága. Bálkurinn er í 27 köflum og bragarhátturinn ekki alltaf alveg sá sami, en í þýðingunni er reynt að nota stuðla, segir Einar, „höfuðstafi og allt það“ fyrir utan að í henni koma fyrir hlutir sem gerðust eftir 1844 og Heine vissi ekkert um enda þótt hann hafi oft verið forspár.“

Einar ætlar að lesa þýðingu sína í heild í kvöld í Gamla bíói - Íslensku óperunni og hefur lesturinn kl. 20. Miðasala við innganginn. - pbb


**BÓKMENNTIR** Einar Thoroddsen læknir hefur þýtt mikinn ljóðabálk eftir Hæni, uppáhald Fjölnismanna og Hannesar Hafstein meðal annarra.


**TÓNLIST** Ingibjörg Guðjónsdóttir sópransöngkona, Einar með klarinettið og Valgerður við píanóið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Tónleikaröð í Norræna húsinu

Í kvöld verða tónleikar í Norræna húsinu. Þar eru á ferð þau Ingibjörg Guðjónsdóttir, sópran, Einar Jóhannesson, klarinett, og Valgerður Andrésdóttir, píanó, eða Trio Varioso, eins og þau kalla sig. Með þessum tónleikum hefst tónleikaröð Félags íslenskra tónlistarmanna í samvinnu við Norræna húsið. Trio Varioso mun í kvöld flytja blandaða efnisskrá með ljóðasöng og tónverkum eftir íslensk og dönsk tónskáld fyrir hlé, Hafliða Hallgrímsson, Atla Heimi Sveinsson, Peter Heise og Niels W. Gade.

Eftir hlé mun frönsk og þýsk sveitastemning vera ríkjandi en þá verða flutt verk eftir Schubert, Chausson og Pierne. Á tónleikunum verða frumflutt tvö lög eftir Atla Heimi Sveinsson sem hann hefur skrifað fyrir tríóið, Þröstur í tré við sjúkrahús og Skógarhind.

Tónleikarnir hefjast kl. 20. - pbb

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 18. mars 2009**

### → Tónleikar

**12.30** **Tríó Hak** flytja verk eftir Sunnu Gunnlaugsdóttur, Tómas R. Einarsson og Sigurð Flosason á háskólatónleikum í **Hátíðarsal Háskóla Íslands**, aðalbyggingu.

**20.00** **Félag íslenskra tónlistarmanna** stendur fyrir tónleikaröð í Norræna húsinu við Sturlugötu. Í kvöld mun **Trio Varioso** flytja blandaða efnisskrá með ljóðasöng og tónverkum eftir Schubert, Chausson, Atla Heimi Sveinsson og fleiri.

### → Leiklist



**16.00** Forsýning verður á leikverkinu **„Ég heiti Rachel Corrie“** eftir Alan Rickman og Katherine Viner. **Þóra Karítas Árnadóttir** flytur verkið í Borgarleikhúsinu við Listabraut.

### → Fyrirlestrar

**16.30** **Ingunn Ásdísardóttir** leikstjóri og þýðandi, flytur erindi um þýðingar á leikritum og skáldritum í fyrirlestrasal **Þjóðminjasafnsins** við Suðurgötu.

### → Dans

Nemendur úr **Dansskóla** Birnu Björns verða með þrjár sýningar í Borgarleikhúsinu við Listabraut þar sem þau sýna Hipp hopp, jazzballet, Broadwaydans og margt fleira. **Sýningarnar verða kl. 17, 18.30 og 19.30.**

### → Sýningar

Á Skörinni í **Handverki og hönnun** við Aðalstræti 10, hefur Katrín Jóhannesdóttir opnað sýningi á **prjónuðum** kjólum, peysum og fylgihlutum. Opið alla virka daga kl. 9-18, fim. til kl. 22 og um helgar kl. 12-17.

### → Söngleikir



**20.00** **Verðandi**, leikfélag Fjölbrautaskólans við **Garðabæ**, sýnir söngleikinn **Chicago** í Urðabrunni, Hátíðarsal FG við Skólabraut.

### → Ljósmyndasýningar

Í **Gerðarsafni** við Hamraborg í Kópavogi stendur yfir sýning Blaðaljósmyndarafélags Íslands auk þess sem opnuð hefur verið sýning ljósmyndarans **Jim Smart.** Opið alla daga nema mán. kl. 11-17.

### → Myndlist

**Guðmunda Hulda Jóhannesdóttir** (Munda) hefur opnað sýningu á vatnslita- og akrílmyndum á **Café Milanó** í Faxafeni. Opið mán.-fim. kl. 9-23.30, fös. kl. 9-22, lau. kl. 9-18 og sun. kl. 12-18.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**



HEKLA NOTAÐIR BÍLAR KLETTHÁLSI

HUGSAÐU HLÝTT
TIL FYRRI
EIGENDA

**Mitsubishi Outlander - Kraftmikill sportjeppi**
Kostir Mitsubishi Outlander eru afgerandi. Hann hefur mestu veghæð í sínum flokki, stærsta farangursrýmið, öflugt fjórhjóladrif og frábæra aksturseiginleika.

Komdu í HEKLU - Notaða bíla á Klettháls og skoðaðu næstum nýjan Mitsubishi Outlander, kraftmikinn, rúmgóðan og ríkulega búinn bíl fyrir alla fjölskylduna, tilvalinn í ferðalagið.

JÓNSSON & LE'MACKS · jl.is · SÍA

DÆMI ÚR SÖLUSKRÁ
Mitsubishi Outlander Intense, árgerð 2008
ekinn 5.000 km. Sjálfskiptur, bensín.
Verð: 4.280.000 kr.



MITSUBISHI MOTORS




Opið 10–18 virka daga | Opið 12–16 laugardaga
Klettháls | sími 590 5044 | www.heklanotadirbilar.is



*„Mér finnst að marijúana ætti að vera leyft með lögum. Ekki svo fólk sé í vímu út um allt, heldur svo dreifingu þess geti verið stjórnað.“*

**RHYS IFANS**
**um eiturlyfjalög í Bretlandi.**





*„Mig langaði til að spyrja hvort ég mætti sitja með honum á fyrsta farrými. Mig hefði aldrei grunað að ég ætti eftir að hitta Grammyverðlaunahafa, hvað þá að vinna tvenn Grammyverðlaun sjálf.“*

**ADELE**
**Um viðbrögð sín þegar Sir Paul McCartney gaf sig á tal við hana á flugvelli.**

# Fólk

folk@frettabladid.is



**HEIMSÓTTI NÍU SUNDLAUGAR** Yrsa Þöll heimsótti sundlaugar höfuðborgarsvæðisins og rannsakaði skapaháratísku. MYND/SIGURJÓN

## Kannaði leyndarmálin í kvennaklefum

**Yrsa Þöll Gylfadóttir þræddi sundlaugar höfuðborgarsvæðisins og gerði könnun á skapaháratísku kvennaklefanna. Eða öllu heldur hversu algengt það væri að konur létu fjarlægja öll skapahár.**

Lausleg niðurstaða var sú að sú tíska er frekar bundin við hverfi utan hins gamla kjarna borgarinnar.

„Ég tók eftir þessari þróun eftir að ég hafði sjálf verið mikið í sundi heilt sumar,“ segir Yrsa. Niðurstöður og grein Yrsu birtust í síðasta tölublaði Stúdentablaðsins. Yrsu segist hafa grunað að þessi tíska væri mun algengari eftir því sem fólk byggi í nýrri hverfum. „Ég hafði tekið eftir því sjálf og manni virðist sem það sé ákveðið samasemmerki milli hugsunarháttar hjá fólki sem vill til að mynda heimkynni sín öll ný, háglans, sprautulökkuð og flekklaus og að finnast það sjálft eiga að vera einhver óflekkuð marmarastytta. Svo í miðbænum má til að mynda finna fólk sem vill vernda gömlu húsin og hallast því kannski um leið að því að huga að „upprunlegri“ mynd líkamans.“

Yrsa er sjálf talskona þess að líkaminn sé ekki skrumskældur til að þóknast staðalímyndum og segir að í gríni hafi hún því fengið leyfi hjá mági sínum, sem sé meðlimur í Torfusamtökunum, til að kalla sín „samtök“ fyrir verndun skapahára Torfusamtökin 2.

Þessa dagana er Yrsa í Frakklandi að undirbúa sig undir doktorsnám en hún var einmitt á dögunum fyrsti nemandinn til að ljúka meistaraprófi í frönsku við Háskóla Íslands.

Yrsa segir að það hafi enginn gert veður út af athugunum hennar enda hafi hún rétt rennt augunum yfir svæðið og skráð tölurnar í huganum – hve margar voru búnar að fjarlægja öll skapahár og hverjar voru með „mjóa rönd“. „Ég var nú ekkert að stara en hins vegar átti litla frænka mín ekki orð yfir mig og sagði að ég væri perri – hún hefði séð mig stara á aðra konu í sturtunni!“

**- jma**



**LITLA FRÆNKAN AGNDOFA** Yrsa Þöll segir að litla frænkan sín hafi kallað sig perra, hún hefði séð hana stara á aðra konu í sturtu.

# Skammast sín fyrir Chris Brown

Rihanna er sögð skammast sín of mikið fyrir Chris Brown til að láta sjá sig með honum á almannafæri. Samkvæmt heimildum breska tímaritsins Star er Rihanna sögð óttast viðbrögð almennings greini hún opinberlega frá því að hún sé komin aftur í samband með Brown eftir meinta árás hans í síðasta mánuði.

Söngkonan er sögð vera búin að fyrirgefa Chris Brown að hafa ráðist á sig, en sé ekki tilbúin til að takast á við viðbrögð aðdáenda sinna. Vinur söngkonunnar segir hana ekki þrá neitt heitar en að gleyma atvikinu og ætli nú að reyna að beina athyglinni aftur að söngferli sínum í stað frétta af sér og Brown.



**ÓTTASLEGIN** Rihanna er sögð óttast viðbrögð almennings tilkynni hún opinberlega að hún sé byrjuð aftur með Chris Brown eftir árásina í síðasta mánuði.

# Páll ánægður með Fangavakt

„Mér líst bara mjög vel á þetta, þetta eru miklir fagmenn sem standa að þessum þáttum og ég treysti þeim fyllilega til verksins,“ segir Páll Egill Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar

Eins og komið hefur fram stendur til að gera þriðju þáttaröðina um þá Daníel, Ólaf Ragnar og Georg sem hafa slegið í gegn í bæði Næturvaktinni og Dagvaktinni. Nú sitja tveir þeirra hins vegar á bakvið lás og slá á Litla-Hrauni og því fá áhorfendur nú að kynnast hvernig þeim gengur að aðlagast lífinu bakvið luktar dyr.

Páll fagnar því að nú skuli fangar fá sinn þátt því lögfræðingar, blaðamenn og rannsóknarlögreglumenn hafa allir notið sín í þáttum á borð við Réttur, Pressa og Svartir englar. „Ég og Ragnar leikstjóri höfum rætt heilmikið saman um fangelsi og fangelsismál og þeir hafa lagt út í mikla rannsóknarvinnu fyrir þessa þætti.

Páll leggur höfuðáherslu á að menn virði eitt. „Að aðgát skal höfð í nærveru sálar og að menn hugsi vandlega út í hvar grínið lendir,“ segir Páll, sem kveðst þó ekki hafa miklar áhyggjur af því að þetta skolist eitthvað til. Fangelsismálastjórinn segir það þó ekki hafa borið á góma að hann leiki sjálfur lítið hlutverk í þáttunum. „Ég er ekki mikill leikari,“ segir Páll. „En ég væri samt alveg til í það.“ - fgg



**SÁTTUR** Lögfræðingar, blaðamenn og rannsóknarlögreglumenn hafa allir fengið sinn þátt. Nú er komið að föngum og forstjóri Fangelsismálastofnunar, Páll Winkel, er ánægður með það. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**EBERG** Nýjasta plata Ebergs, Antidote, kemur út hérlendis 3. apríl.

# Antidote út þriðja apríl

**Aðdáendur popparans Ebergs geta farið að brosa því nýja platan hans, Antidote, kemur út hérlendis þriðja apríl á vegum Cod Music. Útgáfutónleikar verða haldnir á Sódómu Reykjavík 23. apríl. Viðræður eru í gangi um að gefa plötuna út í Bretlandi, Frakklandi, Þýskalandi og Benelux-löndunum en ekkert hefur verið ákveðið í þeim efnum.**

**Platan kom út 11. febrúar hjá Rallye-merkinu í Japan og hefur fengið góðar viðtökur þar í landi. Sama fyrirtæki gaf út síðustu plötu Ebergs, Voff Voff, í fyrra og vildu þeir endilega vera fyrstir með nýja gripinn.**



**BARÁTTA** Breska raunveruleikasjónvarpsstjarnan Jade hefur leyft fjölmiðlum að fylgjast grannt með baráttu sinni við krabbamein, en hún á nú mjög skammt eftir ólifað.

# Jade Goody á stutt eftir

Breskir fjölmiðlar fylgjast nú grannt með hinni bresku Jade Goody, en hún hefur barist við krabbamein undanfarna mánuði og er aðeins sögð eiga örfáa daga eða klukkustundir ólifaðar.

Jade hefur á sama tíma reynt að tryggja fjárhagslega framtíð sona sinna tveggja með því að leyfa fjölmiðlum að fylgja sér hvert fótmál og skrifa dálka í slúðurtímarit. Hún giftist unnusta sínum, Jack Tweed, 22. febrúar og hefur notið ómælds stuðnings bresks almennings og stórstjörnur á borð við Michael Jackson hafa sent henni hughreystandi skilaboð.



# Leikmenn Skautafélags Reykjavíkur fækka fötum

**Íþróttafélögin leggja margvíslegt á sig til að safna saman smá aur. Skautafélag Reykjavíkur hefur gefið út dagatal sem vakið hefur verðskuldaða athygli. Enda leikmennirnir heldur fáklæddir.**

„Það væri alveg hægt að tengja þetta við efnahagsástandið, að við værum að fækka fötum til að skrapa einhverjum aur saman. En íþróttafélög eru svo sem alltaf í kreppu þannig að fjárhagsvandræði eru ekkert ný af nálinni í þeirra augum,“ segir Helgi Páll Þórisson, leikmaður og formaður Skautafélags Reykjavíkur, en leikmenn íshokkíliðsins ákváðu að fækka fötum fyrir dagatal sem nú er til sölu í Skautahöllinni í Laugardal. Dagatalið kostar litlar þúsund krónur en dagatalið hefur þegar vakið þó nokkra athygli. Hugmyndin er tæplega þriggja ára gömul en að sögn Helga var ákveðið að láta slag standa í desember. Helgi segir að hann hafi fengið alls konar viðbrögð við þessari óvenjulegu fjáröflunarleið. „Sumum finnst þetta alveg ótrúlega flott og kynþokkafullt, öðrum þykir þetta hreint út sagt ógeðslegt.“

Ljósmyndarinn sem tók myndirnar er Kristján Maack en hann á einmitt son í liðinu. Að sögn Helga fannst liðsmönnunum þó ekkert asnalegt að fækka fötum fyrir framan einn pabbann og renna sér hálfnaktir eftir svellinu í Laugardalnum. Myndirnar voru síðan valdar út frá fagurfræðilegu sjónarmiði, þær sem heppnuðust best voru valdar á dagatalið, hinar voru settar út í kuldann. „Svo eru sumir í liðinu sem eru frekar í yngri kantinum þannig að þetta lenti á okkur sem eldri erum að taka þetta á okkur,“ útskýrir Helgi sem er einn af aldursforsetum liðsins og er því einn af hinum beru íshokkíköppum.

freyrgigja@frettabladid.is



**MISJAFNAR SKOÐANIR** Að sögn Helga þykir sumum dagatalið bæði flott og kynþokkafullt, öðrum finnst það hreint út sagt ógeðslegt.



**EKKERT MÁL** Liðsmönnum Skautafélags Reykjavíkur fannst það ekki mikið tiltökumál að fækka fötum fyrir framan myndavélina að sögn Helga Páls, formanns félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA





SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| WATCHMEN | kl. 5D - 8D - 10:30D | 16 |
| WATCHMEN | kl. 5 - 8 | VIP |
| ELEGY | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 12 |
| GRAN TORINO | kl. 8 | 12 |
| SHOPAHOLIC | kl. 5:50 - 8 | L |
| DESPEREAUX m/ísl. tali | kl. 5:50 | L |
| FRIDAY THE 13TH | kl. 10:10 | 16 |
| CHIHUAHUA m/ísl. tali | kl. 5:50 | L |
| BENJAMIN BUTTON | kl. 8:30 | 7 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| WATCHMEN | kl. 6D - 9D | 16 |
| GRAN TORINO | kl. 5:30D - 8D - 10:30D | 12 |
| SHOPAHOLIC | kl. 6 - 8:10 | L |
| DEFIANCE | kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| BENJAMIN BUTTON | kl. 8:30 örfáar sýningar | 7 |
| HE´S JUST NOT THAT INTO YOU | kl. 8 | 12 |
| DEFIANCE | kl. 10:30 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| WATCHMEN | kl. 8 | 16 |
| GRAN TORINO | kl. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| WATCHMEN | kl. 8 | 16 |
| MARLEY AND ME | kl. 8 | L |
| GRAN TORINO | kl. 10:20 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| WATCHMEN D | kl. 5 - 8 - 10.30 | 16 |
| WATCHMEN LÚXUS D | kl. 5 - 8 | 16 |
| MARLEY AND ME | kl. 5.30 - 10.30 | L |
| THE INTERNATIONAL | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| ÆVINTÝRI DESPERAUX | kl. 3.40 | L |
| VILTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.30 - 8 | 12 |
| THE PINK PANTHER 2 | kl. 4 - 6 | L |
| SKÓGARSTRÍÐ 2 | kl. 3.45 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| THE INTERNATIONAL | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| HE´S JUST NOT THAT INTO YOU | kl. 6 - 9 | 12 |
| THE PINK PANTHER 2 | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| FANBOYS | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| LAST CHANCE HARVEY | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| MARLEY AND ME | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| ÆVINTÝRI DESPERAUX | kl. 6 | L |
| MILK | kl. 8 | 12 |
| THE WRESTLER | kl. 10.30 | 14 |
| THE READER | kl. 8 - 10.20 | 14 |
| VICKY CRISTINA BARCELONA | kl. 5.50 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| MARLEY AND ME | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| ÆVINTÝRI DESPERAUX | kl. 5.50 | L |
| VILTU VINNA MILLJARÐ | kl. 8 | 12 |
| FROST/NIXON | kl. 10.10 | 14 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ — LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




MIÐVIKUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR 500 KR Á ALLAR MYNDIR

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| WATCHMEN - POWER | kl. 7 og 10 | L |
| ÆVINTÝRI DESPEREAUX | kl. 6 - Ísl.tal | L |
| HE'S JUST NOT THAT INTO YOU | kl. 8 og 10.30 | 12 |
| VILLTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.45, 8 og 10.15 | 12 |

VERJUM OG SÆKJUM ÞANN RÉTT SEM VIÐ EIGUM

KOMDU Í MORGUNKAFFI Á STÓRHÖFÐANN

fimmtudaginn 19. mars

milli 9 og 11

*Ef þú ert atvinnuleitandi líttu þá við og spjallaðu við félagana.*

*Kannaðu hvað möguleikar eru í boði.*

*Hvaða tækifæri bjóðast í Rafiðnaðarskólanum, Mími og Opna háskólanum?*

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

VIÐ VINNUM FYRIR OKKAR FÉLAGA!

# ÓDÝRT Í HAGKAUP

EURO SHOPPER



| | |
|---|---|
| brokkolí blanda | 369 kr/pk |
| Jarðarber | 469 kr/pk |
| Mini gulrætur | 169 kr/pk |
| Maísstönglar | 169 kr/pk |
| Kartöflu bátar | 308 kr/pk |
| Kjúklingabringur | 1.415 kr/pk |
| Kakómalt | 307 kr/stk |
| Bakaðar baunir | 77 kr/stk |
| Sveppir í sneiðum | 159 krstk |
| Maískorn 3 stk. í pk. | 208 kr/pk |
| Steiktur laukur | 158 kr/pk |
| Ávaxtasafi | 158 kr/stk |
| Hrískökur | 108 kr/pk |
| Kex | 137 kr/pk |
| Morgunverðarkorn | 308 kr/pk |
| Sósur | 169 kr/pk |
| Túnfiskur í olíu/vatni | 149 kr/stk |
| Kattamatur | 99 kr/stk |
| Kartöfluflögur | 239 kr/pk |
| Marsipan | 409 kr/stk |
| Suðusúkkulaði | 69 kr/stk |
| Appelsínukex | 239 kr/pk |
| Súkkulaðibitakökur | 148 kr/pk |
| Súkkulaðikex | 149 kr/pk |
| Tortillaflögur | 279 kr/pk |
| Spaghetti | 205 kr/pk |
| Tagliatelle | 239 kr/pk |
| Saltstangir | 108 kr/pk |
| Hvítlauksbaguette | 149 kr/pk |
| Súkkulaðikremkex | 148 kr/pk |
| Dömubindi | 169 kr/pk |
| Eyrnapinnar | 89 kr/pk |
| Pastasósa | 208 kr/stk |
| Kaffifilter | 208 kr/pk |
| Strásæta | 269 kr/pk |
| Sykur | 169 kr/pk |
| Bleiur | 908 kr/pk |
| Blautklútar | 216 kr/pk |
| Uppþvottatöflur | 505 kr/pk |
| Hreingerningasvampar | 159 kr/pk |
| Eldhúsrúllur | 269 kr/pk |
| Bréfklútar | 208 kr/pk |

HAGKAUP

*Ein ferð betra verð*

## > Haukar í úrslitin

Haukar tryggðu sér í gær sæti í úrslitum úrslitakeppni Iceland Express deildar-kvenna eftir sigur á Hamar í Hveragerði í gær, 69-65. Hamar leiddi með fjórtán stiga mun í hálfleik en deildarmeistararnir létu til sín taka í síðari hálfleik og náðu yfirhöndinni þegar tæpar þrjár mínútur voru til leiksloka. Kristrún Sigurjónsdóttir skoraði 24 stig fyrir Hauka sem mæta KR í úrslitunum.



# sport

sport@frettabladid.is

GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON: LANDSLIÐSÞJÁLFARINN RAUNSÆR FYRIR LEIKINN Í SKOPJE Í DAG

## Við verðum að eiga toppleik til að eiga möguleika

Íslenska landsliðið í handknattleik á fyrir höndum erfitt verkefni í kvöld er liðið mætir sterku liði Makedóníu í Skopje. Leikurinn er liður í undankeppni EM 2010.

Íslenska liðið á harma að hefna gegn Makedónum í Skopje eftir að liðið var kjöldregið þar síðasta sumar með átta marka mun. Fyrir vikið komust strákarnir okkar ekki á HM í Króatíu. Því hefur Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari ekki gleymt.

„Við erum sko ekki búnir að gleyma þessum leik og eigum harma að hefna," sagði Guðmundur en hann mætir með talsvert veikara lið til leiks núna enda liðið án fjölda lykilmanna.

Nú síðast gengu þeir Logi Geirsson og Einar Hólmgeirsson úr skaftinu og svo var Sigurbergur Sveinsson að togna í baki til að bæta gráu ofan á svart.

„Við erum búnir að ganga í gegnum ýmislegt. Þessi meiðslahrina ætlar engan enda að taka. Við verðum samt að gera það besta úr þessu. Ég geri mér grein fyrir því að þetta verður mjög erfitt og við verðum að eiga toppleik til þess að eiga möguleika. Þetta er gott lið sem stóð sig vel á HM. Þeir eru náttúrlega sérstaklega erfiðir heim að sækja og það þekkjum við vel. Við ætlum að selja okkur dýrt," sagði Guðmundur sem leggur mikla áherslu á varnarleikinn.



„Vörnin verður að vera í lagi. Ég stilli líklega upp með 6/0-vörn í upphafi leiks og ég vonast til þess að við náum mörgum hraðaupphlaupum. Við munum reyna að keyra á þá og létta á sóknarleiknum hjá okkur. Við verðum að gera okkur grein fyrir okkar möguleikum og þeir liggja þarna meðal annars. Vörn og markvarsla verður samt að vera í lagi ef þetta á að ganga upp," sagði Guðmundur.

„Ástandið á Snorra er þokkalegt en hann er að spila sig í form þó svo hnéð sé að trufla hann. Guðjón Valur er kominn í ágætt form sem er ánægjulegt. Við erum samt raunsæir fyrir leikinn og munum gera allt sem við getum til þess að ná hagstæðum úrslitum," sagði Guðmundur.



BARÁTTA Robin van Persie og Nick Barmby berjast um boltann. GETTY IMAGES

Enska bikarkeppnin:

## Arsenal áfram

**FÓTBOLTI** Arsenal tryggði sér í gær sæti í undanúrslitum ensku bikarkeppninnar með 2-1 sigri á Hull í gærkvöldi. Liðið mætir Chelsea í undanúrslitunum.

Hull komst yfir snemma leiks með marki Nick Barmby en Arsenal skoraði tvívegis á síðustu sextán mínútum leiksins. Sigurmarkið skoraði William Gallas en það þótti umdeilt þar sem hann virtist rangstæður þegar hann skoraði markið. - esá

Undankeppni HM 2011:

## Aftur Frakkar

**FÓTBOLTI Í gær var dregið í undankeppni HM í knattspyrnu kvenna sem fer fram í Þýskalandi 2011. Ísland lenti í riðli með Frakklandi, Serbíu, Norður-Írlandi, Króatíu og Eistlandi. Ísland var einnig með Frakklandi í riðli í undankeppni EM 2009 og liðin verða einnig í sama riðli í úrslitakeppninni í Finnlandi í sumar.** - esá

# Slæmur fyrri hálfleikur felldi Njarðvík

**Keflvíkingar komust í gær í undanúrslit Iceland Express-deildar karla með 104-92 sigri á grönnum sínum í Njarðvík í annarri viðureign liðanna í Ljónagryfjunni í Njarðvík. Keflavík mætir KR eða Grindavík næst.**

**KÖRFUBOLTI** Arfaslakur fyrri hálfleikur var Njarðvíkingum dýr í gær þegar þeir máttu bíta í það súra epli að falla úr úrslitakeppninni gegn erkifjendum sínum úr Keflavík, 2-0. Keflavík vann leikinn með tólf stiga mun, 104-92. Skotsýning heimamanna í síðari hálfleik dugði ekki og Njarðvíkingar komnir í sumarfrí snemma.

„Ætli þetta hafi ekki verið kvennalið Njarðvíkur, svona með fullri virðingu fyrir þeim," sagði Magnús Gunnarsson þegar Fréttablaðið spurði hann út í fyrri hálfleikinn hjá Njarðvíkingum í gær. „Menn vinna ekki leik ef þeir spila svona í tuttugu mínútur og það er ömurlegt bæði fyrir mig og Njarðvíkinga að falla úr leik fyrir Keflavík," bætti Magnús við svekktur, en hann lék áður með Keflavík.

Njarðvíkingar voru með bakið uppi að vegg fyrir leikinn og þurftu nauðsynlega á sigri að halda eftir tap í fyrsta leiknum. Heimamenn mættu hins vegar ískaldir til leiks og fyrri hálfleikurinn var eign Keflavíkurliðsins frá a til ö. Sigurður Þorsteinsson og Jesse Rosa fóru mikinn í liði Keflavíkur og staðan var 58-34 í hálfleik.

Varnarleikur Njarðvíkurliðsins var slakur í fyrri hálfleik og sóknarleikurinn virkaði á löngum köflum vandræðalegur. Það var því eins og allt annað lið mætti til leiks í þeim síðari. Þeir Magnús Gunnarsson, Heath Sitton og Logi Gunnarsson settu á svið skotsýningu og þar náðu heimamenn að minnka muninn í sex stig þegar skammt var eftir, en Jesse Rosa var frábær í liði Keflavíkur og framlag hans í sókninni reyndist liðinu ómetanlegt. Keflvíkingar lönduðu verðskulduðum sigri 104-92 og verða að teljast til alls líklegir með svona spilamennsku. Sigurður Ingimundarson, þjálfari Keflavíkur, tekur undir það.

„Þetta var frábær körfuboltaleikur. Við vorum góðir í fyrri hálfleik en slakir í þeim síðari þegar þeir duttu í þetta svakalega stuð. Magnús (Gunnarsson) var farinn að setja skotin niður utan af Sunnubrautinni og því má kannski segja að við höfum verið dálítið heppnir að sleppa héðan með sigur. Þessi leikur gefur góð fyrirheit fyrir úrslitakeppnina og við getum spilað betur en þetta," sagði Sigurður. baldur@365.is



GÓÐ VIÐBÓT Bandaríkjamaðurinn Jesse Pelot-Rosa hefur verið lykilmaður í liði Keflavíkur í einvíginu gegn Njarðvík. Hann fór á kostum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN BJÖRN






20 STIGA MAÐUR Jakob Sigurðarson var stigahæstur KR-inga í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

KR í undanúrslitin eftir sigur á Breiðabliki:

## Blikar lítil fyrirhöfn

**KÖRFUBOLTI** KR er komið í undanúrslit úrslitakeppni Iceland Express-deildar karla eftir sigur á Breiðabliki í gærkvöldi, 102-75, og þar með 2-0 í einvígi liðanna í fjórðungsúrslitum.

Blikar hófu leikinn af miklum krafti og settu niður fimm þrista á fyrstu mínútunum. Það dugði þeim til að ná átta stiga forystu að loknum fyrsta leikhluta, 30-22.

En KR skellti þá í lás og Blikar skoruðu ekki nema fimm stig í öllum öðrum leikhluta á meðan að KR skoraði 31. Þar með var ljóst í hvað stefndi og sigur KR aldrei í hættu í síðari hálfleik.

„Við förum inn í sumarfríið á þessum fyrsta leikhluta," sagði Einar Árni Jóhannsson, þjálfari Breiðabliks, eftir leik. „En það var ljóst að við vorum að spila við langbesta lið landsins hér í kvöld og ég er stoltur af þessum strákum. Við erum nýliðar og með litla reynslu í þokkabót. Þar að auki vorum við án þriggja lykilmanna í kvöld."

Hann sagðist því ánægður með tímabilið í heild sinni. „Miðað við tjónið á mannskapnum get ég ekki kvartað. Við vorum nánast aldrei með fullmannað lið."

Fannar Ólafsson sagði lið Breiðabliks ungt og efnilegt en ljóst að leikmenn hafi mætt ofjörlum sínum að þessu sinni. „Þeir mættu betur undirbúnir til leiks en við og við vorum værukærir í byrjun. En við vissum að um leið og við myndum „kveikja á" okkar leik myndum við klára þetta – ég verð að vera alveg hreinskilinn með það." - esá

## ÚRSLIT

### Iceland Express deild karla:

**Njarðvík - Keflavík 92-104**

Stig Njarðvíkur: Logi Gunnarsson 25, Heath Sitton 24, Magnús Gunnarsson 22, Friðrik Stefánsson 7, Hjörtur Einarsson 5, Grétar Garðarsson 4, Sævar Sævarsson 3, Fuad Memcic 2.

Stig Keflavíkur: Jesse Rosa 44, Sigurður Þorsteinsson 20, Gunnar Einarsson 14, Hörður Axel Vilhjálmsson 12, Sverrir Sverrisson 8, Jón Hafsteinsson 5, Elvar Sigurjónsson 1.

**Breiðablik - KR 75-102**

Stig Breiðabliks: Nemanja Sovic 34, Emil Jóhannsson 11, Rúnar Erlingsson 10, Kristján Sigurðsson 8, Hraunar Guðmundsson 7, Hjalti Vilhjálmsson 3, Ágúst Orrason 2.

Stig KR: Jakob Sigurðarson 20, Fannar Ólafss. 14, Jón A. Stefánsson 13, Pálmi Sigurgeirss. 10, Helgi Magnússon 10, Darri Hilmarsson 9, Skarphéðinn Ingason 8, Jason Dourisseau 8, Brynjar Björnsson 5, Ólafur Ægisson 3, Baldur Ólafsson 2.

### Iceland Express-deild kvk:

**Hamar - Haukar 65-59**

Stig Hamars: Íris Ásgeirsd. 17, L. Barkus 15, J. Demirer 12, Jóhanna Sveinsd. 6, Fanney Guðmundsd. 6, Dúfa Ásbjörnsd. 6, Sóley Guðgeirsd. 3.

Stig Hauka: Kristrún Sigurjónsd. 24, M. Knight 13, Telma Fjalarsd. 12, Ragna Brynjarsd. 9, Sara Pálmad. 4, S. Dimovska 4, Helena Hólm 2, Kristín Reynisd. 1.

### Enska bikarkeppnin

**Arsenal - Hull 2-1**

0-1 Nick Barmby (13.), 1-1 Robin van Persie (74.), 2-1 William Gallas (84.)

### Enska B-deildin

**Doncaster - Reading 0-1**

Brynjar Björn Gunnarsson lék allan leikinn fyrir R.

**Ipswich - Burnley 1-1**

Jóhannes Guðjónsson kom inn sem varamaður.

**QPR - Swansea 1-0**

Heiðar Helguson kom inn sem varamaður (QPR)

80 + 470

1. vinningur

ÍSLENSKI BÓNUS VINNINGURINN 12 MILLJÓNIR

# 550 MILLJÓNIR

## Vertu langfremstur meðal jafningja

Potturinn í Víkingalottóinu stefnir í 80 milljónir, Ofurpotturinn stefnir í 470 milljónir og íslenski bónuspotturinn stefnir í 12 milljónir.

**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða á næsta sölustað eða á lotto.is**

Fáðu þér miða fyrir kl. 17 í dag eða taktu séns á að missa af þessu!

VÍKINGA LOTTÓ

Alltaf á miðvikudögum!

ENNEMM / SIA / NM37232

> **Anjelica Huston**

„Einu sinni þoldi ég ekki hvað nefið á mér er ljótt en með aldrinum lærum við að meta betur hvað það er gott að allir séu ekki eins og Ken og Barbie.“
Huston leikur hina skuggalegu húsfreyju Morticiu Addams í kvikmyndinni The Addams Family sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.



# dagskr

**VIÐ TÆKIÐ** PÁLL BALDVIN BALDVINSSON UM STJÓRNLAGAÞING

## *Umræðan heldur áfram um stjórnarskrána*

Þeir Ævar Kjartansson og Ágúst Þór Árnason eru að setja saman röð samtalsþátta um stjórnarskrá og stjórnlagaþing og sendu þeir fyrsta samtalið út á sunnudagsmorgun og var þátturinn endurfluttur á mánudagskvöld. Þar ræddu þeir við Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmann.

Stjórnlagaþingshugmyndin er gömul orðin og hefur nú lifnað við eftir að Jóhanna Sigurðardóttir setti málið aftur á dagskrá í kjölfar búsáhaldabyltingarinnar.

Þingið hefur reynst algerlega ófært um að ráðast í þá endurskoðun á stjórnarskrá sem rædd var þegar eftir lýðveldisstofnun 1944 og ráða þar mestu þeir hagsmunir sem þingmenn verða að gæta fyrir sig sjálfa, flokkinn sinn og kjördæmin.

Engum dylst þó að löngu er tímabært að taka stjórnarskrána í gegn. Úrtölumenn í þingliðinu hafa borið við kostnaði, sem er álíka gáfulegt og það að kvarta reglulega yfir kostnaði við rekstur Alþingis. Seint sæist Birgir Ármannsson halda langar ræður um þann yfirgengilega kostnaði í þinginu. Alþingi skuldar þjóðinni stjórnlagaþing og höfuðstóll skuldarinnar nemur einu slíku. Án dráttarvaxta.



Þættir þeirra félaganna eru því brýn viðbót við umræðuna sem er hafin og tillegg Ragnars var gaman að heyra. Hann færði rök fyrir ýmsum þáttum sem vantaði inn í stjórnarskrá lýðveldisins, þetta 160 ára gamla plagg sem hún er í grunninn. Ef menn vilja tryggja sjálfstæði Seðlabankans því þá ekki að setja þar um grein í stjórnarskrá. Er ekki kominn tími til að ganga í eitt skipti fyrir öll frá skipan Hæstaréttar, grundvelli og skipulagi á launum þingmanna. Af nógu er að taka.

Þegar er tekið á sterkri andstöðu við þeirri hugmynd að stjórnalagaþing verði sett. Því er brýn þörf á beittri samræðu sem þessari og þá helst á tíma sem hún nær flestra eyrum.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **19.30** F1. Frumsýning STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.10** Top Chef SKJÁREINN



▶ **21.15** Kiljan SJÓNVARPIÐ



▶ **21.15** The Sopranos STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.30** Oprah STÖÐ 2

### SJÓNVARPIÐ

**15.50 Sjónleikur í átta þáttum** (e)

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Púkka** (1:26)

**17.55 Gurra grís** (80:104)

**18.00 Disneystundin** Stjáni, Sígildar teiknimyndir og Nýi skóli keisarans.

**18.54 Víkingalottó**

**19.00 Fréttir**

**19.15 Veður**

**19.20 Landsleikur í handbolta** (Makedónía - Ísland) Bein útsending frá leik karlaliða Makedóníu og Íslands í undankeppni Evrópumótsins 2010.

**20.45 Gaza - Út úr rústunum** (Panorama: Gaza - Out Of The Ruins) Fréttaskýringarþáttur frá BBC um ástandið á Gazasvæðinu. Fréttamaðurinn Jeremy Bowen fer um Gaza, sýnir afleiðingar 22 daga árásahrinu Ísraelsmanna og veltir fyrir sér hvort árásirnar hafi veikt Hamas-hreyfinguna eða sáð nýjum fræjum ofbeldis og blóðsúthellinga.

▶**21.15 Kiljan** Bókmenntaþáttur í umsjón Egils Helgasonar. Kolbrún Bergþórsdóttir og Páll Baldvin Baldvinsson eru álitsgjafar þáttarins.

**22.00 Tíufréttir**

**22.20 Sýningar** (Forestillinger: Jens) (5:6) Danskur myndaflokkur eftir Per Fly. Leikstjórinn Marko er að setja upp gamanleikrit eftir Shakespeare og það gengur á ýmsu dagana fyrir frumsýningu. Aðalhlutverk: Mads Wille, Sonja Richter, Sara Hjort Ditlevsen og Pernilla August.

**23.20 Dagskrárlok**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 School for Scoundrels**

**10.00 Who Framed Roger Rabbit**

**12.00 Revenge of the Nerds**

**14.00 School for Scoundrels**

**16.00 Who Framed Roger Rabbit**

**18.00 Revenge of the Nerds**

**20.00 The Addams Family** Gamanmynd um hina skuggalegu Addams-fjölskyldu sem býr á draugalegu setri og heldur sig út af fyrir sig.

**22.00 Puff,Puff, Pass**

**00.00 Trauma**

**02.00 Nine Lives**

**04.00 Puff,Puff, Pass**

**06.00 14 Hours**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Litla risaeðlan, Doddi litli og Eyrnastór, Könnuðurinn Dóra og Stóra teiknimyndastundin.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 La Fea Más Bella** (275:300)

**10.15 Sisters** (8:28)

**11.05 Ghost Whisperer** (55:62)

**11.50 Numbers** (8:24)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Hollyoaks** (148:260)

**13.25 E.R.** (4:22)

**14.10 Las Vegas** (17:19)

**14.55 The O.C.** (14:27)

**15.40 BeyBlade**

**16.03 Leðurblökumaðurinn**

**16.23 Ruff's Patch**

**16.33 Íkornastrákurinn**

**16.58 Gulla og grænjaxlarnir**

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (17:24)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.24 Veður**

**19.35 The Simpsons** (5:21) Lísa gengur til liðs við vafasama klíku vegna tilrauna sinna til að bjarga elsta tré Springfield-borgar.

**20.00 Gossip Girl** (7:25) Þættir byggðir á samnefndum metsölubókum sem fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.

**20.45 Grey's Anatomy** (16:24)

▶**21.30 Oprah** Vandaður spjallþáttur með Opruh Winfrey. Farið verður yfir þau vandamál sem koma upp innan veggja svefnherbegisins. Hún fær til sín ýmsa kynlífssérfræðinga og leitar svara.

**22.15 Weeds** (10:15)

**22.40 Sex and the City** (11:12)

**23.05 The Mentalist** (5:23)

**23.50 E.R.** (4:22)

**00.35 Bride & Prejudice**

**02.25 The Princess Blade**

**04.00 Gossip Girl** (7:25)

**04.45 Grey's Anatomy** (16:24)

**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT *besta sætið*

**07.00 Njarðvík - Keflavík** Útsending frá leik í Iceland Express deildinni í körfubolta.

**17.30 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi.

**18.00 Njarðvík - Keflavík** Útsending frá leik í Iceland Express deildinni í körfubolta.

▶**19.30 F1. Frumsýning** Formúla 1 hefst á nýjan leik en í þessum þætti verður farið yfir allt það helsta sem snýr að Formúlu 1 kappakstrinum.

**20.10 Meistaradeild Evrópu** Útsending frá leik í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu.

**21.50 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk** Allir leikirnir, öll mörkin og öll umdeildustu atvikin skoðuð.

**22.20 NBA tilþrif** Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþrif vikunnar í NBA körfuboltanum.

**22.45 Spænsku mörkin** Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar.

**23.15 Arsenal - Hull** Útsending frá leik Arsenal og Hull í ensku bikarkeppninni.

### SPORT 2 *enski boltinn*

**16.50 Everton - Stoke** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**18.30 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**19.00 Coca Cola mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.

**19.30 Ensku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.

**20.25 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum. Allir leikirnir, öll mörkin og umdeildustu atvikin á einum stað.

**21.35 Leikur vikunnar**

**23.15 Man. Utd. - Liverpool** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

### SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**07.30 Káta maskínan** (7:12) (e)

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Óstöðvandi tónlist**

**12.00 Káta maskínan** (7:12) (e)

**12.30 Óstöðvandi tónlist**

**17.35 Vörutorg**

**18.35 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**19.20 Nýtt útlit** (1:10) Hárgreiðslu- og förðunarmeistarinn Karl Berndsen veitir venjulegu fólki nýtt útlit, allt frá förðun til fata. (e)

▶**20.10 Top Chef** (2:13) Núna er austurlenskt þema í þættinum og í snöggu þrautinni þurfa kokkarnir að heilla dómarana með sushi en stóra verkefnið er að matreiða fyrir góðgerðarsamkomu. Kokkunum er skipt í tvö lið. Annað á að sækja innblástur til Kóreu en hitt til Víetnam.

**21.00 Britain's Next Top Model** (10:10) Bresk raunveruleikasería þar sem leitað er að efnilegum fyrirsætum. Kynnir þáttanna og yfirdómari er breska fyrirsætan Lisa Snowdon.

**21.50 90210** (11:24) Bandarísk unglingasería sem slegið hefur í gegn í Bandaríkjunum. Annie og Naomi semja vonpahlé eftir að hálfbróðir þeirra mætir á staðinn. Harry og Debbie bjóða Sean inn á heimili sitt.

**22.40 Jay Leno** Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.30 Law & Order** (23:24) (e)

**00.20 Vörutorg**

**01.20 Óstöðvandi tónlist**

### ÍNN

**20.00 Lífsblómið** Í umsjón Steinunnar Önnu Gunnlaugsdóttur. Rætt er um svæðameðferð.

**21.00 Blátt áfram** Þáttur í umsjón Sigríðar Ingu Björnsdóttur.

**21.30 Frumkvöðlar** Þáttur um uppfinningar og framsýni í umsjón Elinóru Ingu Sigurðardóttur. Rætt um íslenskan hverfil, sjávarorku og uppeldisaðferðir.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.45
### Greys's Anatomy

Fimmta sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi. Meredith og Derek komast að því að það að viðhalda hinu fullkomna sambandi er mun erfiðara en þau áttu von á. Christina kemst loks að því að það eru fleiri menn til en Burke og sjúkrahúsið Seattle Grace þarf laglega yfirhalningu til að geta kallast einn virtasti háskólaspítali landsins.



### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Ísland - Makedónía, beint
### Sjónvarpið kl. 19.20

Sjónvarpið sýnir beint frá leik Íslendinga og Makedóníumanna í Skopje í undankeppni Evrópumótsins í handbolta. Bæði liðin eru með 3 stig eftir tvo leiki. Liðin hafa leikið sjö sinnum áður, fimm sinnum hafa Íslendingar sigrað og Makedóníumenn tvisvar. Á sunnudag leikur íslenska liðið við Eista hér heima í undankeppni Evrópumótsins 2010.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.03** Auðlindin
**07.10** Morgunvaktin
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Sögur úr Síðunni
**15.30** Seiður og hélog
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Pipar og salt
**21.10** Út um græna grundu
**22.12** Lestur Passíusálma
**22.19** Bak við stjörnurnar
**23.10** Krossgötur
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (147:260)
**16.30 Hollyoaks** (148:260)
**17.00 Seinfeld** (21:24)
**17.30 X-Files** (3:24)
**18.15 The Sopranos**
**19.00 Hollyoaks** (147:260)
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Seinfeld** (21:24) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk.
**20.30 X-Files** (3:24) Fox Mulder trúir á meðan Dana Scully efast er þau rannsaka yfirnáttúruleg mál innan FBI. Leynileg öfl reyna að hindra leit þeirra að sannleikanum.
▶**21.15 The Sopranos** Þættir þar sem fylgst er með fjölskyldumanninum og mafíuforingjanum Tony Soprano í daglegu lífi.
**22.00 Little Britain USA** (2:6) Fyndnasta tvíeyki Bretlands, Matt Lucas og David Walliams, er mætt aftur og að þessu sinni ætla þeir að grínast í Bandaríkjunum.
**22.30 Bones** (2:26) Við fylgjust með Dr. Temperance „Bones" Brennan, réttarmeinafræðingi sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum. Brennan og rannsóknarlögreglumaðurinn Booth vinna vel saman en spennan milli þeirra hefur verið að magnast allt frá upphaf þáttanna.
**23.15 Ashes to Ashes** (1:8)
**00.00 Auddi og Sveppi**
**00.30 Sjáðu**
**01.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.05** EastEnders **10.35** My Hero **11.05** Jonathan Creek **11.55** Dalziel and Pascoe **12.45** My Hero **13.15** The Weakest Link **14.00** EastEnders **14.30** My Hero **15.00** Blackadder II **15.30** The Weakest Link **16.15** Jonathan Creek **17.05** Dalziel and Pascoe **18.25** The Weakest Link **19.10** My Hero **19.40** Blackadder the Third **20.10** The Inspector Lynley Mysteries **21.00** The Chase **21.50** Blackadder the Third **22.20** My Hero **22.50** The Chase **23.40** Jonathan Creek **00.30** Dalziel and Pascoe

## DR 1

**10.00** På arbejde med hunden **10.30** Dyrehospitalet **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Kontant **11.35** OBS **11.40** Aftenshowet **12.10** Aftenshowet 2. del **12.40** Det lille hus på prærien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **14.30** X Factor **15.30** X Factor Afgørelsen **15.50** Svampebob Firkant **16.15** Isa's Stepz **16.30** Skæg med tal **16.55** Gurli Gris **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Hvad er det værd? **19.00** Diagnose søges **19.30** Før Blekingegade **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Taggart **22.20** OBS **22.25** Onsdags Lotto **22.30** Når mor og far drikker **23.00** Boogie Mix

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.05** Grønn glede **10.30** Landgang **11.00** NRK nyheter **11.10** Brennpunkt **12.00** NRK nyheter **12.05** Berlin, Berlin **12.30** Viten om **13.00** NRK nyheter **13.05** Norge rundt **13.30** I sørhellinga **14.00** NRK nyheter **14.10** Himmelblå. Den ekte Ylvingen **14.40** V-cup langrenn **16.30** Oddasat - nyheter på samisk **16.45** Billedbrev fra Europa **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Lille Prinsesse **17.10** Ugler i mosen **17.30** Yoko! Jakamoko! Toto! **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Forbrukerinspektørene **18.55** 330 skvadronen **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** Vikinglotto **20.45** Sporløst forsvunnet **21.30** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket **22.45** Lov og orden. New York **23.25** The Wire **00.20** Kulturnytt **00.30**

## SVT 1

**10.10** UR-val - svenska som andraspråk **10.20** I love språk - samtal **11.00** Rapport **11.05** Direktörens dilemma **11.35** Ett hjärta i Jenin **12.35** Plus **13.10** Flottan dansar **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Skidor **16.50** Anslagstavlan **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Sommer **21.00** Entourage **21.30** The Sarah Silverman Program **21.55** Kulturnyheterna **22.10** 183 dagar **23.10** Mästarnas mästare **00.10** Sändningar från SVT24




## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Sægreifinn býður upp á besta bitann í bænum. Ég veit ekki um neitt betra en að setjast niður á tunnu og panta ölgandi grillaðan skötusel og humarsúpuna frægu. Kjartan sægreifi lofar hamingju í hverri skeið og það er loforð sem hefur aldrei verið brotið.“*

Atli Fannar Bjarkason blaðamaður.

# Karlar sem hata konur til Íslands

„Ég náði loksins sambandi við þessa aðila í gærmorgun og nú er bara verið að ræða málin,“ segir Ísleifur B. Þórhallsson, framkvæmdastjóri Græna ljóssins sem hefur lengi reynt að ná sambandi við framleiðendur Stieg Larson-myndarinnar Karlar sem hata konur, eða í þrjá mánuði. Myndin var ekki á dagskrá kvikmyndahúsanna sem kom mörgum spánskt fyrir sjónir enda hefur þessi glæpasaga Larsons slegið í gegn hér á landi og selst í bílförmum.

Á vef imdb.com kemur fram að myndin verði sýnd í Belgíu, Frakklandi og Hollandi í ágúst en hvergi er minnst á Ísland eins og venja er á vefsíðunni. „Við gerum okkur alveg fyllilega grein fyrir vinsældum bókarinnar og stefnum að því að frumsýna myndina einhvern tímann í sumar ef samningar ganga,“ útskýrir Jón Gunnar Geirdal, markaðsstjóri Senu. Ekki hefur þó verið tekin ákvörðun um hvort það verði á vegum Græna ljóssins eða í almennum sýningum í kvikmyndahúsum Senu.

Karlar sem hata konur hefur farið sigurför um heiminn. Bókin er hluti af þríleik um blaðamanninn Mikael Blomkvist og Lisbeth Sandler sem Larson skildi eftir sig en hann lést langt fyrir aldur fram árið 2004, áður en bækurnar komu út. Myndinni er leikstýrt af Niels Arden Oplev sem hefur meðal annars leikstýrt þáttum í sjónvarpsþáttaröðunum Örninn og Rejseholdet en þær hafa báðar verið sýndar hér á landi. Hún hefur hlotið rífandi góða aðsókn á hinum Norðurlöndunum en í bígerð er sjónvarpsþáttaröð eftir hinum tveimur bókunum.




**VONAST TIL AÐ FÁ MYNDINA** Jón Gunnar Geirdal vonast til að geta sýnt Íslendingum kvikmyndina Karlar sem hata konur sem byggð er á bók Stieg Larsson og notið hefur mikilla vinsælda hér á landi.



**LÁRÉTT**
**2.** dylja, 6. í röð, 8. stórt ílát, 9. iðn, 11. verslun, 12. teygjudýr, 14. í vafa, 16. í röð, 17. í hálsi, 18. til viðbótar, 20. ung, 21. lengdareining.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hljóta arf, 3. eftir hádegi, 4. land í Suðvestur-Asíu, 5. sigað, 7. tengja, 10. útdeildi, 13. tjara, 15. greinilegur, 16. slegið gras, 19. númer.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. fela, 6. rs, 8. hít, 9. fag, 11. bt, 12. amaba, 14. efins, 16. hi, 17. kok, 18. enn, 20. ný, 21. yard.
**LÓÐRÉTT:** 1. erfa, 3. eh, 4. líbanon, 5. att, 7. sameina, 10. gaf, 13. bik, 15. skýr, 16. hey, 19. nr.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Eggert Benedikt Guðmundsson.
2. Forseti Súdans, Omar al-Bashir.
3. Saffran.






JÓHANNA GUÐRÚN: EUROVISION-MYNDBANDIÐ TEKIÐ Í LATABÆ

# Jóhanna Guðrún á námskeið um íslenska bankahrunið

„Við erum ekkert vinsælasta þjóðin í heimi um þessar mundir og Jóhanna Guðrún þarf vafalítið að svara fyrir land og þjóð á blaðamannafundum í Moskvu,“ segir María Björk Sverrisdóttir, umboðsmaður Jóhönnu og talsmaður Eurovisionhópsins. Jóhanna Guðrún verður send á sérstakt námskeið um efnahagshrunið á Íslandi. Þar verður hún frædd um allt sem snýr að efnahagshruninu og undirbúin undir erfiðar spurningar frá evrópskum blaðamönnum. María segir hins vegar ekki ákveðið hver muni sjá um námskeiðið fyrir Jóhönnu en það ætti að liggja fyrir á næstunni. „Þetta verður alls ekki skoðanamyndandi námskeið, henni verður gert kleift að koma vel fram fyrir hönd þjóðarinnar.“ Jóhönnu hefur verið boðið að koma fram á nokkrum stöðum í Evrópu og mun að öllum líkindum troða upp í Amsterdam. María segir þó erfitt að fjármagna allar ferðir enda vaxi peningar ekki á trjánum um þessar mundir.

Undirbúningur er nú í fullum gangi fyrir ferðina til höfuðborgar Rússlands þar sem úrslitin ráðast í maí. Jóhanna stígur á svið á þriðjudeginum og verður tólfta í röðinni. Til stendur að gera sérstakt myndband við lagið Is it true eftir Óskar Pál Sveinsson og hefur Baldvin Z verið ráðinn sem leikstjóri. Baldvin leikstýrði einnig myndbandinu fyrir Euroband-ið í fyrra. Hópurinn hefur fengið sérstakt leyfi hjá Magnúsi Scheving, Íþróttaálfinum í Latabæ, til að taka upp myndbandið í höfuðstöðvum fyrirtækisins í Garðabæ en upptökuverið er eitt það fullkomnasta hér á landi.

En í Efstaleitinu eru menn með niðurskurðarhnífinn á lofti og Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri RÚV, segir að reynt verði að draga úr kostnaði við ferð Sjónvarpsins til Moskvu. Þannig fari einungis fjórir starfsmenn út í stað sex eins og áður. Sigmar Guðmundsson verður kynnir eins og undanfarin ár og Þórhallur telur að mikið muni mæða á honum. „Þessi ferð á örugglega eftir að ganga frá honum.“ Sigmari sjálfum féllust þó ekki hendur, þetta væri alltaf mikið puð og púl enda þyrfti hann sjálfur að afla sér upplýsinga um bakgrunn allra keppenda. „Maður er ekkert eins og Sir Terry Wogan hjá BBC sem er með her manna í vinnu, mætir degi áður en keppnin hefst og fær svo skrifað handrit í hendurnar. Þetta er bara vinna frá tíu á morgnana til tólf á kvöldin.“ - fgg



**NÁMSKEIÐ Í BANKAHRUNI** Jóhanna Guðrún verður send á sérstakt námskeið um efnahagshrunið á Íslandi og hún undirbúin fyrir erfiðar spurningar frá evrópskum blaðamönnum.



**MIKIÐ PUÐ** Sigmar Guðmundsson verður kynnir í Mosvku og verður í vinnunni frá klukkan tíu á morgnana til tólf á kvöldin.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Andrés Jónsson** upplýsingafulltrúi tók þátt í samkvæmisleik sem helgarblað Fréttablaðsins efndi til en þar voru glöggir álitsgjafar fengnir til að skoða augu þjóðþekktra aðila. Um ókunnan eiganda einna augnanna hafði Andrés um þau að segja að þarna færi ábyrgur maður, réttsýnn sem séð hefur tímana tvenna, ef hann sér óréttlæti þá hrökklast menn frá við augnatillitið eitt. „Nei, nú sé ég hver þetta er. Þetta er framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins,“ sagði Andrés sem meðal annars hefur starfað fyrir Iceland Express. En þar er forstjóri Matthías Imsland sem lent hefur í stælum við eiganda augnanna sem er Eiríkur Jónsson, ritstjóri Séð og heyrt, og hefði sennilega viljað hafa fengið aðrar einkunnir um Eirík frá sínum manni.



Hljómsveitin ágæta Hermigervill tekur óvænt fram skóna á fimmtudagskvöld en þá leikur hún á dansleik MR-inga sem verður grímuball. MR-ingar eru annars að springa af stolti þessa dagana en sýning þeirra Meistarinn og Margaríta féll vel í kramið og þurfti að setja upp aukasýningar. Lokasýning er í kvöld en í leikhópnum eru krakkar sem eiga þekkta foreldra úr leikhúsinu svo sem Felix Bergsson, **Hilmar Jónsson** og Sóleyju Elíasdóttur, Skúla Gautason og Halldóru Geirharðsdóttur auk þess sem sonur Jóhanns Sigurjónssonar í Hafró er að gera góða hluti.



Þeir hjá bókaforlaginu Bjarti fylgjast sér til mikillar ánægju með velgengni **Jóns Kalmans** í Svíþjóð. Sumarljós, og svo kemur nóttin, eða Sommerljus och sen kommer natten, kom þar út fyrir skemmstu og hlaut glimrandi móttökur gagnrýnenda. Ekki er sjálfgefið að lofsamlegir dómar og góð bóksala haldist hönd í hönd en svo er í þessu tilfelli. Á adibris.com, sem er eins konar amazon. com þeirra Svía, er bók Jóns sjöunda mest selda bókin og þykir það býsna gott í þeim geiranum. - jbg







Ertu að byggja eða breyta?
Vantar þig trausta aðila til að koma upp milliveggjum úr gifsi, láta flota eða flísaleggja.

Flotgólf ehf. býr yfir vel þjálfuðum starfsmönnum, besta fáanlega búnaði til múrframkvæmda og rekstraraðilar þess eru frumkvöðlar í vélvæðingu í múrverki. Verslaðu við fagmenn - það margborgar sig!

Flotgólf ehf. - Miðhrauni 13 - 210 Garðabæ - Sími 555 6888 -flotgolf@flotgolf.is - www.flotgolf.is

Auglýsingasími 512 50 50

– Mest lesið


# Valdís klippir næstu mynd Vinterbergs

„Við erum hérna, ég og Andri Steinn klippari, og erum að klippa mynd sem Thomas Vinterberg er að gera og heitir Submarino,“ segir Valdís Óskarsdóttir kvikmyndagerðarmaður.

Valdís er einhver virtasti klippari í heimi kvikmyndanna, margverðlaunuð og eftirsótt eftir því. Hún hefur klippt fjölda kvikmynda jafnt íslenskar sem erlendar svo sem Mogol, Dansinn, Finding Forrester, Hafið og Eternal Sunshine of the Spotless Mind sem hún hlaut Bafta-verðlaunin fyrir. Valdís er nú stödd úti í Danmörku þar sem hún klippir næstu mynd Vinterbergs en hann leikstýrði meðal annars Festen sem svo Valdís klippti. Hún segir aðspurð myndina ekkert hafa með kafbáta að gera þrátt fyrir nafnið. „Submarino fjallar um tvo bræður sem alast upp í svolítið nöturlegu umhverfi. Þegar þeir eru í kringum tíu ára skiljast leiðir og sagan er svo pikkuð upp aftur þegar þeir eru orðnir fullorðnir. Hafa þá ekkert talað saman en svo skerast leiðir þeirra,“ segir Valdís og lýsir því um hvað myndin er.

Submarino er gerð eftir skáldsögu eftir Jonas T. Bengtsson en með helstu hlutverk fara Jakob Cedergren og Peter Plaugborg. - jbg



**VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR** Klippir mynd sem fjallar um tvo bræður sem hittast eftir langan aðskilnað.




# Essin þrjú

Staðgreiðslukortið, Skeljungur og bros!

**Sæktu um Staðgreiðslukortið fyrir 1. júní og fáðu betri kjör til áramóta!**




**Afsláttur**

- 7 kr. af eldsneytislítranum við fyrstu áfyllingu
- 4 kr. afsláttur strax við dæluna
- Skeljungspunktar, Vildarpunktar eða Góðir Punktar, þú velur
- 15% af smurþjónustu, smurolíum, frostlegi og rúðuvökva

**Þægindi**

- Snertilaust kort – þú leggur kortið bara upp að nemanum
- Ekkert PIN númer

**Þjónusta**

- Nýr og betri þjónustuvefur – fylgstu með eldsneytiskaupum þínum

**Sæktu um á skeljungur.is og byrjaðu strax að spara!**

ENNEMM / SÍA / NM37116
Vörumerki Shell eru notuð af Skeljungi með leyfi Shell Brands International AG.

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**

LYFJA
- Lífið heil
www.lyfja.is
Opið 07 til 02
Lyfja Lágmúla



**BAKÞANKAR**
*Jóns Sigurðar Eyjólfssonar*

## *Lygasaga um lýðræði*

Þegar ég var ungur drengur vestur á fjörðum fannst mér ég eiga ráð undir rifi hverju þegar lífið sneri verri hliðinni að mér. Ég brást oft hinn versti við þegar óréttlætið varð á vegi mínum og ef svo bar undir fór ég í rógsferð mikla gegn þeim sem sýndu mér óréttlæti. Það bar ekki nógu skjótfengan árangur svo ég brá einnig á það ráð að svara líku með líku og svindlaði eins og ég frekast gat á svindlurunum. Knattspyrnuleikir gátu orðið afar skoplegir þegar þannig bar við þar sem hendur urðu að fótum og mörkin, sem voru samansett af tveimur steinum, stækkuðu og minnkuðu eftir því hver átti í hlut.

**ÞAÐ** versta var að þegar ég ætlaði svo að fara að gera hlutina upp við svindlarana og bera upp á þá svindlið þá var ég náttúrlega löngu orðinn sekur um hið sama. Jafnvel eitthvað verra því það er erfitt að hætta svindlinu þegar byrjað er á því. Oftast fóru nú þessi leikir vel fram enda ekki oft sem óréttlætið rataði í leik okkar barna á Slökkviliðstúninu. Enda voru aðstæður nógu erfiðar við að eiga svo það var ekki á það bætandi að þurfa að glíma við óréttlætið líka.

**EN** svona getur þessi heilaga reiði ruglað réttlætiskennd manna en þetta kom ekki fyrir mig á fullorðinsárum fyrr en mér þótti lýðræðið eiga undir höggi að sækja. Þá stofnaði ég flokk og sendi frá mér fréttatilkynningu:
„Ég krefst þess, sem formaður Flokks lýðræðissinna Íslands, að ég fái tafarlaust að fara í Kastljósið að kynna málefni flokksins. Einnig krefst ég þess að Þóra Tómasdóttir verði ekki viðstödd útsendinguna svo að karlmenn taki einnig eftir því sem ég hef að segja. Ég mun líka nýta ferðina upp í Efstaleiti til að segja Páli Magnússyni útvarpsstjóra upp störfum þar sem hann hefur í engu hlýtt fyrirmælum mínum og tilmælum undanfarin misseri.

**ÉG** tilkynni hér með að Sigurður Marías Sigurðsson hefur verið valinn í annað sæti flokksins í Norðvesturkjördæmi. Ég, sem efsti maður á lista, hef tekið ákvörðun um þetta erfiða mál. Hann verður nú, gjör oss svo vel, að hafa uppi í hvívetna kjörorð flokksins „Lýðræði öllu ofar“.“

**ÞEGAR** ég hafði sent fréttatilkynninguna frá mér kom yfir mig sama tilfinningin og þegar ég skoraði með hendinni.

**GÓÐAN DAG!**
**Í dag er miðvikudagurinn 18. mars, 77. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.35 | 13.36 | 19.38 |
| Akureyri | 7.20 | 13.21 | 19.23 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 08-2254

„Veita persónulega ráðgjöf.“
Kona, 39 ára.

Getum við aðstoðað?
Í dag, miðvikudag, sitja ráðgjafar okkar lengur við símann.

Ráðgjafar Eignastýringar, Almenna lífeyrissjóðsins og Fjármögnunar svara spurningum ásamt ráðgjöfum Íslandsbanka.

Hringdu í okkur á milli kl. 17 og 21 í síma 440 4000.

Á islandsbanki.is getur þú einnig pantað fjármálaviðtal þar sem við bjóðum þér að setjast niður með okkur og fara ítarlega yfir stöðuna.

Íslandsbanki


Frá því í nóvember höfum við kallað eftir skoðunum viðskiptavina í útibúum og á heimasíðu okkar um það hvernig þeir vilji að nýr banki starfi. Við notum þessar ábendingar til að móta nýjan banka.